

**SKOÐUN** Teitur Guðmundsson segir uppfinningar geta verið hættulegar fyrir heilsuna. 17



**MENNING** Endurgerð kvikmyndarinnar Á annan veg hlýtur góðar viðtökur á Sundance-hátíðinni. 34



**SPORT** Vignir Svavarsson var besti leikmaður Íslands á HM í handbolta að mati Fréttablaðsins. 30







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Þriðjudagur**
22. janúar 2013
18. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



### Frökkum fagnað

Franski herinn er kominn til Diabaly í Malí eftir að hafa hrakið íslamista úr bænum. Frakkar vilja að herlið frá Afríkuríkjunum taki við keflinu á næstu vikum. 10

**Sækýr yfir Ermarsund** Sex íslenskar konur hyggjast synda boðsund yfir Ermarsund og til baka næsta sumar. 2

**Gefa merk landabréf** Þýsk hjón ætla að gefa Akureyrarbæ safn handmálaðra landabréfa af Íslandi. Hjónin segjast ástfangin af Akureyri og því vilji þau að kortasafnið endi þar. 8

**Umhverfið njóti vafans** Utanríkisráðherrar Noregs og Svíþjóðar segja umhverfisvernd alltaf verða í forgrunni þegar ákvarðanir verða teknar á norðurslóðum. 12




16

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 1° | A | 5 |
| Akureyri | 0° | SA | 5 |
| Egilsstaðir | 1° | SA | 3 |
| Kirkjubæjarkl. | 2° | SA | 7 |
| Reykjavík | 2° | SA | 9 |

**Léttir til norðanlands** Í dag má búast við SA-átt, víða 3-8 m/s en heldur hvassara við suður- og vesturströndina. Stöku skúrir eða slydduél S- og SA-til. 4

## SÉRBLAÐ

Fólk




# Flensan skæðust hér á landi

Inflúensan er skæðari hér og í Noregi en í öðrum Evrópulöndum. Er fyrr á ferðinni en áður. Um 40 eru í einangrun á LSH, meðal annars vegna flensunnar. Allt gert sem þarf til að bregðast við, segir velferðarráðherra.

**HEILBRIGÐISMÁL** Inflúensan er skæðari hér á landi en í flestum öðrum Evrópuríkjum, samkvæmt tölum Sóttvarnastofnunar Evrópu. Aðeins í Noregi er flensan eins kröftug og hér.

Þá er flensan einnig fyrr á ferðinni en undanfarin ár, segir Haraldur Briem sóttvarnalæknir. Staðfestum inflúensutilvikum hefur fjölgað og tilkynningar um inflúensulík einkenni eru miklu fleiri nú en á sama tíma síðustu ár, þegar faraldurinn hefur náð hámarki undir lok febrúar. Haraldur gerir einnig ráð fyrir því að flensan muni ná hámarki fyrr í ár. „Þetta mun ábyggilega ganga yfir allan janúar og langt fram í febrúar."

Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans, segir stöðu mála á spítalanum örlítið betri en fyrir helgi, en óvissustig er óbreytt þar. Tæplega fjörutíu manns eru nú í einangrun vegna inflúensu, nóróveiru og RS-veirunnar.

„Það er seinni tíma vandamál að glíma við kostnaðinn sem fylgir því að hafa fólk á aukavöktum og eitthvað sem við munum bara kíkja á þegar hlutirnir fara að róast," segir hann.

„Spítalinn hefur leyfi til að gera það sem þarf til að bregðast við þessum aðstæðum og það stoppar ekki á peningum af hálfu ráðuneytisins," segir Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra. Hann hefur fundað með sóttvarnalækni. „Við fylgjumst daglega með gangi mála og það er ekki fyrirstaða að veita fjármagn eða opna deildir, enda er það allt í gangi."

„Ráðherra, og fleiri í ráðuneytinu, hafa verið mjög skýrir frá byrjun og okkur hafði ekki einu sinni dottið í hug að fara að blanda peningum inn í þetta strax," segir Björn.

„Þetta er svo mikið álag af ýmsum ástæðum. Það er ekki þannig að við sjáum mikla aukningu í því að fólk leiti til heilsugæslunnar eða bráðamóttökunnar. Þeir sem koma eru þá veikari, þurfa að leggjast inn og þá byrja erfiðleikarnir," segir Haraldur Briem.

- þeb, sv / sjá síðu 6

> **Þeir sem koma eru þá veikari, þurfa að leggjast inn og þá byrja erfiðleikarnir.**
> *Haraldur Briem sóttvarnalæknir*

**22**

staðfest inflúensutilfelli á veirufræðideild Landspítalans í annarri viku ársins.



**FAGNAR MEÐ FJÖLSKYLDUNNI** Dætur Baracks Obama Bandaríkjaforseta, þær Sasha og Malia, tóku ásamt eiginkonu hans, Michelle, þátt í hátíðlegri innsetningarathöfn í Washington í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Barack Obama segist bjartsýnn við upphaf seinna kjörtímabils síns:

# Hvetur þjóð sína til dáða

**BANDARÍKIN, AP** „Áratugi stríðsátaka er nú að ljúka. Efnahagsbati er að hefjast," sagði Barack Obama Bandaríkjaforseti í ræðu sinni í Washington þegar hann tók við forsetaembættinu öðru sinni í gær.

Hundruð þúsunda manna komu til að hlusta á forsetann flytja ræðu sína, sem einkenndist af bjartsýni þrátt fyrir harðvítug átök á þingi undanfarið kjörtímabil. „Möguleikar Bandaríkjanna eru takmarkalausir," sagði Obama.

Mikil bjartsýni ríkti fyrir fjórum árum þegar Obama sór embættiseið sinn til fyrra kjörtímabils, en þegar leið á kjörtímabilið tóku vonbrigði að sækja jafnvel að mörgum hörðustu stuðningsmönnum hans.

Á seinna kjörtímabilinu bíða hans erfið verkefni, meðal annars glíma við gríðarháan fjárlagahalla og áframhaldandi átök við repúblikana á þingi.

- gb

> **Möguleikar Bandaríkjanna eru takmarkalausir.**
> *Barack Obama Bandaríkjaforseti*

Gekk vel í fyrstu tilraun:

# Heillaði Breta með uppistandi

**MENNING** „Ég gerði aðallega grín að sjálfri mér, en svo tók ég kreppuna á Íslandi líka fyrir og skaut á Icesave. Bretarnir tóku því alls ekki illa og hlógu að bröndurunum um að við hefðum stolið peningunum þeirra," segir Snjólaug Lúðvíksdóttir uppistandari.



**SNJÓLAUG LÚÐVÍKSDÓTTIR**

Snjólaug, sem vinnur að tökum á stuttmynd ytra, tók á dögunum þátt í uppistandskeppninni Laughing Horse í London þar sem leitað er að besta nýliða ársins. Hún sigraði í sínum riðli í undankeppninni og er því komin áfram í aðra umferð ásamt rúmlega 350 öðrum, en um 1.500 manns skráðu sig til leiks í upphafi. Þetta er í fyrsta sinn sem hún reynir sig við uppistand.

- trs / sjá síðu 34










## SPURNING DAGSINS



Kjartan, þannig að þetta var ekki bara hannað fyrir Ísland?

**„Nei, þetta var hannað fyrir Noreg, Svíþjóð, Finnland, Danmörku, Bretland og Írland til að byrja með.“**

Kjartan Þór Þórðarson er framkvæmdastjóri Saga Film. Fyrirtækið hefur selt sniðið að þáttunum Hannað fyrir Ísland til útlanda.

Bæjarritarinn á Akranesi sem rukkaði fleiri en einn fyrir sama aksturinn:

# Látinn hætta með laun út árið

**SVEITARSTJÓRNIR** Jón Pálmi Pálsson, sem látið hefur af störfum bæjarritara á Akranesi, fær greidd laun út þetta ár samkvæmt samkomulagi um starfslok hans.

Í yfirliti sem lögmenn tóku saman um greiðslur til Jóns Pálma frá árinu 2010 kemur fram að hann rukkaði ítrekað tvo aðila fyrir sama aksturinn. Hann sat í stjórnum Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og Menningarráðs Vesturlands og rukkaði oft þessa aðila fyrir sama aksturinn og hann rukkaði Akranesbæ fyrir. Jón Pálmi viðurkenndi að hafa gert mistök að þessu leyti og endurgreiddi bæjarsjóði. „Jón Pálmi álítur að sú leiðrétting feli í sér farsæla lausn málsins,“ segir í bréfi lögmanns sem gætti hagsmuna bæjarritarans.



**JÓN PÁLMI PÁLSSON**

Jón Pálmi hafnaði hins vegar ásökunum um að það hafi verið brot á starfsskyldum að þiggja laun fyrir setur sínar í fyrrgreindum nefndum „enda afar óréttlátt og órökrétt að nefndarmenn séu látnir gjalda fyrir það í launum sínum fyrir nefndirnar að vera starfsmenn sveitarfélags sem hefur aðkomu að starfi nefndarinnar,“ sagði lögmaður bæjarritarans. „Eðlilegt er að það sé tekið til skoðunar innan hverrar stofnunar fyrir sig hvaða þóknanir sé eðlilegt og rétt að greiða en það er starfi Jóns Pálma sem bæjarritara algerlega óviðkomandi.“ - gar

Norska þjóðin vill breytingar:

# Aukið fylgi Hægri flokksins

**NOREGUR Fylgi Hægri flokksins í Noregi hefur aukist um 5,4 prósentustig frá því í september, samkvæmt könnun Aftenposten. Fylgið er nú 40,1 prósent. Yrði kosið nú myndi þingmönnum flokksins á Stórþinginu fjölga úr 30 í 76.**

**Leiðtogi hægrimanna, Erna Solberg, segir fylgisaukninguna til marks um að norska þjóðin vilji stjórnarskipti í haust.**

**Fylgi Verkamannaflokksins dróst saman um 1,7 prósentustig og er nú 26,5 prósent.** - ibs



**Á KAFI Í VATNI** Vörubílstjórar í Jakarta bíða þess sem verða vill. NORDICPHOTOS/AFP

Flóð í Indónesíu hafa kostað tugi manns lífið:

# Tugir þúsunda flýja flóðin

**INDÓNESÍA, AP Yfir hundrað þúsund manns hafa þurft að yfirgefa heimili sín vegna flóða í Jakarta, höfuðborg Indónesíu. Flóðin hafa kostað að minnsta kosti 26 manns lífið.**

**Flóðin náðu hámarki síðastliðinn fimmtudag eftir að stífla brast í miðborg Jakarta. Nærri þriðjungur borgarinnar fór undir vatn, sem varð allt að tveggja metra djúpt.**

**Lögreglan segir að flestir hinna látnu hafi annað hvort drukknað eða látist af völdum raflosts.** - gb

# Íslenskar sækýr synda yfir Ermarsund í júní

Sex íslenskar konur hyggjast synda boðsund yfir Ermarsund og til baka í júní. Þær nefna hópinn Sækýrnar. Liðsstjórinn kveður þær þrautreynda „dísilmótora“. Gera á heimildarmynd um sundið sem gæti varað 30 tíma. „Leynivinir“ styrkja hópinn.

**FÓLK** „Við ætlum að sanna að miðaldra kerlingar eru ekki dauðar úr öllum æðum,“ segir Guðrún Hlín Jónsdóttir, liðsstjóri Sækúnna, hóps kvenna sem ætla að synda boðsund yfir Ermarsundið í sumar.

Sex konur úr Sækúnum ætla að þreyta boðsundið síðustu vikuna í júní. Guðrún verður liðsstjóri um borð í fylgdarbát og áttunda sjósundkonan verður með og gerir heimildarmynd um ævintýrið.

Guðrún segir erfitt að komast að til að synda yfir Ermarsundið, það geti jafnvel tekið tvö til þrjú ár. Sækýrnar hafi þó náð að útvega sér góðan skipstjóra, Eddie Spelling, sem fylgir þeim á bát sínum Anastasia. „Við fáum fyrsta sundrétt síðustu vikuna í júní. Ef okkur líst ekki á aðstæður getur næsti nýtt tækifærið,“ útskýrir hún.

Ekki er enn vitað nákvæmlega hvaða dag íslensku Sækýrnar leggjast til sunds. „En það verður lagt af stað á morgunflóðinu milli klukkan þrjú og fjögur um nótt. Fyrstu tímana synda þær því í myrkri. Ég verð varamaður tilbúin á kantinum að stökkva út í. Ermarsundið er Mount Everest sundmanna og við ætlum okkur yfir og við förum yfir,“ segir Guðrún.

Synt verður frá Dover í Englandi yfir til Calais í Frakklandi. Konurnar munu skiptast á og hver synda klukkstund í senn. „Það er ekki synt beint yfir því straumarnir gera það að verkum að það er synt í S,“ segir Guðrún sem kveður sundið yfir Ermarsund að jafnaði taka 12 til 14 klukkustundir – aðra leið.

„En við ætlum að synda rakleitt aftur til baka,“ segir Guðrún og slær enn á létta strengi: „Við erum ekkert vissar um að okkur líki við Calais þegar við komum yfir.“ Allt í allt gæti sundsprettur Sækúnna varað í um þrjátíu klukkustundir.



**SÆKÝRNAR** Sundkonurnar í Sækúnum eru seigar og láta slæmt veður og öldugang lítil áhrif á sig hafa segir liðsstjórinn Guðrún Hlín Jónsdóttir, sem er efst til hægri á myndinni. MYND/SÆKÝRNAR

Sækýrnar hafa allar stundað sjósund um árabil. Meðal afreka einstakra liðsmanna er Drangeyjarsund, Hríseyjarsund, Viðeyjarsund og boðsund fjögurra þeirra upp á Akranes. „Þær eru seigir jaxlar, algerir dísilmótorar og kalla ekki allt ömmu sína. Sjósund er áttatíu prósent hugarfar,“ segir Guðrún, sem aðspurð upplýsir að nafnið Sækýrnar komi frá vatnaskepnunnni Manatee, sem margir þekkja frá Flórída.

„Þetta eru miklir húmoristar og það er ekki of mikill gorgeir í okkur. Við skömmumst okkar hvorki fyrir að vera miðaldra konur né að vera „bloody cows“,“ spaugar Guðrún er hún er spurð út í nafn Sækúnna sem nú safna styrkjum fyrir leiðangurinn. Verði afgangur er hann ætlaður MS-félaginu á Íslandi.

> **Við skömmumst okkar hvorki fyrir að vera miðaldra konur né að vera „bloody cows“.**
>
> *Guðrún Hlín Jónsdóttir, liðsstjóri Sækúnna.*

„Ef satt skal segja þá eigum við leynivini, nokkra einstaklinga sem styrktu okkur strax, en okkur vantar samt enn þá upp á,“ segir sækýrin Guðrún Hlín Jónsdóttir.

gar@frettabladid.is

Hluthafar í Bakkavör:

# Vilja Lýð á brott vegna ákæru

**VIÐSKIPTI** Hluthafar í Bakkavör vilja að Lýður Guðmundsson hverfi úr starfi sínu sem stjórnarformaður félagsins, á meðan ákæra á hendur honum er til meðferðar í dómskerfinu. Frá þessu sagði í fréttum Stöðvar 2 í gær.

Lýður og Ágúst bróðir hans eru stærstu eigendur félagsins með 40 prósenta hlut, en Arion banki og lífeyrissjóðir standa gegn því að þeir nái meirihluta í félaginu og vilja, samkvæmt heimildum Stöðvar 2, að nýr stjórnarformaður komi úr þeirra röðum.

Lýður er ákærður fyrir að hafa staðið ólöglega að hlutafjáraukningu hjá Exista. - þj

Gæsluvarðhald framlengt:

# Níðingur situr áfram í haldi

**LÖGREGLA** Gæsluvarðhald hefur verið framlengt um fjórar vikur yfir karlmanni á sextugsaldri, sem handtekinn var í síðustu viku grunaður um kynferðisbrot gegn tveimur stúlkum á barnsaldri.

Lögregla hefur hins vegar kært aðra ákvörðun héraðsdóms, sem í gær hafnaði gæsluvarðhaldskröfu yfir öðrum manni sem nam á brott tvær sjö ára stúlkur fyrir utan verslun í Árbæ. RÚV skýrði frá þessu í gær.

Á morgun rennur svo út gæsluvarðhald yfir Karli Vigni Þorsteinssyni, sem hefur viðurkennt að hafa brotið gegn tugum barna. - gb


Skráðu þig núna í nám og náðu forskoti:

Almennt tölvunám

Frábært nám fyrir þá sem vilja læra grunnatriðin við tölvunotkun. Námið hentar jafnt þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref og hinum sem eru komnir lengra.

Lærðu að nota Windows, Word, Excel, Internetið og tölvupóst og ljósmyndavinnslu. Ef þú vilt læra meira um öll forritin er Almennt tölvunám plús í boði og bætt við kennslu á PowerPoint.

Byrjaðu á réttum enda og komdu á Almennt tölvunám hjá okkur.

Dagnámskeið hefst 4. febrúar (9:00-12:00)
Almennt tölvunám stutt hefst 4. febrúar (9:00-12:00) Verð aðeins 69.000
Almennt tölvunám stutt: 45.000

Tölvunám TV til betri verka
– hringdu núna í síma 520 9000
– og skoðaðu mikið úrval námskeiða á www.tv.is

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
43.000 hafa sótt námskeið frá 1986

Grensásvegi 16 • Sími: 520 9000 www.tv.is


Minnihlutinn ósáttur við að ekki sé beðið eftir álitsgerðum:

# Stjórnarskrármálið úr nefnd

**ALÞINGI** Meirihluti stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar stefnir að því að taka frumvarp um nýja stjórnarskrá úr nefnd í dag. Málið er á dagskrá Alþingis á fimmtudag.

Fulltrúar frá Samfylkingunni funduðu með stjórnarandstöðunni um málið í gær, en vegna forfalla mætti enginn fulltrúi Vinstri grænna á fundinn. Valgerður H. Bjarnadóttir, formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, segir málið ekkert hafa breyst á fundinum. Menn hafi þó náð að skiptast á skoðunum. En verður málið tekið úr nefnd í dag?

„Já, við höfum stefnt að því. Við þurfum að sjá hvernig staðan er í fyrramálið [í dag]. Það vantar einhver nefndarálit.“

Það er einmitt það sem Illugi Gunnarsson, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, sem sat fundinn í gær, gagnrýnir harðlega. Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd hafi fengið nefndir til að skila áliti, sem séu ekki öll fram komin. „Þrátt fyrir það er meirihlutinn búinn að ákveða hvaða breytingartillögur hann leggur fram og að taka málið úr nefnd á morgun [í dag].“

> **Þrátt fyrir það er meirihlutinn búinn að ákveða hvaða breytingartillögur hann leggur fram og að taka málið úr nefnd á morgun [í dag].**
>
> *Illugi Gunnarsson, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins*



Illugi segir þetta í takt við annað í málinu og svona vinnubrögð hefðu ekki verið viðhöfð við lagafrumvarp, hvað þá um breytingu á sjálfri stjórnarskránni. Hann segir ekkert hafa komið fram á fundinum í gær í sjálfu sér.

„Þar kom ekkert nýtt fram, annað en það að staðfest var að það væri vilji meirihlutans að gera allsherjar breytingar á stjórnarskránni.“ - kóp


VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU
Bræðurnir Guðni og Grétar rækta gulrófur í Þórisholti í Mýrdal. Forfeður þeirra hófu þar búskap árið 1842 og þeir eru því sjötti ættliður bænda á jörðinni. Þeir bræður sinna búskapnum en eiginkonur þeirra, Halla og Sædís Íva, vinna báðar utan heimilis. Rófurnar eru teknar upp í september og október. Þá fara þær í kæligeymslur af fullkomnustu gerð sem halda þeim fyrsta flokks allt árið.
íslenskt grænmeti
ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR
islenskt.is

## GENGIÐ
21.01.2013

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 128,3 | 128,92 |
| Sterlingspund | 203,58 | 204,56 |
| Evra | 170,59 | 171,55 |
| Dönsk króna | 22,858 | 22,992 |
| Norsk króna | 22,855 | 22,989 |
| Sænsk króna | 19,596 | 19,710 |
| Japanskt jen | 1,4331 | 1,4415 |
| SDR | 196,7 | 197,88 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**
232,6618

Flokkar strangtrúargyðinga sigurvissir fyrir þingkosningar sem haldnar verða í Ísrael í dag:

# Landtökumönnum spáð sjötta hverju sæti

**ÍSRAEL, AP** Benjamín Netanjahú og bandalagi hægri flokka undir hans forystu er spáð naumum meirihluta í þingkosningum í dag.

Enn harðsnúnari flokkar strangtrúaðra gyðinga sækja þó hart á Netanjahú. Þar fer fremstur í flokki Naftali Bennet, leiðtogi flokks sem heitir Heimili gyðinga. Hann hafnar algerlega öllum hugmyndum um stofnun sjálfstæðs ríkis Palestínumanna.

Samkvæmt skoðanakönnunum virðist sem sjötti hver þingmaður á nýja þinginu verði landtökumaður á Vesturbakkanum.

Sjálfur er Netanjahú harðlínumaður gagnvart Palestínu og hefur til þessa treyst á litla flokka harðsnúinna strangtrúargyðinga til að styrkja þingmeirihluta sinn.

Töluverðar vangaveltur hafa þó verið í ísraelskum fjölmiðlum undanfarið um að hann ætli sér frekar að leita til miðjuflokka fyrir næstu stjórnarmyndun.

Flokkar strangtrúaðra hafa verið með 15 til 20 sæti á 120 manna þjóðþingi Ísraels en haft miklu meiri áhrif en þingstyrkur þeirra segir til um vegna hótana um að slíta stjórnarsamstarfi. - gb



**NAFTALI BENNET** Leiðtogi strangtrúarflokksins Heimili gyðinga hafnar algerlega hugmyndum um stofnun sjálfstæðs ríkis Palestínumanna. NORDICPHOTOS/AFP

Aðalsamingamaður Íslands:

## Kynnti stöðuna fyrir ESB-fólki

**EVRÓPUMÁL Stefán Haukur Jóhannesson, aðalsamningamaður Íslands í aðildarviðræðunum við ESB, kynnti ákvörðun ríkisstjórnarflokkanna um að hægja á viðræðum, fyrir Evrópumálaráðherrum ESB-landa á fundi í gær. Frá þessu segir á vef utanríkisráðuneytisins, en á fundinum fjallaði Stefán Haukur einnig um áherslu Íslands á gagnsæi í viðræðuferlinu.**



**STEFÁN HAUKUR JÓHANNESSON**

**Fundurinn fór fram í Dublin á Írlandi. Meginumræðuefnið var efling lýðræðis á vettvangi ESB og var rætt um leiðir til að auka lögmæti og ábyrgð stofnana þess í ljósi aukinnar samvinnu til dæmis í efnahags- og gjaldmiðilsmálum.** - þj

### RÚSSLAND

**Færði forseta kettling**

Forsætisráðherra Rússlands, Dmitrij Medvedev, hefur gefið Tarja Halonen Finnlandsforseta kettling af tegundinni „neva masquerade“ sem er ættingi Síberíukattarins. Á vef Hufvudstadsbladet er greint frá því að rússneski forsætisráðherrann hafi sjálfur valið kettlinginn.

### HALDIÐ TIL HAGA

Eftirfarandi ummæli Völundar Snæs Völundarsonar féllu út úr grein í Fréttablaðinu í gær: „Þetta er það sem mig langaði að gera til að sameina það líf sem ég á með fjölskyldu minni og vinnunni. Nú eigum við lítil börn og það hefði verið gaman að geta eldað með þeim kvöldmat og kysst þau góða nótt.“

Umhverfisverndarsamtök:

## Olíuvinnsla verði ekki við Jan Mayen

**NOREGUR** Sjö helstu umhverfisverndarsamtök Noregs leggjast gegn olíuvinnslu við Jan Mayen og í suðausturhluta Barentshafs.

Það er mat umhverfisverndarsamtakanna að stefna norskra yfirvalda varðandi olíuvinnslu þurfi að vera í samræmi við stefnuna í loftslagsmálum.

Benda samtökin á að verði olíuvinnsla ekki stöðvuð á norðurslóðum muni loftslagsbreytingar af manna völdum versna. Hætta sé á óafturkræfum skemmdum á viðkvæmum náttúruauðlindum. - ibs

Framsókn vill samstöðu:

## Allir flokkar ræði saman

**STJÓRNMÁL** Þingflokkur Framsóknarflokksins vill að fulltrúar allra flokka á Alþingi hefji þegar í stað formlegar viðræður um stjórnarskrármálið og komi sér saman um hvaða greinar er mögulegt að ná samstöðu um og afgreiða fyrir þinglok, nú þegar aðeins 23 þingfundadagar eru eftir á kjörtímabilinu.

Í yfirlýsingu, sem þingflokkurinn sendi frá sér í gær, segist hann leggja áherslu á ákvæði stjórnarskrárfrumvarpsins um náttúruauðlindir og beint lýðræði, en sé opinn fyrir því að skoða fleiri ákvæði í þessu sambandi.

„Þingflokkurinn áréttar að þegar um er að ræða breytingar á grundvallarlögum ríkisins er mikilvægt að Alþingi gangi ekki þvert á álit sérfræðinga,“ segir í yfirlýsingunni. - gb

# Samningar styttir og friðurinn tryggður

ASÍ og SA sömdu í gær um að stytta kjarasamninga og hefja undirbúning nýrra samninga strax. Leggja áherslu á kaupmátt og efnahagslegan stöðugleika. Kenna stjórnvöldum um að fjárfestingar í atvinnulífi hafi ekki aukist á samningstíma.

**KJARAMÁL** Samtök atvinnulífsins (SA) og Alþýðusamband Íslands (ASÍ) munu þegar hefja vinnu að undirbúningi nýrra kjarasamninga með það fyrir augum að móta sameiginlega sýn á launamál og kaupmátt auk þess að tryggja vöxt og efnahagslegan stöðugleika.

Þetta er megininntakið í samkomulagi SA og ASÍ frá í gær. Samningunum er ekki sagt upp og umsamdar launahækkanir upp á 3,25% koma til framkvæmda um næstu mánaðamót. Gildistími samninganna er hins vegar styttur svo að þeir munu renna úr gildi í nóvember næstkomandi, tveimur mánuðum fyrr en til stóð, þegar þeir voru undirritaðir vorið 2011.

Samkomulagið kveður einnig á um að samtökin reyni að ná samstöðu um atvinnustefnu, sem verði lögð fyrir stjórnmálaflokkana í aðdraganda alþingiskosninga. Eftir kosningar verði svo unnin raunhæf aðgerðaáætlun til næstu ára.

Þá verði leitast við að ná samstöðu um aðferðir í gengis- og peningamálum, jöfnun lífeyrisréttinda og unnið gegn svartri atvinnustarfsemi og kennitöluflakki. Jafnframt munu samtökin beita sér fyrir aðgerðum til að lækka verðlag, til dæmis með „aðhaldi að verðhækkunum fyrirtækja og gjaldskrárhækkunum opinberra aðila“.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segist í samtali við Fréttablaðið vera ánægður með samkomulagið, í ljósi aðstæðna. Um það ríki breið sátt innan hreyfingarinnar.

„Það tryggir bæði að umsamdar kauphækkanir komi til framkvæmda, sem var ekki sjálfsagt, og að friður muni ríkja á vinnumarkaði fram á haustið.“

Gylfi segir að hefði samningum verið sagt upp að þessu sinni, hefðu viðræður getað orðið erfiðar viðfangs.

Spurður hvort hann sé bjartsýnn fyrir haustið játar Gylfi en kallar eftir breiðri samstöðu um framhaldið.

„Ég verð að vera bjartsýnn, en það tekst ekki nema að það verði sameiginlegt átak, og stjórnvöld verða að koma að borðinu á þeim nótum.“ thorgils@frettabladid.is



**SAMKOMULAG** Forsvarsmenn SA og ASÍ skrifuðu í gær undir samkomulag um að stytta kjarasamninga og hefja samráð um framtíðarsýn um kaupmátt og efnahagslegan stöðugleika. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Segja forsendur hafa brostið

Uppsagnarklausa var í kjarasamningunum frá 2011 þar sem kveðið var á um ýmsar forsendur. Forsendunefnd ASÍ og SA rifjar upp að í samningunum var kveðið á um að á árinu 2012 myndi kaupmáttur aukast, verðbólga skyldi vera innan við 2,5%, gengisvísitala krónunnar yrði innan við 190 í desember og „stjórnvöld stæðu við gefin fyrirheit í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum“.

Í niðurstöðu nefndarinnar segir hins vegar að þó kaupmáttur hafi aukist hafi verðbólga verið 4,2% og gengisvísitala verið 227,4 í desember. Þá eru tíundaðar ýmsar aðfinnslur við efndir stjórnvalda um ýmis mál. Um þau mál voru skiptar skoðanir milli stjórnvalda og ASÍ og spunnust af því harðar deilur undir lok síðasta árs.




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**Á morgun**
Austanstrekkingur syðst, annars hægari vindur.

**Fimmtudagur**
Vaxandi suðaustanátt.

**TÍÐINDALÍTIÐ** Í dag má búast við strekkingi eða allhvössum vindi sums staðar við suður- og vesturströndina en hægari vindi annars staðar. Léttir heldur til norðanlands en skúrir eða slydduél S- og SA-til. Svipað veður á morgun en kólnar lítillega.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 15° | Berlín | -4° | Friedrichshafen | 2° | Las Palmas | 19° | New York | -2° | París | 1° |
| Aþena | 18° | Billund | -1° | Gautaborg | -2° | London | 2° | Orlando | 20° | San Francisco | 16° |
| Basel | 7° | Frankfurt | 2° | Kaupmannahöfn | -2° | Mallorca | ° | Ósló | -12° | Stokkhólmur | -8° |



**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# ÚTSALA ÚTSALA

**15%-50% AFSLÁTTUR**

## NATURE'S REST heilsurúm

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Svæðaskipt gormakerfi
- Aldrei að snúa
- Sterkur botn
- Frábærar kantstyrkingar
- Gegnheilar viðarlappir
- 320 gormar pr fm²

160 x 200 cm.
Aðeins
Kr. 91.200
Fullt verð 114.900

180 x 200 cm.
Aðeins
Kr. 107.920
Fullt verð 127.900



TILBOÐ 20% AFSLÁTTUR

## C&J stillanlegt heilsurúm

með Shape dýnu



TILBOÐ 15% AFSLÁTTUR

| | | |
|---|---|---|
| 2x80x200 | Fullt verð 375.800 | **Tilboð 319.430** |
| 2x90x200 | Fullt verð 399.800 | **Tilboð 339.830** |
| 2x90x210 | Fullt verð 405.800 | **Tilboð 344.930** |
| 2x100x20 | Fullt verð 423.800 | **Tilboð 360.203** |
| 120x200 | Fullt verð 230.900 | **Tilboð 196.265** |
| 140x200 | Fullt verð 257.900 | **Tilboð 219.215** |

- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stál í burðargrind
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur
- Botn er sérstaklega hannaður fyrir Shape heilsudýnur
- Val um lappir með hjólum eða töppum
- 5 ára ábyrgð

Í DORMA
AMERÍSKIR SÓFAR



## CAROLINE sófasett

Caroline 3ja sæta sófi. Stærð: 215 x 100 cm
Aðeins kr. 152.915 Fullt verð 179.900
Caroline 2ja sæta sófi: Stærð: 154 x 100 cm
Aðeins kr. 135.915 Fullt verð 159.900
Caroline stóll. Særð: 100 x 100 cm
Aðeins kr. 84.915 Fullt verð 99.900

TILBOÐ 15% AFSLÁTTUR



## DARCY hornsófi

Stærð: 255 x 255 x 95 cm
Aðeins kr. 212.415 Fullt verð 249.900

DARCY fæst í tveimur litum: Bronse og grænum



## DARCY sófasett

DARCY 3ja sæta sófi. Stærð: 220 x 95 cm
Aðeins kr. 118.915 Fullt verð 139.900
DARCY 2ja sæta sófi: Stærð: 165 x 95 cm
Aðeins kr. 93.415 Fullt verð 109.900
DARCY stóll. Særð: 115 x 95 cm
Aðeins kr. 84.915 Fullt verð 99.900

## DAISY svefnsófi

TILBOÐ 15% AFSLÁTTUR



Svefnsvæði 120x195 cm
Með rúmfatageymslu

Fullt verð 79.900 án arma Aðeins kr. 67.915
Fullt verð 89.900 með örmum Aðeins kr. 76.415

## SILO svefnsófi með tungu

TILBOÐ 20% AFSLÁTTUR

Br. 228 cm
Hæð 83 cm
Tunga 162 cm
Slitsterkt dökk- eða ljósgrátt áklæði.
Tunga getur verið beggja vegna.



Fullt verð 159.990 Aðeins kr. 127.992

## GENOVA svefnsófi

ÚTSALA 50% AFSLÁTTUR
TAKMARKAÐ MAGN!



Stærð: 218 x 95 cm
Litur Ljós- og dökkgrátt áklæði

Aðeins kr. 111.450
Fullt verð 222.900

## FLORIDA tungusófi

TILBOÐ 15% AFSLÁTTUR



Stærð: 250 x 140 cm
H. 71 cm. Litur grátt

Fullt verð 149.900 Aðeins kr. 127.415

## MONTORIO svefnsófi

TILBOÐ 15% AFSLÁTTUR



Aðeins kr. 84.915 Fullt verð 99.900

Stærð: Br. 159 cm.
D. 208 cm H. 63,5 cm.

## SABRINA sófasett

ÚTSALA 50% AFSLÁTTUR



3 + 2 sófasett
Tilboð 71.950 Fullt verð 143.900

3ja sæta br. 190 cm
2ja sæta br. 145 cm

## MILANO hægindastóll á frábæru HM tilboði – ÁFRAM ÍSLAND!



NÚ EINNIG Í TAUI

Verð frá
kr. 34.900

## LYFTISTÓLL

rafmagnslyftistóll á frábæru verði



Tilboð aðeins
kr. 99.900

**OPIÐ Holtagörðum**
**Virka daga kl. 10-18**
**Laugardaga kl. 11-16**
**Sunnud.aga kl. 13-16**

DORMA
– býður góða nótt

**Pöntunarsími ☎ 512 6800**
**www.dorma.is**

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hversu hátt hlutfall íslenskra karlmanna á byssu?
**2.** Hvar langar matreiðslumanninn Völundi Snæ að opna veitingastað?
**3.** Hver leikstýrir kvikmyndinni XL?

**SVÖR:**
**1.** Um 25% - **2.** Á heimili sínu við Bókhlöðustíg 2 - **3.** Marteinn Þórsson.

Svar innanríkisráðherra við fyrirspurn þingmanns um tvöföldun Reykjanesbrautar:

# Sex milljarðar í að klára tvöföldunina

**SAMGÖNGUR** Sex milljörðum króna verður varið á næstu tíu árum til að ljúka tvöföldun Reykjanesbrautar Hafnarfjarðarmegin. Þetta kemur fram í svari innanríkisráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Guðlaugssonar.

Í svari sínu segir ráðherra að á samgönguáætlun sé gert ráð fyrir að umræddur vegarkafli, sem er um átta kílómetra langur og nær frá sveitarmörkum Hafnarfjarðar, fram hjá Álverinu í Straumsvík og inn undir kirkjugarðinn, verði kláraður í tveimur áföngum. Annars vegar á árunum 2015 til 2018 þegar 1,8 milljörðum verður varið til verksins og svo á árunum 2019 til 2022 þegar 4,2 milljarðar verða settir í verkið.

Ekki liggur fyrir tímasetning um lok tvöföldunar sex kílómetra kafla frá Fitjum í Reykjanesbæ upp að Flugstöð Leifs Eiríkssonar, en samkvæmt svari ráðherra minnkar umferð verulega þegar komið er fram hjá Fitjum.

Kostnaður við þann kafla Reykjanesbrautar sem þegar hefur verið tvöfaldaður, um 24 kílómetra vegalengd, er um það bil 6,3 milljarðar, uppreiknað að verðlagi í nóvember síðastliðnum.

Ráðherra svaraði því einnig til að uppsetning víravegriða sem skilja að umferð úr sitthvorri átt ætti að hefjast í ár sunnan Straumsvíkur. Framkvæmdum ætti að ljúka á árunum 2015 til 2016 og kostnaður er áætlaður um 350 milljónir króna. - þj



**REYKJANESBRAUT** Það mun kosta ríkið sex milljarða að klára lagningu brautarinnar inn í Hafnarfjörð. FRÉTTABLAÐIÐ/PÉTUR

# Inflúensan er fyrr á ferðinni í ár

Inflúensutilvikum fjölgar nú hratt hér á landi og sóttvarnalæknir gerir ráð fyrir að faraldurinn nái hámarki fyrr en undanfarin ár. Faraldurinn er skæðari hér og í Noregi en í flestum öðrum Evrópuríkjum, samkvæmt tölum Sóttvarnastofnunar Evrópu. Flensan hefur greinst í flestum landshlutum og meðalaldur greindra er 37 ár. Fleiri greinast einnig með RS-veiruna, þar af óvenjumargir eldri borgarar.

**HEILBRIGÐISMÁL** „Við erum svona hálfum mánuði á undan miðað við í fyrra og árið þar á undan," segir Haraldur Briem sóttvarnalæknir um inflúensuna sem nú geisar á landinu.

Inflúensan er skæðust hér á landi og í Noregi af þeim 26 ríkjum sem senda upplýsingar um stöðu þessara mála til Sóttvarnastofnunar Evrópu, ECDC. Tilkynningar um inflúensulík einkenni eru mun fleiri nú en á sama tíma síðustu ár. Tilkynningum um inflúensulík einkenni hefur fjölgað mikið síðustu vikur sem og staðfestum inflúensutilvikum. Alls voru 22 staðfest tilfelli tilkynnt til sóttvarnalæknis í annarri viku ársins, sem eru nýjustu tölur.

Haraldur gerir ráð fyrir því að inflúensufaraldurinn muni einnig ná hámarki fyrr en undanfarin ár, þegar inflúensan náði hámarki seinni hluta febrúar. „Það er smá slaki í augnablikinu en hún á sjálfsagt eftir að stefna áfram upp en ekki með jafn miklum hraða og undanfarnar vikur. Þetta mun ábyggilega ganga yfir hér allan janúar og langt fram í febrúar."

Inflúensan hefur nú greinst í flestum landshlutum og meðalaldur þeirra sem greinast er 37 ár. Flensan er að færast í aukana í nítján af þeim 26 ríkjum sem tilkynntu Sóttvarnastofnun Evrópu um stöðu smitmála í annarri viku ársins. Inflúensan er útbreidd í tólf Evrópuríkjum, svæðisbundin í sex ríkjum og fátíð í sjö ríkjum. Aðeins í Búlgaríu voru engin tilvik inflúensu tilkynnt. „Norðmenn og við erum dugleg í þessu. A-tegundir flensunnar eru yfirgnæfandi. Þetta er ýmist af svínastofni, sem er að breytast í að verða árstíðabundinn, og svo þessi gamli stofn sem var alltaf að hrjá okkur hér á árum áður," segir Haraldur.

Þá hefur tilfellum RS-veiru fjölgað, en átján greindust með staðfesta sýkingu í annarri viku ársins. Börn á fyrsta og öðru ári greinast helst með veiruna en sex af þeim átján sem greindust síðast voru á aldrinum 79 til 92 ára, sem er óvenjuhátt hlutfall.

thorunn@frettabladid.is

### Inflúensa í Evrópu 7. - 13. janúar 2013




### ➜ Ástandið erfitt en viðráðanlegt

Björn Zoëga, forstjóri LSH, segir ástandið á spítalanum erfitt en viðráðanlegt. Tæplega fjörutíu sjúklingar eru í einangrun þar vegna inflúensu, RS-veirunnar og nóróveirunnar. Hann segir ástandið svipa að hluta til ársins 2009 þegar svínaflensufaraldurinn gekk yfir landið.

„Þá stóðum við í raun tæpar því það var svo mikið af fólki í öndunarvél og á gjörgæslu, en það er ekki eins mikið um það núna," segir hann. „En síðan þá höfum við þurft að minnka okkur og núna eru svo margir sem eru að bíða eftir einhverju öðru inni á bráðadeildunum. Það er töluverður munur."

Björn sinnir sjálfur sjúklingum samhliða forstjórastarfinu, þó hann segi það hafa minnkað þar sem mikið af valstarfsemi spítalans hefur verið lagt niður tímabundið vegna álagsins. „Ég hitti mína sjúklinga, tala við fólk og fylgist með aðstöðunni," segir hann. „Svo maður sé ekki að fá þetta allt úr Excel-skjölum." - sv




aktív
PRÓTEINBITAR
Haltu dampi
„Aktív próteinbitar eru handhæg næringar-
lausn til að hafa við höndina hvar og hvenær
sem er, stútfullir af hágæða mysupróteini.
Svo eru þeir bara svo hrikalega góðir!"
nýtt!
aktív PRÓTEINBITAR
ÁN LITAREFNA
KÓKOSBRAGÐ
20% PRÓTEIN
aktív PRÓTEINBITAR
ÁN LITAREFNA
BANANABRAGÐ
20% PRÓTEIN
Árnasynir & co
Guðrún Lovísa Ólafsdóttir
hjúkrunarfræðingur, einkaþjálfari og íþróttafræðinemi.
HÁGÆÐA PRÓTEIN
Aktív próteinbitar innihalda hágæða mysuprótein. Prótein er öllum nauðsynlegt en þó sérstaklega þeim sem hreyfa sig mikið og lifa virkum lífsstíl. Mysupróteinið í Aktív próteinbitum er framleitt af Davisco sem er leiðandi fyrirtæki í rannsóknum, framleiðslu og sölu á mysupróteini í heiminum.
DÖKKT SÚKKULAÐI
Aktív próteinbitar eru húðaðir með Síríus Konsúm 56% súkkulaði. Dökkt súkkulaði er ríkt af andoxunarefnum sem m.a. eru talin geta haft hjartaverndandi áhrif.
ENDURLOKANLEGIR POKAR
Aktív próteinbitar koma í endurlokanlegum pokum sem tryggja ferskleika vörunnar, henta einstaklega vel til að hafa við höndina og uppfylla þannig orkuþörf í erli dagsins.
Nói Síríus framleiðir Aktív próteinbita en fyrirtækið hefur í fleiri áratugi framleitt vörur sem hafa notið fádæma vinsælda á meðal Íslendinga enda eru bragðgæði ávallt höfð í forgrunni þegar fyrirtækið þróar nýjar vörur.
vertu aktív

**Nytjamarkaður Mjódd**

Álfabakka 12 í Mjóddinni

HJÁLPRÆÐISHERINN

Opið þriðjudaga til föstudaga

kl 13-18

**Komið og gerið góð kaup.**
**Styrkið gott málefni!**

MÁLÞING

**Hlutverk og ábyrgð fjölmiðla í aðdraganda kosninga**

**Miðvikudaginn 23. janúar kl. 14-17 í Öskju, stofu 132.**

**Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála og meistaranám í blaða- og fréttamennsku við HÍ** efna til málþings í tilefni ábendingar eftirlitsnefndar Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) um að ekki giltu hér á landi opinberar reglur um störf eða skyldur fjölmiðla í aðdraganda kosninga.

**Framsögumenn og þátttakendur í pallborði:**
**Finnur Beck**, lögfræðingur, opnar málþingið
**Elfa Ýr Gylfadóttir**, framkvæmdastjóri fjölmiðlanefndar
**Guðbjörg Hildur Kolbeins**, fjölmiðlafræðingur
**Margrét Sverrisdóttir**, verkefnisstjóri
**Ólafur Stephensen**, ritstjóri
**Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir**, fréttamaður
**Ólafur Þ. Harðarson**, prófessor
**Freyr Einarsson**, ritstjóri

**Fundarstjóri: Þór Jónsson**, blaðamaður.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

**Við bjóðum hagstæða vexti á bundnum óverðtryggðum innlánsreikningum. Binding frá 1—24 mánaða. Vextir frá 4,25%—5,00%.**

Nánari upplýsingar hjá viðskiptastjórum í Borgartúni 26 eða í síma 540 3200 og á www.mp.is.

mp banki

Aðalmeðferð fór fram í máli mæðgna gegn úrskurði mannanafnanefndar:

# Blær er vongóð um viðsnúning

**DÓMSMÁL** Móðir Stúlku Bjarkardóttur Rúnarsdóttur segir dóttur sína vongóða um að ákvörðun mannanafnanefndar um að synja henni þess að fá að bera nafnið Blær verði hnekkt fyrir dómi.

Aðalmeðferð fór fram í máli Blævar í gær, en Björk Eiðsdóttir, móðir stúlkunnar, höfðaði mál á hendur innanríkisráðherra eftir að mannanafnanefnd komst að þeirri niðurstöðu að hún mætti ekki heita Blær, þar sem um karlmannsnafn væri að ræða. Björk sagði í viðtali við Vísi.is í gær að Blær væri vongóð.



**BJÖRK EIÐSDÓTTIR**

„Hún tilkynnti dómara það að hún sé alsæl með nafnið, og hafi aldrei lent í neinum vandræðum með það nema í samskiptum við hið opinbera,“ sagði Björk um dóttur sína. Blær bar sjálf vitni, sem og Björk og lögmaður mannanafnanefndar.

„Lögfræðingur minn lagði fram gögn sem sýna að fordæmi er fyrir því að nafn geti verið bæði karlkyns og kvenkyns,“ sagði Björk.

Niðurstöðu í málinu er að vænta fyrir mánaðamót, en mál Blævar hefur vakið heimsathygli, og ratað inn á borð fjölmiðla um allan heim.

- þj, hva

# Þýsk hjón gefa safn íslenskra landabréfa

Hjónin Karl-Werner og Gisela Schulte eru ástfangin af Akureyri og færa bænum aldagömul landabréf af Íslandi. Gjöfinni fylgir að kortin verði til sýnis. Í fyrstu verður hægt að skoða kortin á sumrin í Minjasafni Akueyrar.

**MENNINGARMÁL** Akureyrarbær mun á næstunni eignast einstakt safn handmálaðra landabréfa af Íslandi sem þýsku hjónin og Íslandsvinirnir Karl-Werner Schulte og Gisela Schulte-Daxbök hafa komið sér upp á liðnum áratugum.

„Elstu kortin eru frá byrjun sautjándu aldar en það yngsta er frá árinu 1808,“ segir Þórgnýr Dýrfjörð, framkvæmdastjóri Akureyrarstofu.

Að sögn Þórgnýs kom Gisela fyrst til Íslands til að taka þátt í rannsóknum í Surtsey. Þau hjónin hafi komið hingað í ótal skipti síðan, bæði í vinnuferðir og í frí. Fyrir tíu árum hafi þau fyrst boðið Akureyrarbæ landabréfasafnið til eignar. Fyrir ári hafi þau ítrekað tilboð sitt.

„Við spurðum af hverju þau vildu gefa Akureyrarbæ safnið frekar en til dæmis Landmælingum Íslands. Þá kom í ljós rómantíska hliðin á þessari sögu,“ segir Þórgnýr, sem kveður þau hjónin einfaldlega hafa orðið ástfangin af Akureyri. „Þau komu hingað í brúðkaupsferð og gistu á Hótel KEA. Þau komu líka þegar Karl varð fimmtugur og tóku þá börnin með sér. Þau sögðust vilja að kortin enduðu á Íslandi og gætu best hugsað sér að það verði á Akureyri.“

Þórgnýr segir Karl og Giselu ekki láta of ströng skilyrði fylgja gjöfinni. „Þau gera ekki kröfu um að bréfin séu sýnd stöðugt heldur að þau séu í öruggri geymslu og sýnd reglulega og að safnið sé til í þeirra nafni. Skuldbindingin sem við göngumst undir er að sýna safnið einu sinni á ári og hafa það ávallt aðgengilegt til rannsókna,“ segir hann.




**ÍSLANDSKORT GIORGIO CARLO** Dæmi úr safni Schulte-hjónanna er Íslandskort sem Joris Carolus teiknaði og málaði í Amsterdam á árunum 1630 til 1636.

Kortin verða til sýnis í nokkrar vikur á hverju sumri í Minjasafni Akureyrar. Jafnvel strax næsta sumar. „Við sjáum fyrir okkur að þetta geti verið áhugavert efni fyrir gesti og ferðamenn. Þau vilja líka gjarnan að það séu lánaðir hlutar af safninu til sýninga annars staðar innan landsteinanna,“ segir Þórgnýr.

Kortasafnið er uppsett í sérhönnuðu húsi Karls og Giselu í Geisenheim í Þýskalandi. „Þau hafa lagt mikið á sig í áratugi að fylgjast með víða um heim og ná í einstök kort. Það eru sérstaklega stór þakskegg á húsinu til að verja kortin fyrir sólarljósi. Þau segja að þetta sé heildstæðasta einkasafnið af handgerðum Íslandskortum sem til er í heiminum. Ef þetta færi allt á uppboð yrði verðið örugglega fleiri tugir milljóna,“ segir Þórgnýr.

> **Ef þetta færi allt á uppboð yrði verðið örugglega fleiri tugir milljóna.**
> *Þórgnýr Dýrfjörð, framkvæmdastjóri Akureyrarstofu.*

Gjöfin verður afhent ytra. „Þetta er mjög nákvæmt fólk. Þau vilja að við förum til Þýskalands og tökum við gjöfinni við húsdyrnar. Þau ætla að hætta að eiga safnið um leið og það er komið út úr dyrunum,“ segir Þórgnýr Dýrfjörð.

gar@frettabladid.is

Harry Bretaprins snýr aftur heim eftir fjóra mánuði í Afganistan:

# Segist hafa skotið Talibana

**BRETLAND, AP** Harry Bretaprins, sem er á heimleið eftir fjögurra mánaða herþjónustu í Afganistan, segist hafa lent í aðstæðum sem þyrluflugmaður þar sem hann þurfti að skjóta á Talibana og að einhverjir þeirra hafi fallið.

Í samtali við fréttamenn fyrir heimferðina sagði Harry: „Stundum verður maður að taka líf til að bjarga lífi. Þannig er okkar raunveruleiki, býst ég við. Ef það eru einhverjir að reyna að skaða okkar menn, tökum við þá út.“

Þetta er í annað skiptið sem Harry er við skyldustörf í Afganistan, en hann þurfti að fara heim fyrr en ætlað var fyrri part árs 2008, þar sem upp komst um veru hans þar. Hann stýrir nú Apache-þyrlum sem eru þær öflugustu í breska þyrluflotanum.

Í viðtalinu ræðir Harry um veruna í hernum þar sem hann kann almennt vel við sig sem einn af strákunum. Þó komi stundum upp tilfelli þar sem menn gapi þegar hann kemur inn í messann.

- þj



**Í ELDLÍNUNNI** Harry Bretaprins hefur lokið fimm mánaða herþjónustu í Afganistan. NORDICPHOTOS/AFP

# DEBENHAMS



## Bláa bomban

**VERÐSPRENGJA!**

# 20%

## viðbótarafsláttur

af allri útsöluvöru

Gildir út mánudag

Finndu okkur á facebook

Gerðu lífið skemmtilegra

DEBENHAMS – SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

HYUNDAI NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

NÝR HYUNDAI KEMUR Á ÓVART

BANDALAG ÍSLENSKRA BÍLL ÁRSINS 2013 BÍLABLAÐAMANNA



Hyundai Santa Fe Comfort - Jeppi ársins 2012
Comfort 2,2 dísil, sjálfskiptur. Verð: 7.650 þús. kr.
Eyðsla 6,6 l/100 km.*

Sparneytinn dísiljeppi!



Hyundai ix35 – 4x4
2,0 dísil, beinskiptur. Verð: 5.790 þús. kr.
Eyðsla 5,7 l/100 km.*



Sparneytinn dísilbíll!

Hyundai i30 Classic
1,4 dísil, beinskiptur. Verð: 3.550 þús. kr.
Eyðsla 4,1 l/100 km.*

5 ÁRA ÁBYRGÐ – ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR
Fáir bílaframleiðendur treysta bílum sínum jafnvel og Hyundai sem býður **5 ára ábyrgð og ótakmarkaðan akstur** með öllum nýjum Hyundai bílum.

**ÓKEYPIS LÉTTSKOÐUN** fyrir Hyundai viðskiptavini. Viðskiptavinir Hyundai geta komið með bílinn sinn hvenær sem er í Léttskoðun þeim að kostnaðarlausu.

**Opnunartími Hyundai Kauptúni 1** (Beint á móti IKEA)
Opið frá kl. 07.45–18.00 virka daga og 10.00–16.00 á laugardögum.

HYUNDAI
Kauptúni 1 – 210 Garðabæ
575 1200 – www.hyundai.is
www.facebook.com/hyundai.is

* Miðast við blandaðan akstur samkvæmt framleiðanda
ENNEMM / SÍA / NM56105



**MALÍSKIR HERMENN Í DIABALY** Íbúar bæjarins tóku hermönnunum fagnandi þegar íslamistar höfðu verið hraktir á flótta. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Íbúar í Diabaly tóku vel á móti Frökkum

Franski herinn er kominn til Diabaly í Malí, viku eftir að íslamistar hertóku bæinn. Íslamistarnir hröktust burt eftir linnulausar loftárásir Frakka undanfarna daga. Frakkar vilja að herlið frá Afríkuríkjunum taki við keflinu á næstu vikum.

**MALÍ, AP** Franskir og malískir hermenn náðu á sitt vald bænum Diabaly, viku eftir að íslamistar hertóku bæinn. Íslamistarnir gáfust upp eftir að franski herinn hafði haldið uppi linnulausum loftárásum dögum saman.

„Við erum sannarlega þakklát Frökkum sem skárust í leikinn á síðustu stundu,“ segir Gaoussou Kone, 34 ára íbúi í Diabaly. „Án Frakkanna væri ekki aðeins Diabaly fallinn, heldur væri brátt ekkert Malí til lengur. Þetta lið vildi fara alla leið til Bamako.“

Bamako er höfuðborg landsins. Hún er í suðausturhlutanum en herskáir íslamistar náðu á síðasta ári norðurhluta landsins á sitt vald. Þeir tóku að sækja lengra suður á bóginn nú eftir áramótin og náðu fyrst á sitt vald bænum Konna og síðan Diabaly. Þeir hafa nú verið hraktir á brott frá báðum þessum bæjum.

Franski herinn hóf loftárásir á íslamista þann 11. janúar. Stjórnarherinn í Malí er ekki búinn til þess að takast á við hersveitir uppreisnarmannanna.

Jean-Yves Le Drian, varnarmálaráðherra Frakka, segir að loftárásirnar hafi valdið umtalsverðu mannfalli í röðum uppreisnarliðsins, en vildi þó ekki segja hve margir hafi látist. Frakkar hafi einungis tekið þátt í minni háttar átökum á jörðu niðri.

Frakkar fara nú fram á það að hersveitir frá Afríkuríkjum taki að mestu að sér hernaðinn gegn íslamistunum í Malí, en reiknar með að nokkrar vikur muni líða þangað til lið Afríkuríkja verði tilbúið til átaka. Á meðan muni franski herinn sinna þessu verki.

Íbúar hins strjálbýla norðurhluta Malí eru að mestu túaregar, sem margir hverjir vilja stofna sjálfstætt ríki eða í það minnsta fá einhverja sjálfstjórn, því stjórnvöld í suðurhluta landsins láti sig örlög þeirra hvort eð er litlu varða.

Íslamistarnir, sem hófu uppreisn í norðurhluta landsins á síðasta ári, voru margir málaliðar hjá Múammar Gaddafi, leiðtoga nágrannaríkisins Líbíu, sem steypt var af stóli og síðan drepinn árið 2011.

gudsteinn@frettabladid.is

## Að minnsta kosti 37 gíslar létu lífið

Gíslatakan í Alsír kostaði að minnsta kosti 37 gísla lífið, að því er forsætisráðherra landsins fullyrðir. Að gíslatökunni stóðu íslamistar úr samtökum sem kalla sig Grímuklæddu herdeildina. Í yfirlýsingu frá samtökunum í gær segir að lönd, sem styðja hernað Frakka í nágrannaríkinu Malí, geti búist við fleiri árásum: „Við heitum öllum löndum sem tóku þátt í herferð krossfaranna,“ segir í yfirlýsingunni, „að við munum standa að fleiri aðgerðum ef þau snúa ekki við blaðinu“.

Fíton/SÍA

Viltu leggja þitt af mörkum í starfi VR?

Samkvæmt lögum VR gerir Uppstillinganefnd tillögu um skipan í trúnaðarráð félagsins. Áhugasamir geta gefið kost á sér með því að senda erindi á netfangið uppstillinganefnd@vr.is fyrir kl. 12 á hádegi þann 1. febrúar nk.

Uppstillinganefnd stillir upp lista til trúnaðarráðs sem endurspeglar félagið eins og mögulegt er hvað varðar aldur, kyn og störf félagsmanna. Einnig verður litið til félagsaðildar og starfa fyrir félagið.

Hlutverk trúnaðarráðs VR er að vera stjórn félagsins ráðgefandi varðandi ýmis stærri málefni sem upp koma í starfsemi félagsins svo sem við gerð kjarasamninga og stærri framkvæmda.

Uppstillinganefnd VR

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing Réttlæti VR

# Rýmingarsala

## Múrbúðarinnar í Bæjarlind 6

### Afsláttur af MÚRBÚÐARVERÐI er ávísun á gott verð



Rafhlöðuborvél /skrúfvél HDD 3213 18V DIY
35%
~~8.990~~ **5.840**



30%
Rakaþolið veggljós svart ál 26W
~~3.990~~ **2.790**



30%
Ryco-2000T Rafmagnsþilofn Turbo með yfirhitavari 3 stillingar 2000w
~~4.490~~ **3.140**

**Flísar, flísarestar og útlitsgallaðar flísar**
**Parket, eik planki og 3 stafa Merbau**
**Stálvaskar**
**Sturtuhorn**
**Baðkör, trefjaplast og stál**
**Sturtusett**
**Verkfæri**
**Plastkassar**
**Hillur og hilluefni, (útlitsgallað)**
**Rafmagnsofnar**
**Handklæði**
**Fylgihlutir f. baðherbergið, mikið úrval**
**Handlaugar, mikið úrval**



35%
**1.945**
ZB2105 LED ljós með hleðslurafhlöðu
~~2.995~~



30%
MILAN sturtuhorn 90x90 cm eða 80x80 cm með botni. Vatnslás og botnventill fylgja.
~~22.990~~ **16.090**

Verkfærasett 5 hlutir
~~295,-~~ **192**
35%





Vitra Arkitekt WC
~~8.990~~
án setu
35%
**5.840**



20%
Kaffivél með Thermo hitakönnu 10-12 bolla, 900w
~~2.490~~ **1.990**



30%
Töfrasproti – Blandari
~~2.390~~ **1.670**



35%
**20.735**
VITRA BAÐKÖR
~~31.900~~



30%
HDD1106 580W stingsög DIY
~~3.990~~ **2.790**



Malarhrífa verð frá
40%
~~1.390~~ **834**





**899**
~~1.290~~
30%



ROMA innrétting og spegill
~~37.900~~ **15.900**

## Verkfæri og smáhlutir, 300 vörunúmer, tvö verð – 150 kr. og 250 kr.



Flísjakki með hettu
~~5.990~~ **4.190**
40%
30%
Skv.staðli EN471 og EN343
Úlpa með hettu + flíspeysu
~~12.990~~ **7.990**





Superlight sturtuhaus með ljósi sem breytist eftir hitastigi
~~14.900~~ **5.960**
60%

**3.960**
Moon sturtuhaus
~~9.900~~
60%

## *Opið 13-18*

### *Ath. í Bæjarlind 6 í Kópavogi*

Meiri gæði – Lægra verð – MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
*– Afslátt eða gott verð?*

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

# Umhverfið skal alltaf njóta vafans

**Umhverfisvernd á að vera í forgrunni allrar ákvarðanatöku um norðurslóðir, að mati norrænna utanríkisráðherra. Spenna á milli landa vegna hagsmuna á svæðinu er ekki til staðar. Magnús Jóhannesson gegnir stöðu framkvæmdastjóra Norðurskautsráðsins.**

**TROMSÖ, FRÉTTABLAÐIÐ** Umhverfisvernd kemur alltaf fyrst þegar tækifæri á norðurslóðum verða nýtt í nútíð og framtíð. Spenna á milli þjóðlanda sem eiga hagsmuna að gæta á svæðinu er mjög ýkt í almennri umræðu. Um þetta tvennt eru utanríkisráðherrar Noregs og Svíþjóðar sammála.

Þetta er meðal þess sem kom fram á fyrsta degi sjöundu norðurslóðaráðstefnunnar Arctic Frontiers 2013, sem nú er haldin í Tromsö í Noregi og þeirrar sjöundu í röðinni.

Svæði sem var áberandi í óöryggi kaldastríðsáranna er nú fyrirmynd í alþjóðasamstarfi sagði Carl Bildt, utanríkisráðherra Svíþjóðar og formaður Norðurskautsráðsins, í ræðu sinni. Hann bætti við að ef aðeins eitt sé öruggt þá sé það sú staðreynd að mikilvægi norðurslóða mun stóraukast á allra næstu árum, og samstarf þjóða skyldi skoða í því ljósi.

„Umhverfismálin eru í forgrunni þess sem við erum að gera. Hlýnun jarðar er staðreynd á sama tíma og Kínverjar og Indverjar opna nokkrar verksmiðjur á mánuði sem nýta kolaorku. Þróunin vekur ugg og við sjáum afleiðingarnar hér,“ sagði Bildt og bætti við að þessum staðreyndum verði að halda á lofti á alþjóðlegum vettvangi á sama tíma og lönd á norðurslóðum þurfi að gera meira í tilliti til umhverfismála.

Bildt tók sérstaklega fram að olíu- og gasvinnsla væri mest í umræðunni en námuvinnslu ættu menn að gefa meiri gaum. „Það er í þessu ljósi sem unnið er að því að styrkja Norðurskautsráðið sem langmikilvægasta vettvang þessarar umræðu og vettvang framtíðarsamvinnu þjóða í þessum heimshluta um fyrirsjáanlega framtíð,“ sagði Bildt.

Espen Barth Eide, utanríkisráðherra Noregs, sagði að málefni norðurslóða hafi verið og verði eitt af hryggjarstykkjunum í norskri utanríkisstefnu; að vinna að sífellt betra alþjóðlegu samstarfi um nýtingu og verndun svæðisins með sjálfbærni að leiðarljósi. Hann sagði tækifærin nær endalaus í kjölfar þess að sífellt fleiri svæði væru að verða aðgengileg á norðurslóðum. Það þýði jafnframt að álitamálunum sem krefjast úrlausnar fjölgar að sama skapi.

„Hlýnun jarðar eru vondar fréttir, og mannamót um tækifæri sem loftslagsbreytingar hafa í för með sér verður alltaf að hafa þá staðreynd í forgrunni,“ sagði Eide og lagði þunga áherslu á að umhverfismál yrðu alltaf að vera mönnum ofarlega í huga þegar nýting, hver sem hún væri, er rædd.

Eide sagði öll löndin sem eiga hagsmuna að gæta á svæðinu viðurkenna að hafréttarsáttmáli Sameinuðu þjóðanna gildi á svæðinu „Við búum því á svæði sem gæti verið vettvangur átaka og spennu, en þvert á móti, einkennir friður og eindrægni öll samskipti,“ sagði Eide.

svavar@frettabladid.is



**NÝ FASTASKRIFSTOFA** Espen Barth Eide, utanríkisráðherra Noregs, og Magnús Jóhannesson, framkvæmdastjóri Norðurskautsráðsins við opnun fastaskrifstofu Norðurskautsráðsins í Tromsö í Noregi í gær.

## ORÐINN VETTVANGUR ÁKVÖRÐUNARTÖKU

- Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóri umhverfisráðuneytisins til margra ára, tók í gær við embætti framkvæmdastjóra Norðurskautsráðsins, þegar fastaskrifstofa ráðsins var opnuð í Tromsö. Að mati utanríkisráðherra Svíþjóðar og Noregs, Espen Barth Eide og Carl Bildt, hefur mikilvægi Norðurskautsráðsins stóraukist á stuttum tíma, og er orðinn vettvangur ákvörðunartöku en ekki aðeins samræðu.
- Norðurskautsráðið er mikilvægasti vettvangurinn fyrir samráð og samstarf á norðurslóðum.
- Ráðið eru einu svæðasamtökin sem ná til alls svæðisins með aðild allra ríkja þess.
- Það var stofnað árið 1996 sem samráðs- og samstarfsvettvangur norðurskautsríkjanna átta, Bandaríkjanna, Danmerkur (Grænland, Færeyjar), Finnlands, Íslands, Kanada, Noregs, Rússlands og Svíþjóðar, og sex helstu samtaka þeirra frumbyggja sem þar búa.
- Megináherslur Norðurskautsráðsins hafa frá upphafi snúið að umhverfismálum og leiðum til að tryggja sjálfbæra þróun á norðurslóðum. Vaxandi sókn í auðlindir norðurslóða og auðveldari aðgangur að þeim með tilkomu nýrrar tækni og hlýnandi loftslags hefur orðið til þess að auka pólitískt mikilvægi Norðurskautsráðsins.



Átak í Kaupmannahöfn:

# Reykjandi múslímar stöðvaðir

**DANMÖRK Tungumálaörðugleikar eiga ekki að koma í veg fyrir að menn hætti að reykja. Þetta er mat yfirvalda í Kaupmannahöfn sem ákváðu að láta tóbaksvarnarráðgjafa stöðva múslíma á leið til föstudagsbænar. Múslímarnir voru ávarpaðir á arabísku og þeim tjáð að hægt væri að fá aðstoð án endurgjalds við að drepa í sígarettunni.**

**Rannsóknir hafa leitt í ljós að yfir helmingur útlendinga í Danmörku vill hætta reykingum, að því er segir í frétt á vef Jyllands-Posten.** - ibs

Fyrirséð útgjöld ríkisins vegna lífeyrisskulda og Íbúðalánasjóðs tæplega 500 milljarðar:

# Skuldastaða ríksins verri en ætla mætti

**EFNAHAGSMÁL** Sé áætluðum lífeyrisskuldbindingum ríkisins og fyrirséðum útgjöldum vegna vanda Íbúðalánasjóðs bætt við heildarskuldir ríkissjóðs hækka þær úr um 1.500 milljónum króna í hátt í 2.000 milljónir.

Þetta kemur fram í nýjustu Hagsjá hagfræðideildar Landsbankans sem gefin var út á föstudag. Er þar fjallað um skuldastöðu ríkisins og helstu óvissuþætti er snúa að því markmiði að lækka skuldir ríkissjóðs.

Í Hagsjánni kemur fram að miðað við áætlanir stjórnvalda verði skuldir ríkisins um 1.500 milljarðar í lok árs, eða um 80% af landsframleiðslu.

Til lengri tíma litið sé hins vegar stefnt að því að ná skuldum ríkisins niður í 45 til 50% af landsframleiðslu. Er áætlað að lækkun skulda hefjist á næsta ári þegar búist er við að afgangur verði af fjárlögum í fyrsta sinn frá bankahruni.

Samkvæmt reikningum hagfræðideildar Landsbankans þarf hins vegar mun meiri afgang úr rekstri ríkisins en fyrirsjáanlegur er á næstu árum til þess að markmiðið um verulega lækkun skulda náist.

Munar þar mestu um að ef ríkissjóður legðist í skuldabréfaútboð til að fjármagna rekstur Íbúðalánasjóðs og standa undir lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs myndu bætast við tæplega 50 milljarðar á ári við rekstrarkostnað hins opinbera samkvæmt útreikningum hagfræðideildarinnar. - mþl



**FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ** Hagfræðideild Landsbankans bendir á að fyrirséð útgjöld ríkissjóðs hækka skuldastöðu hans verulega.

Nýjung í Hlíðarfjalli:

# Veita leyfi fyrir þyrluskíðafólk

**AFÞREYING** Íþróttaráð Akureyrar hefur samþykkt að félagið Bergmenn fái leyfi til að gera tilraun með sölu og markaðssetningu þyrluskíðaferða frá skíðasvæðinu í Hlíðarfjalli. Skilyrði er að Bergmenn vinni þetta verkefni í fullu samráði við forstöðumann Hlíðarfjalls. Fyrirtækið hefur áður boðið upp á þyrluskíðaferðir á Tröllaskaga. Stofnandi Bergmanna er Jökull Bergmann fjallaleiðsögumaður. - gar



**JÖKULL BERGMANN**

Kirkja ósátt við fræðimann:

# Rannsókn á barnaníði hætt

**ÞÝSKALAND, AP Kaþólska kirkjan í Þýskalandi hefur blásið af óháða rannsókn viðurkennds fræðimanns á kynferðisglæpum innan kirkjunnar.**

**Árið 2011 bað kirkjan prófessor Christian Pfeiffer, við Afbrotafræðistofnun Neðra-Saxlands, að rannsaka gögn um misbeitingu allt frá árinu 1945. Rannsóknin var hluti af viðleitni kirkjunnar eftir að kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum í Þýskalandi og víðar komust í hámæli árið 2010. Pfeiffer segir samstarfið við kirkjuna hafa gengið vel í fyrstu, en síðan hafi biskupsdæmið í München farið fram á óásættanlega stjórn yfir rannsókninni.** - óká



**CHRISTIAN PFEIFFER**

Deila um leiði til ráðherra:

# Gröf leynt fyrir tengdamömmu

**DANMÖRK** Sóknarnefnd á Norður-Sjálandi hefur í þrjú ár neitað að upplýsa Ann Brydholm um hvar leiði sonar hennar, Claus Brydholm, er. Leiðið var á leynilegum stað í kirkjugarðinum í Karlebo og án legsteins þar til fyrir stuttu vegna óska ekkjunnar en nú hafa jarðneskar leifar Brydholms verið fluttar annað, að því er greint er frá í Jyllands-Posten.

Biskupinn í Helsingjaeyri, Lise-Lotte Rebel, benti formanni sóknarnefndarinnar, Ellen Ladhøj, á það fyrir tveimur árum að það kynni að brjóta í bága við lög að neita Brydholm um upplýsingar um hvar sonur hennar væri jarðsettur. Ladhøj kveðst skilja óskir móðurinnar. Hún vill þó heldur fara í fangelsi en segja henni hvar leiðið er. Segir hún það vera af tillitsemi við börn Claus Brydholms.

Málið er nú komið á borð Manu Sareens kirkjumálaráðherra. - ibs



# Náttúru

## Valið er þitt...




PENNINN - Hallarmúla 4
Austurstræti 18

Skólavörðustíg 11
Kringlunni

Álfabakka 14b, Mjódd
Smáralind

Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2

Akranesi - Dalbraut 1
Akureyri - Hafnarstræti 91-93

Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Ísafirði - Hafnarstræti 2

# lega!




Hjá Pennanum fást hreinlætisvörur frá Kiehl og Stadsing



Hugum að umhverfinu og veljum umhverfisvottaðar vörur frá Pennanum



**Lækkað vöruverð**

á **600** vörunúmerum í myndlistardeildinni.



Mesta úrvalið af myndlistarvörum finnur þú í Pennanum Hallarmúla 4.

**Penninn** og **Eymundsson** um land allt

Verið hjartanlega velkomin í verslanir Pennans og Eymundsson um land allt.

Klaufaleg ummæli um hælisleitendur ættu ekki að yfirskyggja raunveruleg úrlausnarefni:

# Mál sem má ræða

Klaufaleg ummæli Kristínar Völundardóttur, forstjóra Útlendingastofnunar, um svokallaða hælisferðamennsku (e. asylum tourism) hafa skiljanlega vakið hörð viðbrögð. Af þeim mátti skilja að það ætti við um verulegan hóp hælisleitenda að hann væri fólk sem stundaði að „fara til útlanda og kynnast landi og þjóð og nýti sér þá þjónustu sem hælisleitendum stendur til boða“.

Í ljósi þess að flestir hælisleitendur eru bágstatt fólk, sem flýr stríðsátök eða ofsóknir í heimalandi sínu, þóttu mörgum þetta engan veginn viðeigandi ummæli.

Forstjórinn skýrði hins vegar mál sitt í yfirlýsingu, sem hún sendi frá sér eftir að allt var farið í háaloft yfir ummælum hennar í fréttum Ríkisútvarpsins. Þar segist hún hafa ætlað að koma því á framfæri að hælisleitendum hafi fjölgað gríðarlega á Íslandi síðustu ár og afleiðing þess væri meðal annars að málsmeðferðartími hjá Útlendingastofnun væri orðinn of langur. Það hefði ýmsar óæskilegar afleiðingar í för með sér, fyrst og fremst fyrir þá sem sæktu um hæli og þyrftu að bíða lengi í óvissu.



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

„Langur málsmeðferðartími getur því miður einnig haft það í för með sér að einhverjir einstaklingar reyni að misnota þá aðstoð sem stendur hælisleitendum til boða og eru stofnuninni vel kunnar slíkar aðstæður sem skapast hafa hjá nágrannaríkjum okkar,“ segir Kristín. „Af reynslu nágrannaríkjanna hefur það sýnt sig að besta leiðin til að koma í veg fyrir misnotkun á kerfinu er að málsmeðferð sé skjótvirk og sanngjörn.“

Hún bætir því við að á síðustu vikum hafi „nokkur hópur einstaklinga“ sótt um hæli, sem gæti fallið í hóp svokallaðra hælisferðamanna. Algengt sé að þetta fólk beri ekki fyrir sig ofsóknir sem ástæðu flótta, heldur efnahagslegar ástæður. Það falli því ekki undir flóttamannasamning Sameinuðu þjóðanna, en eigi engu að síður rétt á vandaðri málsmeðferð.

Það er ekki óeðlilegt að hælisleitendum fjölgi á Íslandi, því að í samanburði við flest nágrannalönd hafa þeir verið fáir hér. Ísland hefur sömuleiðis staðið sig verr en flest Evrópulönd í móttöku flóttamanna. Fjölgun hælisleitenda hefur ekki fylgt nauðsynleg efling Útlendingastofnunar. Í nóvember síðastliðnum var lögfræðingum, sem fara með mál hælisleitenda, fjölgað úr tveimur í fjóra sem að mati Kristínar dugir ekki til að vinna á málahalanum sem þegar er orðinn til. Á milli áranna 2011 og 2012 fjölgaði hælisleitendum um 50% og kostnaður skattgreiðenda af uppihaldi þeirra hækkaði úr 108 milljónum í 220.

Þetta eru raunveruleg úrlausnarefni. Fólk sem sækir um hæli á Íslandi á rétt á skjótri og vandaðri málsmeðferð. Efling Útlendingastofnunar til að halda í við fjölgun hælisleitenda myndi spara útgjöld annars staðar í ríkiskerfinu. Og ef slíkar úrbætur draga úr líkum á að lítill hópur misnoti kerfi sem búið var til í þeim tilgangi að hjálpa bágstöddu fólki eru þær líka eðlilegar og sjálfsagðar.

Um þetta má tala og leita að lausnum. Klaufaskapur forstjórans í fjölmiðlum á ekki að yfirskyggja það viðfangsefni.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edward **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Páli misbýður mannfyrirlitning**
Páll Magnússon útvarpsstjóri ræðir, í helgarviðtali við DV, ásakanir á hendur starfsmönnum fréttastofu Ríkisútvarpsins. Hann kallar það mannfyrirlitningu að saka fréttamennina um að þjóna einhverjum stjórnmálaflokka. Í því felist ásökun um það að þeir séu annað hvort „ófaglegir hagsmunapotarar eða liðleskjur sem hlýða fyrirmælum þeirra sem eru samsekir um samsæri með stjórnmálaflokki“. Í ljósi þessara orða Páls, sem eru mjög réttmæt, er ekki úr vegi að rifja upp orð sem Páll hefur sjálfur látið falla um aðra fréttamenn; nefnilega á 365, sem meðal annars gefur út Fréttablaðið. Páll telur að eignarhald á stærsta fjölmiðlafyrirtæki landsins geti verið góð leið til að öðlast tök á „ístöðulitlum stjórnmálaflokkum og stjórnmálamönnum“.



**Sama mannfyrirlitningin**
Hvað felst í þessum orðum útvarpsstjóra? Jú, nákvæmlega sama ásökunin og hann sjálfur kallar mannfyrirlitningu. Trauðla er hægt að öðlast tök á stjórnmálaflokkum í gegnum fjölmiðla nema beita starfsmönnum fjölmiðlanna, eða hvað? Páli finnst því í lagi að saka starfsmenn annarra fjölmiðla en þess sem hann stýrir um að vera liðleskjur eða að hlýða fyrirmælum sem faglega misbjóða þeim.

**Kýrskýrt**
Birna Lárusdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, spurði Ögmund Jónasson innanríkisráðherra út í innanlandsflug. Einn liður spurningarinnar sneri að því hver væri stefna ríkisins varðandi gjaldtöku í innanlandsflugi. Svarið er kýrskýrt: Stefna ríkisins um gjaldtöku í innanlandsflugi er að hafa gjöldin hófleg. Þá liggur það fyrir.



kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Opinber ummæli og ábyrgð

FLÓTTAMENN



**Toshiki Toma**
prestur innflytjenda

Fyrir helgina vöktu ummæli Kristínar Völundardóttur, forstjóra Útlendingastofnunar (ÚTL), talsverða athygli. Hún talaði í þætti á RÚV og sagði að fólk sem væri að leita hælis á Íslandi væri ekki hælisleitendur í raun og ætlaði sér að vinna ólöglega eða hefði í huga annan tilgang en hælisleit.

Hún hélt áfram: „Þetta getur verið fýsilegur kostur, að fá frítt fæði og húsnæði þegar málsmeðferðin er svona hrikalega löng.“ Hún benti einnig á grunsemdir um að þeir væru að njóta „asylum shopping“ hérlendis.

Mér skilst að eftirlit með dvöl útlendinga í landinu sé hlutverk ÚTL. Því finnst mér það óhjákvæmilegt að ÚTL skoði mál um hælisleitendur út frá faglegu sjónarmiði. Ráðuneytið hlýtur að skoða mál með tilliti til pólitískra hagsmuna og frjáls félagasamtök eða aðilar munu horfa á mál með hliðsjón af mannúðarsjónarmiðum og á það t.d. við um mig. Ef slíkur gagnkvæmur skilningur er fyrir hendi getum við borið virðingu fyrir öðrum sem hafa aðra skoðun en við sjálf. ÚTL gæti séð eitthvað sem við sjáum ekki og öfugt.

Ég þekki nokkra hælisleitendur og hef hlustað á þá. Og ég tel að þeir séu ekki að njóta „asylum shopping“ á Íslandi. Ég trúi sögu þeirra þegar þeir tala um ofsóknir sem þeir hafa mætt eða um eigin fjölskyldu eða börn sem er aðskilin í heimalandinu. Já, einmitt. Ég hef ekki sannanir en að safna sönnunargögnum er ekki mitt hlutverk. Og því reyni ég – rétt eins og aðrir aðilar með mannúðarsjónarmið – að vera með hælisleitendum á biðtíma með því að stappa í þá stálinu þangað til ÚTL rannsakar áreiðanleika sagnanna.

**➜ Ráðuneytið hlýtur að skoða mál með tilliti til pólitískra hagsmuna og frjáls félagasamtök eða aðilar munu horfa á mál með hliðsjón af mannúðarsjónarmiðum og á það t.d. við um mig.**

Mér sýnist ummæli forstjórans komin langt út fyrir ramma hlutverks stofnunarinnar þó að ég taki tillit til þeirrar ábyrgðar sem hún ber í vandasamri stöðu. Ef ÚTL hefur svona neikvæða ímynd fyrirfram af sínum eigin skjólstæðingum eyðileggur það forsendur samfélagsins er varða málefni hælisleitenda. Þá langar mig að spyrja hvort ummæli forstjóra ÚTL í útvarpsþættinum séu í sátt við opinbera ábyrgð hennar? Er þetta í lagi?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Hættulegar uppfinningar fyrir heilsuna



HEILSA
Teitur Guðmundsson
læknir

> Það má því með nokkurri kaldhæðni segja að uppfinningarnar létti okkur daglegt líf og geri það þægilegra, en á sama tíma ýta þær undir leti, ofát og hreyfingarleysi sem drepur okkur í meiri mæli en við höfum áður þekkt.

Þegar maður horfir um öxl á tækninýjungar sem hafa orðið á undanförnum árum er ekki hægt annað en að dást að elju og uppfinningasemi okkar mannanna. Margar af þeim nýjungum hafa valdið algerum straumhvörfum í lífi okkar, ekki síst á Vesturlöndum þar sem lífslíkur hafa aldrei verið hærri. Möguleikar læknisfræðinnar aukast ár frá ári í að takast á við sjúkdóma og heilsufarsleg vandamál en þar leika þróun meðferða, lyfja og tækjabúnaðar aðalhlutverkin auk fjölda umhverfisþátta.

En það er hægt að velta þessu á annan hátt fyrir sér og segja að þrátt fyrir ótrúleg tækifæri til að sigrast á sjúkdómum með tækninýjungum, þá geta þær haft hættuleg lýðheilsufarsleg vandamál í för með sér. Ef við skoðun þá hluti sem okkur þykja sjálfsagðir í dag og teljast til þæginda nútímans þá má segja að þar fari líklega einar hættulegustu uppfinningar fyrir heilsuna sem við þekkjum.

Tökum sjónvarpið sem dæmi, uppfinningin er orðin rúmlega hundrað ára, en segja má að almenn notkun hafi byrjað fyrir nokkrum áratugum og í dag getum við varla hugsað okkur að vera án þess. Við eyðum vitaskuld mismiklum tíma á rassinum fyrir framan imbakassann en rannsóknir í Bandaríkjunum sýna að meðaláhorf einstaklings er 34 klukkustundir á viku, en fer allt að 48 klukkustundum hjá 65 ára og eldri. Notkun tölvuleikja, spjaldtölva og snjallsíma hefur svo bæst við hjá yngri kynslóðinni og aukist verulega undanfarin ár.

### Faraldur lífsstílssjúkdóma

Það þarf engan lækni til að sjá samhengið á milli hreyfingarleysis, offitu, lífsstílssjúkdóma og sjónvarpsgláps. Okkur er öllum ljóst að við erum að fást við faraldur lífsstílssjúkdóma sem er tilkominn að hluta vegna þeirra nútímalegu þæginda sem við búum við.

Síminn er eldri uppfinning sem gjörbylti samskiptum milli fólks forðum daga og enn frekar þegar við fengum farsímann og síðar veraldarvefinn. Nú til dags þykir ekkert tiltökumál að hverfa aftur til morslíkra samskipta með nýyrðum í SMS-sendingum unglinga sem kalla mætti afturhvarf þróunarinnar. Streita og álag sem fylgir því að vera stöðugt „online“, svara textaskilaboðum og tölvupóstum ýtir líklega undir félagslega einangrun, vanlíðan og gervinánd frekar en hitt og eykur örugglega ekki samskiptahæfni einstaklinga. Fjarlægðin sem Internetið veitir getur ýtt undir lægri hvatir, einelti og dómgreindarleysi í nafnlausri umræðu hinna huglausu. Þá má ekki gleyma þeirri þörf okkar nútímafólksins að sýnast á Facebook og eyða tíma í að „hnýsast“ í málefni náungans á áður óþekktan máta.

### Virðing fyrir líkamanum

Misvísandi upplýsingar um skaðsemi notkunar gera okkur enn erfitt fyrir en ljóst er að allar þær rafsegulbylgjur sem umlykja okkur allan liðlangan daginn ýta ekki undir heilbrigði okkar nema síður sé. Þá hafa umhverfisáhrif, reykingar, áfengi, mataræði, hreyfing, almennur aðbúnaður og aðgengi að heilbrigðisþjónustu sitt að segja. Tíðni krabbameina á heimsvísu samkvæmt World Cancer Research Fund er algengara í þróuðum löndum, en meðaltal allra meina er 1,7 sinnum hærra þar en í vanþróuðum ríkjum án þess að vitað sé um fullnægjandi skýringar. Sé horft til dauðsfalla á heimsvísu telur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin að rúmlega 60% þeirra megi rekja til svokallaðra lífsstílssjúkdóma og eru þær tölur vaxandi.

Það má því með nokkurri kaldhæðni segja að uppfinningarnar létti okkur daglegt líf og geri það þægilegra, en á sama tíma ýta þær undir leti, ofát og hreyfingarleysi sem drepur okkur í meiri mæli en við höfum áður þekkt. Þess vegna eru þetta hættulegar uppfinningar fyrir heilsuna. Þegar öllu er á botninn hvolft er mikilvægt að við séum meðvituð um jafnvægi og það að nýta uppfinningarnar okkur til góðs. Hugsaðu um heilsuna og eigið líf, þú fékkst einn líkama, berðu virðingu fyrir honum svo hann endist þér vel og lengi.

## AF NETINU

### Flóttatúristar

Auðvitað má ræða misnotkun á kerfinu. Spurningin er hinsvegar hver á að gera það, á hvaða vettvangi og í hvaða samhengi. Reiði almennings í garð forstjóra Útlendingastofnunar stafar ekki af því að fólk sem misnotar kerfið sé tabú, heldur af því að undantekningar eru notaðar sem réttlæting fyrir seinagangi og vondum vinnubrögðum. Þau vandamál eru á ábyrgð stofnunarinnar en stafa ekki af því að mikill fjöldi ævintýramanna sé í heimsreisu á kostnað skattgreiðenda. Það er einnig smekkleysa að setja þá sem flýja örbirgð í sama flokk og svikahrappa.

http://blog.pressan.is/evahauks/

*Eva Hauksdóttir*

### Myrkur af mannavöldum

Í kosningunum í vor verður kosið um myrkur af mannavöldum. Þögull meirihluti þjóðarinnar á þá kost á að hleypa pólitískum bófaflokkum að völdum. Þeim sem settu okkur á hausinn með trylltri einkavinavæðingu fjármála, eftirlitsleysi með gæludýrum þeirra í bönkunum og furðulegri stjórn Seðlabankans. Næst munu bófaflokkarnir ryðjast með stórvirkar vinnuvélar á Reykjanesskagann og eyða fegurstu stöðum á mesta ferðamannasvæði landsins. Þeir munu stöðva tilraunir til gegnsæis í stjórnsýslu, svo ekki verði hróflað við gamalkunnu gerræðinu. Stjórnarskráin verður fryst af sömu ástæðu. Myrkur verður af mannavöldum.

http://www.jonas.is/

*Jónas Kristjánsson*

# Jafnaðarstjórn í fjögur ár: Sigrar í jafnréttismálum



JAFNRÉTTI
Jóhanna Sigurðardóttir
forsætisráðherra
Fyrsta grein

Hugsjónin um jafnrétti kynjanna er einn af hornsteinum ríkisstjórnarinnar. Til að tryggja að jafnréttismálin séu jafnan til umræðu í breiðum hópi ráðherra úr báðum stjórnarflokkunum er starfrækt sérstök ráðherranefnd um jafnrétti kynjanna undir forystu forsætisráðherra. Aldrei áður hefur jafnréttismálum verið gert jafn hátt undir höfði af nokkurri ríkisstjórn hér á landi. Einstök frammistaða Íslands á þessu sviði — og vaxandi árangur ár frá ári — hefur verið staðfestur af fjöldamörgun alþjóðastofnunum. Þeirra þekktust er Alþjóða efnahagsráðið sem hefur skipað Íslandi fjögur ár í röð í efsta sæti í mælingum sínum á jafnrétti í heiminum.

### Fallnir múrar – brotin glerþök

Jafnrétti kynjanna snýst ekki bara um lagabókstaf og formleg réttindi heldur ekki síður um hvort konur eigi jafnan aðgang að völdum og hafi jöfn áhrif á mótun samfélagsins. Þar höfum við þurft að fella múra og rjúfa glerþök. Í fyrsta skipti í Íslandssögunni gerðist það á þessu kjörtímabili að hlutur kynjanna í ráðherraembættum varð jafn og í fyrsta skipti gegna konur embættum fjármálaráðherra og forsætisráðherra.

Með lagabreytingum á árinu 2010 var konum ruddur vegurinn að stórauknum hlut í stjórnum hlutafélaga og lífeyrissjóða með lögum um 40% kynjakvóta sem taka gildi í september á þessu ári. Áhrifa þessarar lagabreytingar er þegar farið að gæta og konum í fararbroddi í atvinnulífinu fer fjölgandi. Núverandi ríkisstjórn er sú fyrsta í sögunni sem nær lögbundnum hlut kynjanna í nefndum og ráðum á vegum stjórnvalda.

### Launamunur kynjanna

Þó dregið hafi úr launamun kynjanna á kjörtímabilinu er þar mikið verk óunnið. Búið er að taka á kynbundnum launamun í öllum ráðuneytum og nýlega var samþykkt ítarleg framkvæmdaáætlun um launajafnrétti kynjanna sem inniheldur enn fleiri róttækar aðgerðir á sviði launajafnréttis. Starfandi er aðgerðahópur á vegum stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins sem samræmir aðgerðir í þeim efnum og vinnur að innleiðingu jafnlaunastaðals sem nú er tilbúinn, en unnið hefur verið að á undanförnum árum.

### Ný sókn er hafin

Með skýrri forgangsröðun ríkisstjórnarinnar var staðinn vörður um almannaþjónustuna og atvinnu kvenna og nú er það efnahagslega svigrúm sem skapast hefur nýtt til nýrrar sóknar m.a. til að hækka aftur fæðingarorlofsgreiðslur, barnabætur og lengja fæðingarorlofið í tólf mánuði. Þá hafa styrkveitingar hafist að nýju úr Jafnréttissjóði, sem var tímabundið lagður til hliðar í kjölfar kreppunnar.

> → **Þeirra þekktust er Alþjóða efnahagsráðið sem hefur skipað Íslandi fjögur ár í röð í efsta sæti í mælingum sínum á jafnrétti í heiminum**

### Gegn kynbundnu ofbeldi

Baráttan gegn kynbundnu ofbeldi hefur frá fyrsta degi verið á forgangslista ríkisstjórnarinnar. Unnið hefur verið eftir fyrstu aðgerðaáætlun Íslands gegn mansali, alþjóðlegir samningar gegn mansali og gegn kynferðislegri misnotkun á börnum hafa verið fullgiltir og Evrópuráðssamningur gegn kynbundnu ofbeldi undirritaður af Íslands hálfu. Ákvæði sem heimila brottflutning ofbeldismanna af heimili, hin svokallaða austurríska leið, hafa verið leidd í lög. Kaup á vændi hafa verið gerð refsiverð og nektarstaðir bannaðir. Stutt hefur verið fjárhagslega við aðgerðir grasrótarsamtaka, s.s. stofnun Kristínarhúss og kaup Kvennaathvarfs á stærra húsnæði og á þremur árum verður 114 milljónum króna varið til vitundarvakningar um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Þá eru aðeins fáeinir dagar síðan ríkisstjórnin setti á fót samráðshóp til þess að sporna gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum.

Þannig vinnast sigrarnir í jafnréttismálum, hver á fætur öðrum, undir forystu okkar jafnaðarmanna.

**Menntadagur iðnaðarins**

*- Grunnmenntun efld í raunvísindum og tækni -*

**Grand Hótel Reykjavík – Gullteig**
**24. janúar kl. 9.00-12.00**

**DAGSKRÁ**

**Katrín Jakobsdóttir**, mennta- og menningarmálaráðherra

**Kynning á GERT**

*Grunnmenntun efld í raunvísindum og tækni - GERT - er heiti aðgerðaáætlunar Samtaka iðnaðarins, mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga til að auka áhuga grunnskólanemenda á raunvísindum og tækni.*

**„Staða íslenskra nemenda og framtíðarþörf samfélagsins“**
Dr. Elsa Eiríksdóttir lektor á Menntavísindasviði HÍ

**GERT og næstu skref**
Katrín D. Þorsteinsdóttir forstöðumaður menntamála hjá SI

**Væntingar til GERT**
Ásta Magnúsdóttir ráðuneytisstjóri mennta- og menningarmálaráðuneytis
Halldór Halldórsson formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga
Jón Torfi Jónasson forseti Menntavísindasviðs HÍ

**Menntakönnun SA**
Bjarni Már Gylfason hagfræðingur SI

**Fyrirspurnir**
Orri Hauksson framkvæmdastjóri SI stýrir umræðum

**Fundarlok**
Svana Helen Björnsdóttir, formaður SI slítur fundi

Fundarstjóri er Finnur Oddsson, aðstoðarforstjóri Nýherja

**Nánari upplýsingar og skráning á www.si.is**

*Samtök iðnaðarins - www.si.is*

# Elysée-samningurinn 50 ára

UTANRÍKISMÁL



**Thomas Hermann Meister**
sendiherra Þýskalands



**Marc Bouteiller**
sendiherra Frakklands

Vissir þú að fleiri en átta milljónir nemenda hafa tekið þátt í verkefnum gegnum Fransk-þýsku ungmennaskrifstofuna, og að fleiri en 61.000 tóku þátt í nemendaskiptum milli Frakklands og Þýskalands bara á árinu 2011?

Það vita ekki allir að nú til dags er það hefðbundin iðja hjá þýskum og frönskum ráðuneytum að taka á móti opinberum starfsmönnum frá hinu landinu í starfaskipti. Þeir vinna eins og næsti starfsmaður og oft á æðstu stigum, t.d. á skrifstofu ráðherra í þýska eða franska utanríkisráðuneytinu.

Fransk-þýska sjónvarpsstöðin Arte hefur frá stofnun, árið 1990, boðið upp á sjónvarpsefni af miklum gæðum og af fjölbreyttu tagi, frá báðum löndunum. Hún er í dag viðmið annarra í framúrskarandi sjónvarpsframleiðslu.

Sameiginleg hersveit landanna tveggja var sett á laggirnar árið 1989 og er í dag fordæmi annarra í náinni samvinnu milli landa í öryggis- og varnarmálum.

Hver er grunnurinn að þessari farsælu samvinnu? Fyrir nákvæmlega 50 árum, 22. janúar 1963, einsettu Charles de Gaulle og Konrad Adenauer sér að ganga veg sátta Frakklands og Þýskalands. Þetta var söguleg stund, þrungin tilfinningum. De Gaulle og Adenauer gerðu sér fulla grein fyrir því að þeir væru að móta framtíðarsamskipti landanna tveggja, sem og Evrópu allrar.

Síðan 1963 hafa bönd þjóða okkar vaxið og dafnað á öllum sviðum: stjórnmálum, öryggis- og efnahagsmálum, ungmennaskiptum og menningartengslum.

### Á öllum stigum

Samskiptin eiga sér stað á öllum stigum: skólar okkar hafa t.d. sameiginlegt próf, sambærilegt menntaskólapróf, AbiBac-prófið, sem tryggir að stúdentar tala tungumál hins landsins. Við höfum m.a.s. sameiginlega námsbók í sögu, með sama efni og sömu uppsetningu, um sögu Evrópu frá fornöld til nútímans. Héruð okkar og bæjarfélög eru tengd saman með 2.200 vinabæjartengslum, sem er ein besta leiðin til að styrkja sambandið milli einstaklinga.

Á efnahagslega sviðinu eru þó nokkrir snertipunktar. Sem dæmi hittast, á hverju ári, um það bil 50 forstjórar fyrirtækja á sameiginlegum fundum í borginni Evian, til að ræða málefni sem snerta bæði löndin og til að styrkja tengslin.

Samvinnan nær á hæstu stig: ríkisstjórnir landanna eiga sameiginlegt ráð þýskra og franskra ráðherra, þar sem forseti Frakklands og kanslari Þýskalands hafa haft forsæti tvisvar á ári síðan 2003. Þetta er tækifæri fyrir ráðamenn beggja landa til að skiptast á skoðunum og bera saman stefnu sína.

Élysée-samningurinn ruddi brautina fyrir uppbyggingu Evrópu eins og hún leggur sig, en lagði einnig línurnar í tvíhliða samvinnu og setti markmið fyrir áratugina fram undan. De Gaulle og Adenauer voru framsýnir og lögðu áherslu á að byggja upp traust og brúa bilið milli ungu kynslóðarinnar í báðum löndunum.

**➜ Síðan 1963 hafa bönd þjóða okkar vaxið og dafnað á öllum sviðum**

Angela Merkel kanslari og Francois Hollande forseti munu hittast í dag, ásamt þingmönnum og ráðherrum beggja landa, til að fagna þessum merka degi og halda upp á vináttu Frakklands og Þýskalands. Í september á síðasta ári ýttu leiðtogarnir úr vör sameiginlegu ári Þýskalands og Frakklands, sem skartar mörgum litríkum viðburðum og nær hápunkti í 50 ára afmæli Fransk-þýsku ungmennaskrifstofunnar (frekari upplýsingar á www.elysee50.de og www.elysee50.fr).

Af þessu sérstaka tilefni viljum við gera hátt undir höfði styrk og dýpt sambands Frakklands og Þýskalands. Söguleg mynd kemur oft upp í hugann í þessu samhengi: franski forsetinn Francois Mitterand og þýski kanslarinn Helmut Kohl, standandi hönd í hönd, 22. september 1984 í Douaumont, nálægt Verdun, 70 árum eftir upphaf fyrri heimsstyrjaldarinnar.

Þýskaland og Frakkland eru stofnmeðlimir Evrópusambandsins. Á síðustu mánuðum höfum við unnið saman, ásamt öðrum Evrópulöndum, við að koma á markvissum aðgerðum til að yfirstíga erfiðleika evrunnar, þannig að lönd sem eiga í erfiðleikum geti minnkað halla sinn. Að auki voru Frakkland og Þýskaland í fremstu línu þegar kom að samþykkt aðgerða til að koma hagvexti, fjárfestingu og atvinnulífi aftur af stað, sem og að gera Evrópulöndin samkeppnishæfari.

# Eru hælisleitendur túristar?

FLÓTTAMENN



**Teitur Atlason**
f. h. Samtaka áhugafólks um mál flóttamanna

Málefni flóttafólks og hælisleitenda hafa verið í deiglunni að undanförnu. Allskonar fólk leggur á flótta frá heimalandinu vegna allskonar ástæðna. Sumir eiga beinlínis ekkert ríkisfang og eiga því hvergi heima. Aðrir eru að flýja stríðsátök eða ofbeldi.

Málaflokkurinn er viðkvæmur eins og sagt er. Það var því með ólíkindum að heyra viðtal við Kristínu Völundardóttur, forstjóra Útlendingastofnunar, þar sem hún gaf í skyn að sumir sem leituðu hælis á Íslandi væru einhverskonar túristar sem væru að „kynnast landi og þjóð og fá frítt uppihald“.

Þessi ummæli Kristínar Völundardóttur, forstjóra Útlendingastofnunar, bera vott um fordóma og eru ósæmileg manneskju sem gegnir forstjórastöðu innan stjórnsýslunnar. Ummælin eru greinileg vísbending um hugarfar mismununar. Góður prófsteinn á að meta slíkt er að taka hópinn sem um ræðir út og setja annan inn í staðinn. Hvað þætti ykkur t.d. um ef þessi setning kæmi frá yfirlækninum á Vogi: „Margir sem leita til okkar vilja kynnast fólki og fá frítt uppihald.“

### Óþægilegar spurningar

Þótt málflutningur Kristínar Völundardóttur, forstjóra Útlendingastofnunar, veki upp óþægilegar spurningar er ljóst að hann er í anda fyrrverandi dómsmálaráðherra, Björns Bjarnasonar, sem hefur opinberað skoðun sína að hlutverk Útlendingastofnunar sé að „bægja flóttafólki frá landinu“.

**➜ Ummælin eru greinileg vísbending um hugarfar mismununar.**

Við Íslendingar getum gert miklu betur þegar kemur að því að veita flóttafólki og hælisleitendum landvistarleyfi. Við eigum að miða okkur við nágrannaþjóðir okkar í þessum efnum og taka þátt í því að lina þjáningar þeirra þúsunda sem eru á vergangi vegna átaka eða ofbeldishótana.

Ég fullyrði að flestir sem leita til Íslands í von um hæli og betra líf, gera það ekki að gamni sínu. Sumir taka ekkert með sér hingað nema umkomuleysið, geta ekki gert sig skiljanlega og með blóðugu hjarta treysta þeir á hjálp ókunnugs fólks. Það er hverri manneskju hollt að reyna að setja sig í þessi spor.

Ég held að enginn þeirra 115 einstaklinga sem leituðu til Útlendingastofnunar í von um hæli, hafi verið túristi. Þrátt fyrir allt er eitt gott við ummæli Kristínar Völundardóttur, forstjóra Útlendingastofnunar. Þau varpa ljósi á hugsunarháttinn sem einkennir afstöðu „kerfisins“ gagnvart hælisleitendum og flóttafólki. Málaflokkurinn er í fullkomnum ólestri hvar sem á er litið. Dómar eru ranglátir, málsmeðferð hælisleitenda er óvilhöll, aðbúnaður hælisleitenda er skammarlegur og víða í samfélaginu grassera fordómar gagnvart hælisleitendum. Orð sjálfs yfirmanns Útlendingastofnunar eru sorglegt dæmi sem styðja þá fullyrðingu.





eBOX
auðveldar smásendingar

Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA SMÆRRI SENDINGAR

EINFÖLD REIKNIVÉL Á eBOX.IS

eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Eimskips á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.

FÍTON / SÍA

EIMSKIP
eBOX

Eimskip | Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## BRAUÐ ER EKKI FITANDI

Sumir telja að brauð sé fitandi. Það er þjóðsaga því brauðið er ekki meira fitandi en önnur matvara. Það er hins vegar fitandi að borða of mikið. Gróf brauð eru með hátt hlutfall trefja sem er gott fyrir meltinguna og dregur úr hungurþörf. Brauðið er kolvetnaríkt og gefur orku.








# KYNFERÐISLEGUR UNDIRTÓNN

**LÆKNADAGAR 2013** *Óttar Guðmundsson geðlæknir heldur fyrirlesturinn Kynlíf í Íslendingasögum á hádegisverðarfundi á fimmtudaginn. Fundurinn er hluti af dagskrá Læknadaga 2013 í Hörpunni.*

Íslendingasögur eru Óttari Guðmundssyni geðlækni hugleiknar. Skemmst er að minnast útgáfu bókar hans, Hetjur og hugarvíl, sem fjallar um geðsjúkdóma og persónuleikaraskanir í Íslendingasögunum. Kynlíf hefur einnig skipað nokkurn sess á ferli Óttars en hann gaf út Íslensku kynlífsbókina árið 1990 auk þess sem hann hefur haldið fyrirlestra um kynlíf af ýmsum toga í gegnum tíðina. Óttar sameinar þessi tvö áhugamál sín í fyrirlestrinum Kynlíf í Íslendingasögum sem hann heldur á hádegisverðarfundi á Læknadögum í Hörpunni á fimmtudaginn.

„Raunar er ekki úr miklu að moða,“ viðurkennir Óttar en bætir við að stór hluti fyrirlestrarins fari í að skýra út af hverju svo lítið er fjallað um kynlíf í Íslendingasögunum. „Það er meðal annars rakið til ákveðinna kristinna viðhorfa. Í frumkristni og þeirri kristni sem var við lýði eftir kristnitöku var mjög kynlífsfjandsamlegt andrúmsloft sem fólst í því að lostinn væri kominn frá hinum vonda. Mesta böl mannsins var syndafallið og brottreksturinn úr Paradís sem stafaði af lostanum og því að konan óhlýðnaðist drottni,“ útskýrir Óttar. Hann bætir við að áhrifa kynlífsfjandsamlegra viðhorfa kirkjunnar hafi einnig gætt í þeim klaustrum þar sem Íslendingasögur voru skrifaðar.

Óttar segir að þær litlu kynlífslýsingar sem sé að finna í sögunum séu þó oft og tíðum frjálslegar. „Það er greinilegt að menn reyna að komast fram hjá þessari andúð kirkjunnar,“ segir hann og tekur sem dæmi að mikinn kynferðislegan undirtón sé að finna í Njálssögu og víðar. „Menn þorðu samt ekki að hneyksla eða valda óróleika meðal kirkjunnar manna og því er lítið um berorðar lýsingar.“

Hann tekur þó dæmi um eina slíka. „Hún er fræg lýsingin á viðskiptum Hrúts Herjólfssonar og Gunnhildar kóngamóður í Njálu. Maður veit nákvæmlega hvað höfundur er að fara þegar hann segir að Gunnhildur hafi bent Hrúti að koma með sér. Hann fer með henni í svefnloft þar sem hann er með henni við ákveðna iðju í marga daga og þau neyta vart svefns né matar fyrir losta og ákefð.“

Óttar hefur síður en svo lagt Íslendingasögurnar á hilluna. „Ég er alltaf að reyna að finna nýja og nýja fleti á þeim og kannski verður þetta efni í næstu bók,“ segir hann glettinn. ■ solveig@365.is

**KYNLÍFIÐ HEILLAR** Óttar Guðmundsson geðlæknir segir lítið fjallað um kynlíf í Íslendingasögum og greinir ástæður þess í hádegisfyrirlestri í vikunni. MYND/GVA













## GOTT RÁÐ VIÐ VÖÐVAKRAMPA

**SINADRÁTTUR**

**Sinadráttur er hvimleiður vöðvakrampi sem getur hrjáð fólk á öllum aldri. Orsakir sinadráttar geta verið ýmsar, meðal annars skortur á magnesíum og/eða skortur á E-vítamíni, hreyfingarleysi eða mikið álag á vöðva. Þá er vökvaskortur talinn geta orsakað sinadrátt og einnig skortur á söltum. Gott er að teygja á vöðvanum á móti sinadrættinum, svo sem að grípa í tær og toga á móti sinadrætti í kálfa eða il. Einnig er gott að hreyfa sig, drekka vatn og borða magnesíumríka fæðu, svo sem avókadó, möndlur og grænt grænmeti. Þá hjálpar mörgum að borða einn banana á dag. Bananar innihalda kalíum en skortur á því getur leitt til vöðvakrampa og þreytu í vöðvum.**



Heimild: heilsa.is og heilsubankinn.is



# BÚIN AÐ SEGJA UPP

**BETRI LAUN SKILYRÐI** *Hrönn Birgisdóttir starfar á Landspítalanum í Fossvogi. Eftir fimm ára nám í hjúkrun og tólf ára starf á gjörgæsludeild duga laun hennar rétt fyrir hefðbundnum reikningum.*

Hrönn hefur starfað í tólf ár á gjörgæsludeild Landspítalans. Henni þykir gaman í vinnunni og vill helst ekkert annað gera en að starfa við hjúkrun. „Frá því ég man eftir mér ætlaði ég að verða hjúkrunarfræðingur. Starfið er mjög skapandi og gefandi og ég mun ekki hætta í hjúkrun þó svo ég hætti hér," segir Hrönn Birgisdóttir sem er einn af um 280 hjúkrunarfræðingum sem sagt hafa upp störfum á Landspítalanum.

Spurningin er bara hvar hún ætli að starfa ef ekki á Íslandi? „Ég er í 90% starfi á þrískiptum vöktum. Það er fáheyrt að fólk sé í 100% starfi enda þarf alltaf smá tíma til að skipta á milli dag og næturvakta. Síðastliðið rúmt ár hef ég farið átta sinnum til Noregs, viku í senn, til að vinna. Ein vika skilar mér hærri upphæð en ég fæ fyrir mánaðarvinnu á Íslandi. Með því að þjappa saman vöktum og nýta sumarfrí hefur þetta gengið upp." Fjöldi íslenskra heilbrigðisstarfsmanna nýtir sér þennan möguleika en um fjórðungur hjúkrunarfræðinga á gjörgæsludeild hefur nýtt hluta sumarfrís og farið til Noregs í atvinnuskyni. Hrönn er einstæð móðir og fyrir nokkru flutti barnsfaðir hennar til Svíþjóðar með sambýliskonu sinni, sem er læknir. „Ég hef verið að skoða flutning þangað eða til Noregs. Þannig getur dóttir okkar verið nær föður sínum og ég fengið vinnu við hjúkrun sem er mun betur borguð."

Ástæður þess að Hrönn hefur sagt upp eru einfaldar. „Ég næ bara varla endum saman. Þegar ég er búin að borga alla mína reikninga á ég sáralítið eftir. Fólk er bara búið að fá nóg. Það er meira álag á starfsfólki, ekki kallað út aukafólk ef upp koma veikindi, minni yfirvinna. Aðstaða og tækjakaup hafa setið á hakanum ásamt fleiru. Við vorum aldrei í neinu góðæri hér á spítalanum fyrir hrun svo við finnum virkilega fyrir þessu."

Hrönn segir lítið ganga í viðræðum hjúkrunarfræðinga og stjórnenda spítalans. „Ég set þær kröfur að það verði gerður stofnanasamningur og að sérnám sé metið. Ég vil fá að lifa á laununum mínum og geta búið á Íslandi. Viðskiptafræðingar hjá ríkinu eru með hærri heildarlaun en við sem erum með meiri menntun og vinnum á þrískiptum vöktum. Samt vinnum við hjá sama vinnuveitanda." ■ vidir@365.is

**NÆR EKKI ENDUM SAMAN**
Hrönn segist gjarnan vilja geta búið á Íslandi og starfað við hjúkrun. Hún nær þó ekki endum saman á þeim launum sem í boði eru.
MYND/ANTON







**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
**Jónína María Hafsteinsdóttir**
**jmh@365.is** s 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson**
**sverrirbs@365.is,** s 512 5432
**Elsa Jensdóttir**
**elsaj@365.is** s. 512-5427



# HEILSUFRÉTTIR

JANÚAR 2013 · 1. TBL · 14. ÁRGANGUR

GEYMDU BLAÐIÐ

heilsuhúsið

## HEILSUHÚSIÐ ER Á EFTIRTÖLDUM STÖÐUM:

**Laugavegi 20b**
Sími 552 2966

**Kringlunni**
Sími 568 9266

**Smáratorgi**
Sími 564 5666

**Lágmúla 5**
Sími 578 0300

**Austurvegi 44, Selfossi**
Sími 482 3915

**Glerártorgi, Akureyri**
Sími 462 1889

**Reykjanesbæ, Hafnargötu 29**
**(opnar í febrúar)**
Sími 578 5560

HEILINDI OG HEILNÆM FÆÐA ERU LEIÐARLJÓS HJÁ EBBU GUÐNÝJU

# UPPSKRIFT AÐ GÓÐRI HEILSU

„Ég var heppin í mínum uppvexti því það var alltaf eldaður matur og sest niður við máltíðirnar. Allt var eldað frá grunni og hugsað um heilnæmi og það er arfleið sem ég þakklát fyrir, bæði mömmu minni og ömmu. Svo var afi í Náttúrulækningafélaginu og með matjurtagarð. Það hjálpar að hafa góðar fyrirmyndir en málið er að hlusta á líkamann og vera meðvitaður um líðanina."



**Hvað kom til að þú ákvaðst að skrifa matreiðslubók með heilnæmum uppskriftum fyrir fjölskyldufólk?**

„Þegar Hanna mín var sex mánaða byrjaði ég að setja niður það sem ég hafði fram að færa í þessum efnum. Markmiðið er að allar máltíðir verði hollar og ánægjulegar og börnin eru mikil hvatning. Það er í raun ekkert sem við erum ekki tilbúin til þess að gera fyrir börnin okkar. Eftir að ég lauk við að skrifa *Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða?* komst ég því að engin vildi gefa út. Engin hafði trú á því að það væri hægt að selja heilnæma matreiðslubók fyrir alla fjölskylduna. Svo ég ákvað að gefa bókina út sjálf og smátt og smátt hefur þetta undið upp á sig."

**Er þetta ekki tímafrekt og erfitt fyrir barnafólk?**

„Nei, í raun ekki. Maður verður í fyrsta lagi að horfa á allt það góða sem maður fær til baka.

FRH BLS 4.




Hreinsar úr líkamanum aukaefni, geislanir og þungmálma.
Bætir líkamslykt og andardrátt.
Styrkir og hreinsar lifrina.
Dregur úr streitu, bætir minnið og einbeitingu.
Hreinsar og örvar sogæðakerfið.
Hreinsar húðina – gefur slétta og silkimjúka húð.
Mesta magn allra plantna af blaðgrænu.
B-12 og D-vítamín úr jurtaríkinu.

# MSM TÖFLUR

## Frábærar fyrir liði og brjósk

Loksins, loksins! Já, loksins er MSM frá Higher Nature komið á markað á Íslandi. MSM hefur heldur betur vakið athygli víða um heim og þeir eru margir sem telja þetta mikið undraefni. MSM, eða Methyl Sulphonyl Methane, er að finna í einhverjum mæli í flestum mat. MSM finnst t.d. í litlu magni í ferskum ávöxtum, kornmeti, grænmeti og í ógerilsneyddri mjólk. Við eldun, vinnslu og ýmsa meðhöndlun matvæla minnkar og hverfur MSM efnasambandið og því gæti verið gott að taka það inn sem fæðubótarefni.

**Vörurnar frá Higher Nature fást eingöngu í Heilsuhúsinu.**

**Hvað gerir MSM?**
MSM gegnir margvíslegu hlutverki í líkama okkar. Eitt er að MSM er mikilvægt fyrir framleiðslu kollagens og brjóskmyndun og á stóran þátt í að viðhalda heilbrigðum og vel hreyfanlegum liðum. MSM er einnig mikilvægt fyrir eðlilega myndun beina og annarra stoðvefja, svo sem liðbanda, sina og húðar. Þá hefur MSM jákvæð áhrif á tennur, neglur og hár. Þykkt, glansandi hár og sterkar, heilbrigðar neglur eru á meðal þess sem neytendur MSM hafa á orði. MSM eflir myndun mikilvægra amínósýra, s.s methionine og systeine, sem eru nauðsynlegar fyrir nánast alla líkamsstarfssemi. Það styður við framleiðslu á B5, C vítamíni og bíótin, og hjálpar líkamanum að viðhalda heilbrigðu ph gildi og stuðla að heilbrigðri meltingu. MSM er einnig mikilvægt fyrir ónæmiskerfið. Auk þess er MSM eitt minnst eitraða efnið sem finnst í náttúrunni.

- MSM er mikilvægt fyrir framleiðslu kollagens og brjóskmyndun.
- MSM hjálpar til við að viðhalda heilbrigði og vellíðan í liðum og vöðvum.
- MSM er mikilvægt fyrir heilbrigða húð, neglur og fallegt hár.
- MSM er talið aðstoða lifrina við afeitrun líkamans.
- MSM stuðlar að sterkara ónæmiskerfi.



**Higher Nature**
MSM töflurnar sem fást í Heilsuhúsinu eru frá breska fyrirtækinu Higher Nature sem sérhæfir sig í að framleiða fyrsta flokks og vel rannsökuð næringar- og fæðubótarefni. Higher Nature fyrirtækið vinnur eftir afar ströngu gæðakerfi og ekkert er sett á markað án rannókna og fullvissu um að varan stuðli að bættri heilsu neytenda.

Heilsuhúsið býður upp á mikið úrval af vörum frá Higher Nature enda óhætt að treysta því sem kemur frá þessu vandaða fyrirtæki. Prófaðu MSM og athugaðu hvort það bæti ekki þína líðan.




**Hægt er að nálgast nánari upplýsingar um virkni MSM á www.highernature.co.uk**

# MACA-RÓTIN ÓTRÚLEGA



**Maca er rótargrænmeti sem er upprunnið í Perú. Það er náskylt hinu Mexíkóska rótargrænmeti yam og hefur verið notað bæði sem matvara og náttúrulyf hjá íbúum Perú í gegnum aldirnar. Ýmsar rannsóknir benda til þess að Maca rótin efli kynhvöt og kyngetu. En einna mesta athygli vekur hversu jákvæð áhrif Maca hefur á kvíða og þunglyndi kvenna á breytingaskeiði. Margar konur láta vel af því að neita Maca á þessu æviskeiði og telja það hafa hjálpað sér umtalsvert.**

Maca þykir þó heilt á litið einkum gott til þess að auka orku og úthald. Margir hafa til að mynda valið að skipta út kaffinu fyrir Maca, enda er það mun auðveldara fyrir maga og alla meltingu líkamans.

Heilsuhúsið býður nokkrar gerðir af Maca vörum, hverja og eina með sín sérkenni, allt eftir því hvað þér hentar.




Í hverri töflu af **Maca frá Solaray** með vínrauða lokinu er tryggt að það er alltaf ákveðið magn virka efnisins í hverjum skammti.




**Maca frá Solaray** með græna lokinu inniheldur hreina jurt og er alfarið án bindiefna.




**Organic Burst Maca** er 100g af hreinu hráu lífrænu maca dufti sem þú notar í smoothie eða í vökva, jafnvel í bakstur.

# VILTU KYNNAST VÖRUNUM FRÁ SÓLEY ORGANICS?

## KYNNINGARDAGAR Í HEILSUHÚSINU

Dagana 22. janúar til 28. febrúar verða sérstakir kynningardagar á hinum frábæru vörum frá Sóley Organics. Þú kaupir þrjár vörur frá Sóley en færð fimm!



Velgengni vörulínunnar má án efa rekja til íslensku jurtanna sem eru í öllum húðsnyrtivörum Sóleyjar. Þær eru ýmist lífrænt vottaðar eða 100% náttúrulegar og umhverfisvænar. Á meðal jurtanna má nefna handtínt íslenskt birki, villtan vallhumal, víði og villt sortulyng sem mynda grunninn í allri vörulínunni.

Í vörunum frá Sóley Organics eru eingöngu notaðar lífrænt vottaðar jurtaolíur eins og kókoshnetuolía, kvöldvorrósarolía og möndluolía sem eru án allra óæskilegra aukaefna. Sóley húðsnyrtivörurnar eru lausar við tilbúin rotvarnar-, ilm- og litarefni, jarðolíur, parabenefni, paraffin, phthalates, propylene glycol, PABA, petrolatum, sem og önnur kemísk efni sem geta verið skaðleg manninum og náttúrunni.

Þá er gaman að geta þess að á liðnum misserum hafa vörurnar frá Sóley notið aukinnar hylli í Noregi. Þær fást þar í 120 verslunum um allt land.

Vörurnar frá Sóley henta einkar vel í skammdeginu og því er tilvalið að nýta sér þetta einstaka kynningartilboð hjá okkur í Heilsuhúsinu og kynnast þessum frábæru vörum frá Sóley Organics.











# UPPÁHALDS VÖRURNAR MÍNAR

## ANNA SVAVA TRAUSTADÓTTIR VERSLUNARSTJÓRI HEILSUHÚSANNA



Anna Svava Traustadóttir

**Mádara Moon Flower, litað dagkrem.**



Alsæl með það. Gefur ferskan blæ og finnst gott að þurfa ekki endilega að vera alltaf með meik eða púður sem ég nota þá frá Lavera og það er líka gott undir það.

**Slippery Elm frá Solaray**

Þessi jurt, regnálmur á íslensku, hjálpar mér með bakflæði sem hrjáir mig stundum og er einstaklega græðandi og góð fyrir slímhúðina í meltingunni.




**Lavera glossið „Rosy Promise"**



Gefur örlítinn lit og glans, þurrkar ekki varirnar og gott bragð.

**Sunny green - blágrænir þörungar frá Solaray**

Mæli með blágrænum þörungum þar sem þeir eru ígildi fjölvítamíns, eru eitthvert samanþjappaðasta næringarefni sem fáanlegt er og taldir til ofurfæðu. Vítamín, steinefni, amínósýrur og fitusýrur, tvær á dag koma skapinu í lag!



# SLÖKUN, VÍTAMÍN, GERLAR OG LÚPÍNUSEYÐI

Það er alltaf jafn skemmtilegt að skoða Topp 10 listann yfir þær vörur sem eru vinsælastar hjá okkur í Heilsuhúsinu. Efst á listanum fyrir söluhæstu vítamínin og bætiefnin fyrir árið 2012 er Slökun. Þessi vara heldur topp sætinu frá því í fyrra sem kemur kannski ekki á óvart því umræðan um mikilvægi magnesíum hefur verið áberandi undanfarið. D-vítamínið heldur öðru sæti sem er góðs viti því að alltaf að koma betur og betur í ljós hvað það er mikilvægt fyrir þá sem búa á Íslandi að taka inn D-vítamín. Í þriðja sæti er vara sem kom ný í Heilsuhúsið snemma á síðasta ári og ánægjulegt er að sjá hana koma beint á topp 10 listann. Þetta er Lúpínuseyðið hans Ævars Jóhannessonar. Fólk er greinilega ánægt með að hafa loksins greiðan aðgang að því sem sumir hafa kallað undradrykk. En kíkjum nánar á listann.

BÆTIEFNI OG VÍTAMÍN Í HEILSUHÚSINU • TOPP 10

### 1 Slökun - Magnesíum



Magnesíum er nauðsynlegt til að halda góðri heilsu og margvísleg áhrif þess koma sífellt betur í ljós. Magnesíum er t.d. talið jafn mikilvægt og kalk til að vinna gegn beinþynningu. Magnesíum tekur þátt í slökun vöðvafruma og virkar þannig sem náttúruleg slökun. Þessi vara hefur nýst mörgum sem glíma við svefnleysi, krampa og sinadrátt.

### 2 D3 vítamín

Það er góðs viti að D-vítamín, sólarvítamínið, skuli ná svo hátt á listann. Það söluhæsta er frá Heilsu og hluti af Gula miðanum. Það inniheldur 2000 ae sem margir telja heppilegan dagsskammt til inntöku.



### 3 Lúpínuseyði Ævars



Það er ánægjulegt að sjá lúpínuseyðið sem Ævar Jóhannesson þróaði og bjó til svona ofarlega á lista. Rannsóknir sýna að neysla á lúpínuseyði styrkir m.a. ónæmiskerfið. Magnaðar sögur eru til af fólki sem hefur góða reynslu af seyðinu. Frábær og alíslensk vara.

### 4 Multidophilus frá Solaray



Þessi gerlablanda er sterk og árangursrík. Viðskiptavinir okkar hafa áttað sig á mikilvægi góðrar meltingar. Gerlarnir virka mjög vel við ýmsum meltingartruflunum s.s. brjóstsviða, lofti og verkjum í maga og nauðsynlegt til uppbyggingar flórunnar með og eftir lyfjatöku.

### 5 Bio-Kult Candéa mjólkursýruhylki



Bio kult hefur notið mikilla vinsælda undanfarin ár. Bio kult er fyrir alla og styrkir meltinguna og ónæmiskerfið. Auk gerlanna inniheldur Bio kult GSE og hvítlauk sem gerir það einstaklega gott við sveppasýkingum (Candida) og því sem þeim tilheyrir.

### 6 Spektro frá Solaray



Spektro frá Solaray er bætiefna- blanda sem er sívinsæl hjá Heilsuhúsinu. Þessi skemmtilega blanda, stundum kölluð ein með öllu, var sett saman sérstaklega fyrir íbúa Norðurlandanna með gæði og hámarksupptöku í huga.

### 7 Arctic Root

Það er engin furða að þessi magnaða vara skuli vera á topplistanum okkar. Arctic rótin (Original Arctic Extract SHR-5) er nefnilega ein fljótvirkasta náttúruvara sem til er. Það má segja að hér sé allur pakkinn á ferðinni; hún eflir í senn andlegt jafnvægi, einbeitingu, athygli, gleði og jafnvel kynhvötina.



### 8 Cal-mag-zinc frá Solaray



Cal-Mag-Zinc blandan frá Solaray er frábær stein-efnablanda sem inniheldur, eins og nafnið ber með sér, nauðsynlegt magn af kalsíum, magnesíum og sínki. Frábær samsetning.

### 9 Ubiquinol Q10 frá Heilsu

Q10 hylkin eru nú annað árið í röð á topp listanum okkar. Q10 er alveg sérstaklega mikilvægt fyrir frumur sem nota mikið súrefni við orkumyndun og má þar nefna frumur hjartans. Í stuttu máli breytir Q10 næringu í orku og er því frábært bætiefni.



### 10 Triphala Total Detox

Triphala er einstök og afar virk blanda sem er ný á listanum okkar. Blandan hefur í margar aldir verið notuð á Indlandi til að endurbyggja og styrkja ristilinn og smáþarmana með frábærum árangri. Framleidd af hinni virtu Himalaya vísindastofnun.





# Lifestream AstaZan

## er byltingarkennt andoxunarefni!

## Álitið mest spennandi heilsuefnið í dag

Lifestream AstaZan hefur notið gríðarlegra vinsælda hér á landi í mörg ár vegna mikillar virkni, árangur sýnir sig fljótt og efnið er heilsubætandi. Mest spennandi heilsuefni sem í boði er í dag er álit helstu heilsusérfræðinga eins og Dr. Oz sem kom reglulega í þætti Ophru Winfrey, sem og álit Dr. Perricone sem segja Astasanthin vera eitt af áhrifamestu yngingarefnum sem við getum neytt og hefur virkni fyrir allan líkamann, ávinningur fyrir taugakerfi, heila, augu, vöðva og húðina.

**Bólgueyðandi og eykur hreyfigetu**

AstaZan er öflugt og bólgueyðandi, margir hafa fengið bót við vöðvabólgu og stirðleika, vefjabólgu í öllum líkamanum og sinaskeiðabólgu í úlnliðum og fingrum, sem margir þjást af vegna mikillar tölvunotkunar.

Rannsóknir hafa sýnt að AstaZan getur hjálpað þeim, sem eru undir miklu álagi á stoðkerfi vegna vinnu eða meinsemda. Sama gildir um þá sem stunda hlaup og aðra hreyfingu. Afreksfólk í íþróttum notar Lifestream AstaZan vegna afbragðs gæða, það styrkir og eykur þol og líkaminn jafnar sig miklu fyrr en ella eftir álag. Margir finna fyrir auknum liðleika og vellíðan, efnið virkar jafnt á unga sem eldri. Styrkir húðina í sól og ver hana gegn öldrun.




**Inniheldur hátt magn af Lútein, sem ver augun gegn hrörnun, auk E-vítamíns**

Lútein er eina efnið sem ver augun fyrir hrörnun í augnbotnum, tölvuþreytu og gegn skaða af úrfjólubláum geislum sólarinnar. Augnlæknar mæla með inntöku á Lútein. **Í hverju hylki er 4 mg af gæða Astaxnthin, 4 mg af Lútein og 10 mg af E-vítamíni, sem er lífrænt. Lifestream fæst í eins mánaðar skammti 30 hylki og tveggja mánaða skammti, 60 hylki.**

Sjúkra- og íþróttaþjálfarar mæla gjarnan með LifeStream AstaZan. Efnið byrjar strax að virka !

Ásdís Ómarsdóttir, 41 árs:

## *„Undraverðar breytingar"*



Ég þjáðist í 14 ár af stöðugum verkjaseiðingi í öllum vöðvum líkamans vegna svæsinnar vefjagigtar og var á 2 vikna fresti hjá sjúkraþjálfara.

Eftir aðeins nokkra daga á Lifestream AstaZan voru verkirnir að mestu horfnir og 3 vikum síðar var ég algerlega laus við verkina. Það liðkaði fljótlega allar vöðvafestingar, stirðleiki og bólgur hurfu. Sjúkraþjálfarinn talaði um undraverðar breyt-ingar á aðeins 7 vikum. Ég sef og endurnærist betur og hef meira úthald í allt, því hef ég tíma til annarra og betri hluta en áður. Ég nýt þess að vera til og öll fjölskyldan mín nýtur góðs af.

Kann vel að meta að húðin hefur fengið fallegra yfirbragð og er þéttari. Vil nefna að ég hef prófað að kaupa annað andoxunarefni, sem var sagt algerlega sambærilegt við Lifestream AstaZan en reyndist svo alls ekki gefa mér sama árangur, held mig því eingöngu við mitt frábæra AstaZan.

**FRH. AF FORSÍÐU.**

Góða heilsu, góða líðan og dýrmætar samverustundir með fjölskyldunni. Nánast allar máltíðir sem ég útbý eru í raun einfaldar og fljótlegar. Ég er til að mynda ekki með mikið meðlæti, legg frekar áherslu á að vera með góðan grunnrétt og þá er reglan í rauninni

**„Gott jafnvægi á blóðsykrinum er ávísun á góða heilsu og góða líðan“.**

less is more varðandi hráefni. Svo er um að gera að nýta afganga og hugmyndaflugið og muna að hollast er að borða sig mettan, ekki sprengsaddan. Málið er bara að byrja og það er til að mynda fullt af einföldum, bragðgóðum og hollum uppskriftum í báðum bókunum mínum. Hvort heldur sem er *Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða?* eða *Eldað með Ebbu í Latabæ*.
Svo eru börn fljót að aðlagast breyttum áherslum. Ég reyni að að útskýra af hverju ég vil að bensínið þeirra sé gott, af hverju ég er með þetta vesen! Það má vel gefa þeim mat sem þau vilja en gæta þess um leið að hafa þá hráefnið vandað, hreint og næringarríkt, brauð og pasta er ekki það sama og brauð og pasta. Eitt það mikilvægasta er að forðast unnu matvöruna, gefa þeim frekar máltíðir sem eru eldaðar frá grunni og úr heilnæmu hráefni. Byrja rólega, hafa skammtana litla og sýna þeim þolinmæði. Fyrr en varir kunna börnin að meta þau lífsgæði sem felst í því að vera með blóðsykurinn í góðu jafnvægi, án þess að vera að pæla í því sérstaklega. Hvað varðar boð og bönn þá finnst mér mikilvægast að útskýra og kenna hvers vegna eitthvað er sparimatur og annað dagsdaglegur matur. Þá eru allir saman í liði og stefna saman að markmiðinu; góð heilsa – góð líðan.“

**Er það málið, að halda blóðsykrinum í jafnvægi?**

„Algjörlega. Gott jafnvægi á blóðsykrinum er ávísun á góða heilsu og góða líðan. Þess vegna legg ég alltaf áherslu að kenna fólki að nota/borða möndlur/möndlumauk, chiafræ, tahini, kaldpressaðar olíur og hreint smjör og fleira góðgæti sem inniheldur bæði góða fitu og prótein sem temprar blóðsykurinn. Fyrir mína fjölskyldu nota ég hreint smjör á brauðið, vel feitasta ostinn og stundum setjum við ólífuolíu og sjávarsalt. Það er bæði bragðgott og afskaplega vinsælt.



**En hvað er framundan?**

*Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða?* er væntanleg á Bretlandsmarkað og svo í Ástralíu og mig langar til þess að geta fylgt þeirri bók eftir á alþjóðlegum vettvangi. Svo er verið að vinna fyrir mig app á ensku með mataruppskriftum. Foreldrar finna þar uppskriftir fyrir börn frá sex mánaða aldri og uppskriftir og rétti fyrir alla fjölskylduna. Að auki er ný vefsíða á leiðinni og svo reyni ég að standa mig í stykkinu bæði á facebook og twitter. Í byrjun febrúar verð ég með tvö námskeið í Heilsuhúsinu: *Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða?* og *Er barnið mitt að verða of þungt?* Þetta er í fyrsta sinn sem ég held námskeið fyrir foreldra sem hafa áhyggjur af þessu og ætla að gera mitt besta til að miðla og hjálpa.
Það sem skiptir mig mestu er að sýna heilindi og vinna að mínum verkefnum af heiðarleika og ábyrgð, segir Ebba að lokum.







# EGGJALAUS SÚKKULAÐIKAKA

## ÚR ELDAÐ MEÐ EBBU Í LATABÆ

**(LÍKA FYRIR ÞÁ SEM ERU EKKI MEÐ OFNÆMI FYRIR EGGJUM!)**



**Eggjalaus súkkulaðikaka**

*150g kókospálmasykur*
*500 ml lífræn jógúrt eða grísk jógúrt (má líka nota kókosmjólk eða aðra jurtamjólk en bætið þá við 1 msk af sítrónusafa sem hjálpar við að láta kökuna hefast aðeins)*
*300g fínt spelt*
*60g hreint kakó*
*1 msk vínsteinslyftiduft*
*150g brætt smjör*

Hitið ofninn í 180 gráður. Hrærið saman sykur og jógúrti. Blandið afganginum af hráefnunum út í og smjörið síðast. Setjið í tvö 22-24cm kökuform og bakið í um 15-18 mínútur. Ef þið stingið prjón í kökuna og hann kemur hreinn upp úr er hún bökuð í gegn... en gætið þess að ofbaka ekki, miklu betra að hafa hana mjúka og safaríka.

**Dásamlegt súkkulaðikrem á einn botn**

*70g lífrænt hlynsíróp (Ahornsíróp)*
*70g mjög mjúkt smjör eða bráðið (má líka nota rjóma eða lífrænan jurtarjóma. Einnig er til lífrænt jurtasmjör fyrir þá sem ekki mega fá mjólkurvörur)*
*3-4 msk lífrænt kakó*
*1/2 tsk vanilluduft eða extract, má sleppa*

Hrært saman og smurt á kökuna er hún hefur kólnað.







# ÞRÍR NÝIR GALDRAR

**Villimey hefur sett á markað þrjár nýjar vörur sem fást nú í Heilsuhúsinu. Villimey er alíslensk framleiðsla og vörur fyrirtækisins eru vottaðar lífrænar vörur úr íslenskum jurtum, handtíndum á lífrænt vottuðum svæðum á sunnanverðum Vestfjörðum. Fyrirtækið hefur hingað til verið þekktast fyrir smyrslin sín eins og Bumbugaldur, Húðgaldur, Vöðva- og liðagaldur, Sáragaldur og Varagaldur. Nýju vörurnar eru af allt öðrum toga og afar spennandi nýjung á heilsuvörumarkaðnum. Um er að ræða lífrænt eplaedik (Túnvottað) í þremur ólíkum útfærslum sem ber heitið Galdur. Galdrarnir eru blandaðir í vatn, 1-2 msk af Galdri í senn, 20-30 mínútum fyrir mat.**

**Eplaedik er almennt talið hreinsandi og stuðla að betri meltingu ásamt því að innihalda vítamín, steinefni og annað sem gerir líkamanum gott og þessar þrjár nýju vörur eru því vægast sagt afar spennandi.**













**Berja Galdur** er eplaedik með Aðalbláberjum. Aðalbláber eru sérstaklega rík af C og E vítamínum sem bæði eru andoxunarefni sem vinna gegn hrörnun líkamans, eins og auknum hrukkum og versnandi sjón.

**Hvannar Galdur** er eplaedik með hvönn. Rannsóknir benda til þess að hvönnin styrki ónæmiskerfið, enda hefur hún verið notuð öldum saman hér á landi sem vörn gegn kvillum, veirum og kvefi. Þá er hún talin bæta meltinguna, vera verk og vindeyðandi og virka gegn kvíða og streitu.

**Birki Galdur** er eplaedik með birki. Birki er vel þekkt sem lækningajurt. Birkið er talið hreinsandi (lifrin), vatnslosandi, bólgueyðandi og blóðhreinsandi. Það hefur einnig verið notað við gigt og er talið vinna gegn alls kyns exemi.

**Nýju Galdrarnir frá Villimey eru á 20% kynningartilboði í Heilsuhúsin til 2. febrúar**



**Konan á bak við vörumerkið Villimey er Aðalbjörg Þorsteinsdóttir, Tálknfirðingur og náttúrubarn.** Hún hugsaði upphaflega smyrslin eingöngu til eigin nota, fyrir sig og sína, en fljótlega spurðist virkni þeirra út og Aðalbjörg tók skrefið og setti smyrslin sín á markað undir Villimeyjarmerkinu. Eplaedikið hefur verið í þróun frá árinu 2008 og því óhætt að fullyrða að Aðalbjörg vilji prófa vörurnar og gefa sér góðan tíma í ferlið. Enda hefur hún alltaf haft það að leiðarljósi að vörurnar hennar bæti heilsu og vellíðan fólks.



## Nýtt kryddnámskeið sem bragð er að

Anna Rósa grasalæknir hefur starfað sem grasalæknir í yfir 20 ár og á þeim tíma haldið fjölda vinsælla námskeiða um lækningajurtir. Hún er núna búin að þróa nýtt námskeið um krydd sem eru henni mjög hugleikin enda eru allar kryddjurtir líka lækningajurtir. Á kryddnámskeiðinu mun hún fjalla um margar tegundir af kryddum þar á meðal túrmerik, engifer og kanil sem í dag eru vinsæl fæðubótarefni, en þessi krydd hafa mikið verið rannsökuð af vísindamönnum undanfarin áratug. Eins verður fjallað um kardimommur, negul, svartan pipar og múskat svo dæmi sé tekin. Á kryddnámskeiðinu verður sýnikennsla í að búa til túrmerikmjólk, sterkt kryddte (chai) og orkukúlur úr jurtum en það er aðferð sem ekki hefur verið kennd áður á Íslandi svo vitað sé til. Kryddnámskeiðið verður haldið í Heilsuhúsinu þann 18. febrúar næstkomandi.



# FYRIR KRAKKANA

Latabæ og gildi Latibæjar þekkja allir krakkar. Allt sem Latibær gerir og allar vörur frá Latabæ eiga að hvetja til heilbrigðari lífsstíls á jákvæðan hátt. Börn eru hvött til að borða hollan og góðan mat á hverjum degi og hreyfa sig reglulega. Nú er komin á markað frábær Latabæjar vítamínlína sérstaklega þróuð og framleidd fyrir börn. Í línunni eru fjórar tegundir sem algengt er að börn skorti, þ.e. D-vítamín, mjólkursýrugerlar, Omega 3 fitusýrur og fjölvítamín. Einföld leið til að tryggja að börnin okkar fái það magn vítamína sem mælt er með eru vítamínin frá Latabæ. Latabæjar vítamínin eru bragðgóðar töflur sem auðvelt er fyrir börn að tyggja eða sjúga.

Latabæjar vítamínin eru öll án sykurs og eru sætuð með Xylitoli. Eingöngu eru notuð náttúruleg bragð- og aukefni. Töflurnar eru ætlaðar til sugu og eru með sætu bragði sem flestum líkar. Öll börn sem eru nógu gömul til að tyggja munnsogstöflur geta auðveldlega tekið þessar töflur en að sjálfsögðu alltaf undir eftirliti fullorðinna. Töflurnar eru lausar við sykur, ger, sterkju, hveiti, glútein, maís, soja, mjólk og egg.




**Latabæjar D3 vítamín með steinefnum** er góð blanda fyrir alla krakka, en auk D3 vítamíns er kalk, magnesium og sink í blöndunni. D-vítamín er nauðsynlegt fyrir upptöku á kalki sem er mikilvægt fyrir beinþroska. Latabæjar D-vítamín er þess vegna kjörin blanda til að gefa börnunum bæði D-vítamín og þessi mikilvægu steinefni í einu lagi.




**Latabæjar Acidophilus** er fjölgerla probiotic blanda sem inniheldur 1 milljarð virkra gerla, og er þess vegna kröftug blanda gerð til að viðhalda jafnvægi þarmaflórunnar sem getur verið viðkvæm hjá ungum börnum. Sérstaklega þegar um sýklalyfjagjöf er að ræða, en það er ein algengasta ástæðan fyrir ójafnvægi í gerlaflórunni hjá ungum börnum.




**Latabæjar múltí vít** er breiðvirk vítamín- og steinefnablanda fyrir börn. Auk þess inniheldur Latabæjar múltívítamínið grænmeti og ávaxtaduft, auk meltingargerla.




**NÝTT!**
**Latabæjar Omega 3**
Latabæjar Omega 3 DHA Omega 3 fitusýrur eru ein af þeim góðu fitum sem líkaminn þarfnast. Þeirra hlutverk er að styrkja stoðkerfi heilans, þroska og viðhalda heilbrigðu miðtaugakerfi. Fita er heilafóður, eins og bein þurfa kalk þá þarf heilinn fitu. Talið er að heili barna þarfnist mest DHA og eina leiðin til að nálgast þetta er úr fæðunni, svo sem feitum fiski. Latabæjar Omega töflurnar eru smáar og bragðgóðar og henta vel til þess að sjúga en einnig er mjög auðvelt að kyngja þeim.


**NÝTT Í HEILSUHÚSINU!**
**Evonia**




**Evonia styður að auknum hárvexti með því að færa hárrótunum styrk til vaxtar.** Evonia er þrungið bætiefnum sem næra hárið og gera það gróskumeira.
**www.birkiaska.is**



**...alvöru fæðurbótaefni**




**"Hjartasjúkdómar**
Hvítlaukurinn Kyolic hefur áhrif á marga áhættuþætti hjartasjúkdóma, ss. blóðþrýsting, kólesteról, blóðfitu, blóðstorku, oxun kólesteróls og fleiri þætti.
Kyolic hvítlaukur hefur jákvæð áhrif á fjöldamörg atriði sem tengjast hjarta- og æðasjúkdómum og í dag er ekki þekkt nokkurt annað lyf eða náttúruefni sem hefur svo fjölbreytt jákvæð áhrif á hjarta- og æðakerfi."

Úrdráttur úr grein skrifaðri af Rafni Líndal lækni.
Birtist í tímaritinu Velferð, 13.árg, 2.tbl., 2001.
Fréttabréf Landssamtaka Hjartasjúklinga.


# NÁMSKEIÐ Á NÆSTUNNI Í HEILSUHÚSINU



**Guðrún Bergmann**

### Viltu takast á við sykurfíknina?

**Með Guðrúnu Bergmann**
Fimmtudagana 24. jan. og 21. feb. kl. 18.30 - 21.00 í Heilsuhúsinu, Lágmúla 5.
**Verð: 4.900 kr.** Innifalin eru námsgögn með ítarlegum upplýsingum.
**Upplýsingar og skráning:**
*ung@gudrunbergmann.is* og *www.ungaollumaldri.is*

### Betri húð – unglegra útlit

**Með Guðrúnu Bergmann**
Fimmtudagana 31. jan. og 28. feb. kl. 18.30 til 21.00 í Heilsuhúsinu, Lágmúla 5.
**Verð: 4.900 kr.** Innifalin eru námsgögn með ítarlegum upplýsingum.
**Upplýsingar og skráning:**
*ung@gudrunbergmann.is* og *www.ungaollumaldri.is*

### Viltu losna við bólgur og liðverki á náttúrulegan máta?

**Með Guðrúnu Bergmann**
Fimmtudagana 7. feb. og 7. mars, kl. 18.30 – 21.00 í Heilsuhúsinu, Lágmúla 5.
**Verð: 4.900 kr.** Innifalin eru námsgögn með ítarlegum upplýsingum.
**Upplýsingar og skráning:**
*ung@gudrunbergmann.is* og *www.ungaollumaldri.is*

náttúrulega heilsuhúsið



**Ebba Guðný**

### Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða?

**Með Ebbu Guðnýju**
Miðvikudaginn 6. febrúar, kl. 20.00 – 22.00 í Heilsuhúsinu, Lágmúla 5
**Verð 4.000 kr.**
**Upplýsingar og skráning:**
ebba@pureebba.com og í síma 775 4004

### Er barnið mitt að verða of þungt?

**Ebba Guðný gefur góð og árangursrík ráð á mannamáli**
Fimmtudaginn 14. febrúar, kl. 20.00 – 22.00 í Heilsuhúsinu, Lágmúla 5.
**Verð 4.000 kr.** fyrir annað foreldri en **6.000 kr.** fyrir bæði.
**Upplýsingar og skráning:**
*ebba@pureebba.com* og í síma 775 4004



**Inga Kristjánsdóttir**

### Viltu breyta mataræðinu til batnaðar á einfaldan og öfgalausan hátt?

**Með Ingu Kristjánsdóttur, næringarþerapista D.E.T**
Þriðjudaginn 5. febrúar, kl. 18.30 - 21.00 í Heilsuhúsinu, Lágmúla 5.
**Verð 4.900 kr.** Innifalin eru námsgögn og uppskriftamappa.
**Upplýsingar og skráning** í síma 899 5020 og á *inga@inga.is*



**Anna Rósa**

### Krydd sem lækningajurtir

**Kryddnámskeið sem bragð er af með Önnu Rósu grasalækni**
Mánudaginn 18. febrúar, kl. 19.30 - 21.30 í Heilsuhúsinu, Lágmúla 5.
**Verð 6.900 kr.** Innifalin eru námsgögn með uppskriftum og upplýsingum um lækningamátt jurta.
**Upplýsingar og skráning:**
*annarosa@annarosa.is* eða í síma 662 8328.

### Íslenskar lækningajurtir

**Með Önnu Rósu grasalækni**
Mánudaginn 25. febrúar, kl. 19.30 - 21.30 í Heilsuhúsinu, Lágmúla 5.
**Verð 4.900 kr.**
**Upplýsingar og skráning:**
*annarosa@annarosa.is* eða í síma 662 8328.

### Smyrslanámskeið

**Með Önnu Rósu grasalækni**
Mánudaginn 4. mars, kl. 19.30 - 21.30 í Heilsuhúsinu, Lágmúla 5.
**Verð 6.900 kr.** Innifalin eru námsgögn með uppskriftum og upplýsingum um lækningamátt jurta. Allir fá smyrsl með sér heim.
**Upplýsingar og skráning:**
*annarosa@annarosa.is* eða í síma 662 8328.

**Heilsuhúsið býður upp á fjölbreytt og spennandi námskeið. Á næstunni er ýmislegt á dagskrá hjá okkur bæði ný námskeið og önnur sem alltaf er uppselt á.**



# SPÍRUR – HVAÐ ER MÁLIÐ?

**BROKKÓLÍSPÍRUR ER SKEMMTILEG NÝJUNG Í HEILSUHÚSINU EN SUMIR SEGJA AÐ SPÍRUR, ÞÁ EKKI SÍST BAUNASPÍRUR, SÉU HIÐ EINA SANNA HEILSUFÆÐI. BAUNASPÍRUR ERU MEÐAL ANNARS TALDAR HAFA FORNVARNARGILDI GEGN KRABBAMEINI, FRUMUSKEMMDUM OG HRÖRNUN. EN HVERS VEGNA? HVAÐ ER ÞAÐ SEM GERIR BAUNASPÍRUR SVONA MEINHOLLAR?**

**Brokkólíspírur**
Brokkólíspírur eru spíruð fræ brokkólíplöntunnar og eru frábær uppspretta af sulforaphane. Þær innihalda 10 til 100 sinnum meira af sulforaphane heldur en fullvaxta brokkólíplanta. Fjölmargar rannsóknir sýna að sulforaphane er frumuverjandi og getur varnað þróun krabbameins, hægt verulega á vexti krabbameinsfruma (65-80%) og varnað því að krabbamein dreifi sér.

Þá hafa rannsóknir sýnt að neysla brokkólíspíra getur varnað skemmdum eftir súrefnisþurrð við hjartaáfall og heilablóðfall. Brokkólíspírur eru jafnframt ríkar af andoxunarefnum sem hjálpa líkamanum að eyða sindurefnum sem talin eru orsök ýmissa hrörnunarsjúkdóma og hrörnunar líkamans almennt.

**Spírur- auðmelt fæða sem eykur orku**
Aðrar spírur eins og radísuspírur, alfa-alfaspírur og smáraspírur hafa einnig mjög góð heilsufarsleg áhrif. Spírur eru próteinríkar, lágar í fitu, án kólesterols og vítamínríkar. Við spírun eykst magn vítamína gríðalega, t.d. eru linsur sem hafa frekar lágt gildi á C vítamíni ein besta uppspretta C vítamíns eftir spírun. Með því að spíra fræ aukast einnig ensím og steinefni fræsins. Ensímríkt fæði er auðmelt þar sem það auðveldar upptöku næringarefnanna fyrir líkamann. Spírun brýtur næringarefnin niður í það form sem líkaminn getur nýtt sér og tekur upp í gegnum slímhúð meltingarfæranna. Með neyslu spíraðrar fæðu eyðir líkaminn þannig ekki orku né eigin emsímforða til að brjóta niður fæðuna heldur tekur næringarefnin beint upp.

Það má því kannski segja að spírað fæði og sér í lagi brokkólíspírur séu vegna eiginleika sinna hið eina sanna heilsufæði.



*Auðvelt er að bæta spírum við daglegt fæði. Spírum er hægt að bæta út í salatið, setja í samlokuna, þær fara vel með fiski, kjöti og grænmetisréttum. Þá er frábært að setja þær í grænu drykkina. Hér til hliðar er brauðsneið með reyktum laxi og radísuspírum.*


**Birkilaufstöflur**
Birkilauf (Betulic) hefur góð áhrif á bæði vökvajafnvægi líkamans og húð, örvar starfsemi nýrna og þvagfæra. Hraðar efnaskiptum og losar vatn úr líkamanum, dregur úr bólgum og afeitrar líkamann.

**Bodyflex** Strong
Bodyflex Strong vinnur gegn stirðleika og verkjum í liðamótum og styrkir heilbrigði burðarvefja líkamans. Inniheldur hvorki laktósa, ger, glúten né sætuefni.

**Minnistöflur**
Bætir skammtímaminnið. Nýtist fólki sem er undir álagi og fæst við flókin verkefni. Hentar vel eldri borgurum, lesblindum og nemendum í prófum. Dregur úr streitu, eykur ró og bætir skap.
www.birkiaska.is

Árangur fer eftir gæðum
Hvaða Spirulina ert þú að taka?

13 vítamín og 16 steinefni · 18 amínósýrur · Blaðgræna · Omega GLA fitusýrur
SOD eitt öflugasta andoxunarensím líkamans
Eingöngu lífræn næringarefni tryggja betri upptöku og nýtingu í líkamanum.

Virkar frábærlega við flensu og kvefi
Hraust og hress! Árangur strax!

Fjölvítamín náttúrunnar
Næringarupptaka úr Lifestream Spírulína er meira og nýtist betur en úr nokkru öðru fæði.
Fullkomið jafnvægi næringarefnanna gefur einbeitingu, langvarandi náttúrlega orku og er gott gegn streitu.
Dregur úr ofvirkni, sykurlöngun og sleni.
Styrkir ónæmikerfið, hentar börnum og fullorðnum.

Súrefnistæmdar umbúðir vernda næringaefnin.
Vottað lífrænt.

12 ÁRA VELGENGNI Á ÍSLANDI



lifestream
lífræn bætiefni fyrir alla - heilsa til framtíðar

25% afsláttur til 2. febrúar

Bio Kult Pro-Cyan
Nýtt fæðuabótarefni gegn þvagfærasýkingu
*2 hylki á dag,* fyrirbyggjandi gegn þvagfærasýkingu.
*Innihald:* Trönuberjaþykkni, mjólkursýrugerlar og A vítamín. Hentar fyrirbyggjandi fyrir alla.
Sérhannað fyrir barnshafandi konur.



Bio Kult Candéa
gegn Candida sveppasýkingu í meltingavegi
Er fæðuóþol, meltingatruflanir, húðvandamál, kláði á kynfærasvæði, skapsveiflur, rósroði, brjóstsviði, þreyta eða pirringur að hrjá þig?
***Prófaðu þá Bio Kult Candéa, 2 hylki á dag, hentar öllum.***
heilsuhúsið
FRUM

# VETRARTILBOÐ **HEILSUHÚSSINS**

**Frábær bætiefna- og heilsuvörutilboð sem gilda 22. janúar til 2. febrúar**




Öll bætiefni með **Gula miðanum frá Heilsu**




**Solaray** – allar tegundir í þessari frábæru línu




**Higher Nature** – hágæða vítamín og bætiefni. Fást eingöngu í Heilsuhúsinu




**Tartex**
Gómsætar vörur sem innihalda ríkulegt magn af próteini og hafa lágan sykurstuðul




**Kallo kraftur í sósur og súpur** – lífrænn kraftur




**Organic Burst** – frábært í boostið




**Villimey**
Nýju galdrarnir þrír á 20% kynningartilboði




**Herbamare**
Frábært í alla matargerð




**Ung á öllum aldri**
eftir Guðrúnu Bergmann. Bókin fyrir þá sem vilja bæta lífi við árin.
**Sló í gegn á síðasta ári!**

# HIN ÁRLEGA RISAÚTSALA ICEWEAR Í SUÐURHRAUNI ER Í FULLUM GANGI!

*Tilboðin gilda til 31. janúar



**JULIA**
Dúnparka
Áður: ~~39,900,-~~
Tilboð: 19,990,-



**HANNAH**
Mokka Jakki
Áður: ~~19,900,-~~
Tilboð: 9,990,-



**KYLA**
Ullar Softshell jakki
Áður: ~~19,900,-~~
Tilboð: 14,900,-



**GUÐRUN**
Softshell Jakki
Áður: ~~12,900,-~~
Tilboð: 4,900,-



**NAOMI**
Softshell jakki
Áður: ~~19,990,-~~
Tilboð: 14,900,-



**AGATA**
Dömu jakki
Áður: ~~22,900,-~~
Tilboð: 9,900,-



**HUNTER**
Mokka jakki
Áður: ~~22,900,-~~
Tilboð: 9,900,-



**KEVIN**
Ullar Softshell jakki
Áður: ~~19,900,-~~
Tilboð: 14,900,-



**SONJA**
Hjálmur
Áður: ~~6,500,-~~
Tilboð: 2,900,-



**SONJA**
Vettlingar
Áður: ~~5,500,-~~
Tilboð: 2,200,-

**4,900,- settið ef þú kaupir bæði húfu og vettlinga**

## 15% afsláttur á öllum vörum sem ekki eru á útsölu!



**PAUL**
Polarstretch peysa
Áður: ~~9,900,-~~
Tilboð: 8,415,-



**PAULA**
Polarstretch peysa
Áður: ~~9,900,-~~
Tilboð: 8,415,-



**PATRICK**
Polarstretch peysa
Áður: ~~8,900,-~~
Tilboð: 7,565,-



**PATRICIA**
Polarstretch peysa
Áður: ~~8,900,-~~
Tilboð: 7,565,-

**PAUL/PAULA**
Polarstretch buxur
Áður: ~~7,900,-~~
Tilboð: 6,715,-



**PAYTON**
Polarstretch buxur
Áður: ~~7,590,-~~
Tilboð: 6,452,-



**JUSTIN**
Dúnúlpa
Áður: ~~21,900,-~~
Tilboð: 18,615,-



**JANET**
Dúnúlpa
Áður: ~~21,900,-~~
Tilboð: 18,615,-



**MÓNA**
Flíspeysa
Áður: ~~6,950,-~~
Tilboð: 5,907,-



**MÓNA**
Flíspeysa
Áður: ~~6,950,-~~
Tilboð: 5,907,-

ICEWEAR · ICELAND ·

Suðurhrauni 12c, 210 Garðabær
10-18 alla virka daga
10-18 laugardaga
11-16 sunnudaga

Þingholtsstræti 2-4, 101 Reykjavík
10-18 mánudag - laugardags
11-18 sunnudaga
www.icewear.is

**SÉRTILBOÐ Á FRAMLEIÐSLUPRUFUM - 4,900,-** Dömu- Small / Herra- Large

# RAFBÍLL EKKI SÁ UMHVERFISVÆNASTI

Toyota Prius C er umhverfisvænastur bíla 2013 að mati ACEEE, American Council for an Energy Efficient Economy, óháðra samtaka sem árlega gefa út lista yfir umhverfisvænustu bíla ársins. Toyota Prius C er tvinnbíll en fast á hæla hans kemur Honda Fit EV sem er rafdrifinn bíll. Þriðja sætið verma þrír bílar; Toyota Prius, Prius PHV og Honda Civic Hybrid.

En hvernig getur tvinnbíll verið „grænni“ en bíll sem gengur fyrir rafmagni? Svarið er að finna í talnafræðinni.

Samtökin skoðuðu útblástur bílanna, mengandi útblástur og gróðurhúsalofttegundir, auk losunar frá þjónustufyrirtækjunum sem hlaða rafbíla. Þá var einnig tekin til greina orkan sem fer í að framleiða bílinn og áhrif sem förgun bílsins hefði á náttúruna þegar tíma hans lyki. Þegar öll kurl voru komin til grafar stóð bíll, sem bæði er drifinn með rafmagni og eldsneyti, uppi sem sá grænasti.

Úttektina má lesa á vef breska ríkisútvarpsins, www.bbc.co.uk, og þar er einnig hægt að nálgast listann yfir bílana sem athugaðir voru.



**TOYOTA PRIUS C GRÆNASTUR** Þegar allt er tekið með í reikninginn er það ekki rafbíll heldur tvinnbíll sem er umhverfisvænastur bíla að mati ACEEE. MYND/AFP






**LANDSMÓT** Fornbílaklúbburinn hefur haldið landsmót sitt á Selfossi undanfarin tíu ár. MYND/ÚR EINKASAFNI

# HLUTI AF SÖGUNNI

**FORNBÍLAR** *Starfsemi Fornbílaklúbbsins er fjölbreytt. Tæplega 1200 meðlimir eru í klúbbnum og eru þeir í öllum aldursflokkum.*

Fornbílaklúbbur Íslands var stofnaður árið 1977 og í honum eru tæplega 1200 meðlimir á öllum aldri. Klúbburinn hefur fyrst og fremst það markmið að efla samheldni áhugamanna og eigenda fornbíla, auk þess sem félagið hefur staðið í hagsmunagæslu fyrir fornbílaeigendur hér á landi. Þorgeir Kjartansson, formaður klúbbsins, segir starfsemina afar fjölbreytta þar sem allir bílaáhugamenn ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. „Sumarið er aðaltíminn hjá okkur. Þá rúntum við mikið um enda um tuttugu skipulagðar ferðir í boði. Stærsti viðburður ársins er landsmótið okkar sem við höldum í tíunda sinn á Selfossi næsta sumar. Einnig erum við mikið beðnir um að koma á ýmsar bæjarhátíðir yfir sumartímann auk þess sem ýmis félagasamtök hafa einnig samband við okkur.“

Starfsemin er önnur yfir vetrartímann að sögn Þorgeirs enda hentar íslenski veturinn sjaldnast fornbílum. Klúbburinn eignaðist nýlega félagsheimili í Kópavogi og heldur úti reglulegri dagskrá þar yfir veturinn. „Við hittumst alla miðvikudaga yfir vetrartímann. Stundum horfum við á bíómyndir eða fáum einhvern til að halda fyrirlestur. Næsta miðvikudag mætir til dæmis Svavar Svavarsson í hús og segir okkur frá vinnuvélum, trukkum og öðrum tækjum sem hafa verið hér á landi. Hann er gangandi sögubók um þessi tæki auk þess sem hann sýnir okkur líka ljósmyndir.“



**SUMARIÐ ER TÍMINN** „Sumarið er aðaltíminn hjá okkur. Þá rúntum við mikið um enda um tuttugu skipulagðar ferðir í boði,“ segir Þorgeir Kjartansson, formaður fornbílaklúbbsins. MYND/GVA

Það er margt sem heillar við fornbíla að sögn Þorgeirs. „Stór hluti af því er auðvitað sagan. Einnig snýst þetta um nostalgíuna hjá mörgum því margir reyna að eignast bíla sem þeir áttu þegar þeir voru yngri. Eða reyna jafnvel að eignast bílinn sem þeir vildu eignast þegar þeir voru ungir en höfðu ekki efni á.“

Þorgeir segist greina aukinn áhuga almennings á fornbílum. Á síðasta landsmóti hafi til dæmis um 3.000 manns heimsótt klúbbinn á laugardeginum. „Yfirleitt er mikil traffík þar sem við erum og hún eykst bara á milli ára. Áður fyrr vorum við jafnvel litnir aðeins hornauga því mörgum fannst skrítið hvað fjölskyldufólk væru að brasa í þessu. En fornbílarnir eru einfaldlega hluti af sögu okkar. Það er ekki hægt að slá hendinni á móti því.“



## BÍLAR & FARARTÆKI

bilaborg.is
Sími 517-1111



BMW 745 i. Árgerð 2002, ekinn 173 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.590.000. Rnr.133263.Billinn er á staðnum.



M.BENZ ML 500 . Árgerð 2006, ekinn 129 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.990.000. Rnr.132872. Áhv lán 3850 þús. Billinn er á staðnum.



FORD F150 supercrew 4x4 king ranch . Árgerð 8/ 2007, ekinn 70 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Tilboðsverð 3.390.000. Rnr.133219. Bíllinn er á staðnum.



DODGE Ram 2500 mega cab diesel . Árgerð 11/2007, ekinn 78 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.490.000. Rnr.133347. Billinn er á staðnum

**Bílaborg**
**Stórhöfða 26, 112 Reykjavík**
**Sími: 517 1111**
**http://www.bilaborg.is**

bilfang.is
S. 567 2000



**LÆKKAÐ VERÐ !**
Nissan Patrol 7 manna Diesel, 11/2003 ek 163 þ.km ,sjálfskiptur flottur jeppi á nyjum dekkjum, núna á 1890 þús !



**DIESEL !!**
Landrover Freelander 2 Diesel 06/2008 ek 90 þ.km , sjálfskiptur, leður ofl Verð 4390 þús, YMIS SKIPTI ATH !

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



FORD Escape xls 4wd. Árgerð 2007, ekinn 46 Þ.MÍLUR, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.590.000. Rnr.140392. VERÐ NÚ kr: 1.990.000,-



HYUNDAI Sonata. Árgerð 2008, ekinn 99 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.990.000. Rnr.1110456. VERÐ NÚ kr: 1.290.000,-



NISSAN Qashqai+2 se. Árgerð 2011, ekinn 57 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.390.000. Rnr.160330.



KIA Ceed ex 1.6 bensín sjálfsk.. Árgerð 2008, ekinn 113 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.090.000. Rnr.140140.

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

bifreidar.is
577 4777



CHEVROLET Avalanche 4x4. Árgerð 2003, ekinn 132 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. TILBOÐSVERÐ 1990 ÞÚS. Rnr.105636.

**bifreidar.is**
**Réttarháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4777**
**Óskum eftir vinnuvélum og bifreiðum á skrá.**
**http://www.bifreidar.is**

bilauppbod.is

**PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

BÍLA KAUP
S:577.1111
bilakaup.com



YAMAHA Rhino 660. Árgerð 2007, ekinn 4þ.km. bensín, sjálfskiptur. Lok yfir pall fylgir. Lokuð grind á pallinum. Verð 1.590.000. Rnr.205853.



**TILBOÐSVERÐ 1.190.000.-**
RENAULT Megane Berline. 09/08, ekinn aðeins 30 Þ.KM, 5 gírar, 5 dyra. Ásett 1.690.000.- tilboðsverð 1.190.000. Rnr.205986.

**Bílakaup**
**Korputorgi, 112 Reykjavík**
**Sími: 577 1111**
**http://www.bilakaup.com**

J.R.BÍLASALAN
BÍLDSHÖFÐA 3, 110 REYKJAVÍK
S: 567-0333 www.jrbilar.is



M.BENZ Sprinter 316 cdi. Árgerð 2005, ekinn 135 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.980.000.+ VSK Rnr.154730.



FORD Transit connect. Árgerð 2005, ekinn 75 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 980.000.með VSK Rnr.154757. er á VSK númerum



ISUZU Nqr75, með kæli. Árgerð 2007, ekinn 83 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. + VSKRnr.154583



VW Transporter. Árgerð 1996, ekinn 165 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 540.000. Rnr.154654.



M.BENZ Sprinter 315. Árgerð 2006, ekinn 99 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.490.000. Rnr.154711.

**JR Bílasala**
**Bíldshöfði 3, 110 Rvk**
**Sími: 567 0333**
**Okkur vantar bíla á skrá og í stæði**
**www.jrbilar.is**

TOYOTA
Baldursnes 1 Akureyri
Sími 460 4300
www.toyotaakureyri.is



TOYOTA Yaris Terra 1.0. 6/2010, 53 þ.km, bensín, 5 gírar. Verð 1.890.000. Ath skipti á ód. Rnr.121993.



TOYOTA Aygo 1.0. 8/2012, 1 þ.km, bensín, 5 gírar. Verð 2.090.000. Ath skipti á ód. Rnr.208245.



TOYOTA Yaris Terra 1.0. 5/2011, 42 þ.km, bensín, 5 gírar. Verð 2.090.000. Ath skipti á ód. Rnr.122013.



TOYOTA Yaris Terra 1.0. 4/2006, 101 þ.km, bensín, 5 gírar,álfelgur,sumar og vetrardekk. Verð 1.180.000. Rnr.241188.



TOYOTA Auris Sol Hybrid. 10/2011, 6 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.890.000. Ath skipti á ód. Rnr.132389.



TOYOTA Auris Terra 1.33. 6/2010, 48 þ.km, bensín, 6 gírar, álfelgur. Ásett verð 2.290.000, Tilboð 2.090.000. Ath skipti á ód. Rnr.240854.



TOYOTA Urban Cruiser GX 4wd. 10/2012, 1 þ.km, dísel, 6 gírar. Verð 4.250.000. Ath skipti á ód. Rnr.208639.



TOYOTA Corolla s/d Terra 1.33. 5/2012, 20 þ.km, bensín, 6 gírar. Verð 3.160.000. Ath skipti á ód. Rnr.122002.



TOYOTA Corolla s/d Terra 1.6. 6/2012, 21 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.850.000. Ath skipti á ód. Rnr.122000.

**Toyota Akureyri**
**Baldursnes 1, 600 Akureyri**
**Sími: 460 4300**
**Opið virka daga 9-18**

100bilar.is
Skráðu bílinn frítt hjá okkur

VILTU KAUPA EÐA SELJA!!, Komdu til okkar, sendu okkur mail á 100bilar@100bilar.is eða hringdu í síma 5179999, Skráðu bílinn frítt hjá okkur. Kíktu á www.100bílar.is

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 12-16.**
**www.100bilar.is**

Ellingsen
- FULLT HÚS ÆVINTÝRA



Polaris Sportsman 850. Árgerð 2011. Box framan og aftan. Hlíðar og stýristöskur. Bighorn dekk á álfelgum. Verð 2.890.000- Tilboðsverð 2.690.000.- Upplýsingar í síma 8201418 www.ellingsen.is

**Ellingsen**
**Fiskislóð 1, 101 Reykjavík**
**Beinn sími sölumanna: 820 1418 og 840 1757**
**http://www.ellingsen.is**

## Bílar til sölu



Land Rover Discovery árg. 1998 ekinn 260þ. Tjónaður, þarfnast viðhalds. Verð: Tilboð Uppl. skuli@logver.is



Subaru Impreza ,97 4x4. Ekinn aðeins 120.þ km. Nýskoðaður, nýsmurður, iPod tengdur og til í allt. Á nóg inni! Tilboð 390þ. engin skipti Uppl. í síma 8601038.

## 250-499 þús.



**VOLVO SSK TURBO TILBOÐ 390 ÞÚS**
VOLVO S40 2.0 TURBO árg.'99 sjálfskiptur, skoðaður 13, góð vetrardekk, mjög heill og góður bíll lýtur vel út og hörkukraftur í honum! ásett verð 570 þús TILBOÐ 390 ÞÚS möguleiki á 100% visa/euro lán s.841 8955.



**2002 JEPPLINGUR TILBOÐ 390 ÞÚS**
MITSUBISHI PAJERO PININ 1,8 4x4 árg.' 2002 beinskiptur, heilsársdekk, skoðaður 13, eyðir litlu 9-10 ltr/100 km innabæjar, lýtur vel út og mjög þægilegur og góður í keyrslu ásett verð 590 þús. Tilboð 390 þús. s.841 8955.

## Bílar óskast

**!!! 0-250ÞÚS STAÐGREITT !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma 659 9696.

**!!! VANTAR ÓDÝRAN BÍL**
Fyrir allt að 200þ. staðgreitt, árgerð ,98-'03. Má alveg þarfnast smá lagfæringa uppl. s. 777 3077.

## Sendibílar




Ódýr sendibílaþjónusta. Heimsendingar og fyrirtækjaþjónusta. www.keyrsla.is S:820-3880

## til sölu



# TIL SÖLU – LIMO.IS

**Frábært tækifæri fyrir duglegan einstakling sem vill vera með eigin rekstur.**

Fyrirtæki í góðum rekstri síðan 2007.
Stærsta Hummer limosina landsins.

Myndir og verðskrá á limo.is.

**VERÐ 26 MILLJ. ÁHVÍLANDI 6 MILLJ.**

Upplýsingar hjá Högna í síma 895-4444 og á bifreidar.is í síma 577-4777.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Fjórhjól



Yamaha Grizzly 700 ,08. Ek: 10 þús. 27” Big Horne. Vökvastýri. Kassi með aukasæti. Einn eigandi og góð þjónusta. Aukastuðarar. Hiti í handföngum. Verð: 990 þús. Engin skipti. Uppl: Tómas 895 9974.

## fasteignir

# Átt þú íbúð á lausu í Grafarholti?

**Við leitum að íbúð fyrir ákveðinn kaupanda sem nú þegar hefur selt. Auglýsum því eftir 4 - 5 herbergja íbúð í austurhluta Grafarholts. Íbúðin þarf að vera með bílageymslu og helst með sérinngangi. Kjörstærð íbúðar 110-130 fm**



**Nánari upplýsingar veitir Svan Gunnar Guðlaugsson í síma 697 9300**



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

## FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Silungakvísl 11

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.00-17.30**




Vandað og vel við haldið 256,0 fm. einbýlishús á tveimur hæðum auk 34,8 fm. frístandandi bílskúrs og 10 fm. garðhýsis. Auðvelt er að breyta eigninni í tvær íbúðir. Eignin stendur á stórri hornlóð við ofanverðan Elliðaárdalinn. Góð lofthæð í stofu og útgengi á svalir til suðurs. Eldhús með vandaðri innréttingu, eyju og útgengi á svalir til austurs. Hjónasvíta og fjögur önnur herbergi. Fjölskyldu/stofurými með útgengi á verönd. Lóðin er í góðri rækt með margskonar trjátegundum, heitum potti og fallegri lýsingu. Hellulögð aðkoma. **TILBOÐ ÓSKAST Í EIGNINA. VERIÐ VELKOMIN.**

### Sóltún 16.

**Glæsileg íbúð með tvennum svölum.**

**OPIÐ HÚSÍ DAG FRÁ KL. 17.00 – 17.30**




Afar glæsileg 139,2 fm. 3ja herbergja íbúð á 3. hæð með tvennum svölum (aðrar yfirbyggðar) og sér stæði í bílageymslu í nýlegu húsi í Sóltúni. Allar innréttingar eru frá Axis. Innihurðir og gólfefni eru úr eik. Gólfhiti í allri íbúðinni. Eldhús var endurhannað, stækkað og eldavélareyju komið fyrir. Aðeins tvær íbúðir á hæðinni. Lóð fullfrágengin með hitalögnum í stéttum. **Verð 48,5 millj. ÍBÚÐ MERKT 0303. JÓN OG GUÐRÚN Á BJÖLLU. VERIÐ VELKOMIN.**

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. ,03, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**VW - SKODA - VARAHLUTIR**
Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúð, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

**SMÁPARTAR.IS**
Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. ,97 til ,02, Skoda Octavía árg. ,00 til ,07. Honda CR-V árg. ,05.W Polo ,07 Passat ,01. Suzuki Baleno árg. ,00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

**JAPANSKAR VÉLAR BÍLAPARTASALA**
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. Opið 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

## Viðgerðir

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020.

**AB - PÚST**
Almennar pústviðgerðir og sérsmíði. Fljót og góð þjónusta. Skemmuvegur 26, Bleik gata. S 555 6020.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Gluggaþvottur. Gerum verðtilboð. www. hreingerningar.is S. 772 1450

## Garðyrkja

GARÐLIST
ALHLIÐA GARÐÞJÓNUSTA
554 1989 • www.gardlist.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**MÁLARAMEISTARI**
Tek að mér alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Egill s. 868 5171.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

Húsaviðgerðir
www.husco.is
Sími 555-1947 Gsm 894-0217




Laga ryðbletti á þökum, hreinsa þakrennur. Tek að mér ýmis smærri verkefni. Uppl. í s. 847 8704 eða manninn@hotmail.com

## Tölvur

ÓDÝRAR TÖLVUVIÐGERÐIR
start TÖLVUVERSLUN
Sími 544-2350 - Bæjarlind 1, Kópavogi
www.start.is

## Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

# KEYPT & SELT

## Til sölu

Ekta pelsar, mjög flottir, örlítið notaðir, afar ódýrir. Unnur sími: 5512596

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peningar og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

## Vélar og verkfæri




## Verslun



**BEAUTY IN BLACK HOLTSBÚÐ 61 GARÐABÆ**
Útsalan á fullu 30-50% afsl. Opið þrið-föst frá 13-18. Sími 695-6679 www.beautyinblack.is



**WWW.HUSH.IS**
We-Vibe er unaðstæki ársins 2012. Ný sending komin. Sendum um allt land. Pantaðu strax fyrir Bóndadaginn.

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE næröu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ ismennt.is

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

**DOBERMAN GEFINS.**
Vegna flutnings til útlanda fæst Doberman rakki með ættbók frá HRFÍ gefins á rétt heimili. valgeir. bjarnason@gmail.com.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**VELLIR - HAFNARFJÖRÐUR, 2JA HERB. TIL LEIGU !**
Til leigu 2ja herb. íbúð 75fm á fyrstu hæð í fjölb. Leigist í eitt ár. Verð 140þús per mán. m/hússj. Uppl. s. 893 3347.

**GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE WWW. LEIGUHERBERGI.IS**
1-2 manna herb. á Funahöfða 17a og 19 og Dalshraun 13 Hfj. Rooms for 1-2 persons in Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj.
**Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 10-20. www.leiguherbergi.is**

Til leigu nálægt kringlu svæðinu 11fm stórt og fallegt herb. með öllu eftirtöldu einnig því til einkaafnota: húsgögnum, einkatölvu, einkasjónvarpi og dvd. aðgengi að eldhúsi, baði og þvottavél. Leigist aðeins reglusömum einhleypingi jafnt erlendum sem íslenskum. Allt innifalið á mjög lágu verði eða 40þús á mán. Svör með nauðsynlegustu uppl. um þá sem óska e. þessu herb. sendist á kaffikanna11@hotmail.com og fá þá nánari upplýsingar frá mér.

## Atvinnuhúsnæði

**HAFNARFJÖRÐUR - SKRIFSTOFUR - VINNUSTOFUR**
Eigum laus nokkur 20 - 40 m2 rými í snyrtilegu húsnæði í Hafnarfirði. Hentar vel fyrir einyrkja og lítil fyrirtæki. Nánar á www.leiga.webs. com Sími 898 7820.

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1-17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

TMÍ TRYGGINGAMIÐLUN ÍSLANDS

Óskum eftir fólki í kvöldstarf. Góðir tekjumöguleikar fyrir réttan aðila. Áhugasamir geta sent póst á erna@tmi.is

**VEITINGARHÚSIÐ HORNIÐ**
Alvöru pizzubakari óskast. Einungis vanur bakari kemur til greina. Umsóknir eingöngu á hornid@hornid.is.

Óska eftir fólki í pökkun og snyrtingu í Grindavík. Upplýsingar í s. 843 9858.

Afgreiðslumaður óskast í verkfæraverslun. 25-35 ára. Heilsuhraustur og áreiðanlegur. Umsóknir sendist á: vl@simnet.is

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
**Starfsmannaþjónustan S. 661 7000.**

Vanur trésmiður getur bætt við sig vinnu. Sími: 844-8744

## Einkamál

Rauða Torgið
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífssögur
905-2002 • 535-9930
Símaðömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

**GOTT HEILNUDD**
Vön íslenzk kona býður gott heilnudd. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8291.

# Evrópa endurmetur öryggi erfðabreyttra afurða

ERFÐABREYTT MATVÆLI



Sandra B. Jónsdóttir
sjálfstæður ráðgjafi

Í ágúst sl. birti hópur vísindamanna undir forystu G.E. Séralini niðurstöður 2ja ára rannsóknar á erfðabreyttum maís sem skók vísindasamfélagið og afhjúpaði galla í kerfi leyfisveitinga til ræktunar erfðabreyttra plantna í Evrópu. Erfðabreytta maísyrkið (NK603) sem Séralini notaði hafði áður verið leyft af Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) og þar með verið talið öruggt í manneldi og fóðrun á grundvelli skammtíma (90 daga) tilrauna með rottur. Rannsókn Séralini sem stóð í tvö ár (ævilengd rottu) komst að því að rottur sem fengu erfðabreytta maísyrkið mynduðu æxli, lifðu skemur og eitrun kom fram í lifur og nýrum.

EFSA hefur aldrei rökstutt hvers vegna stofnunin fer aðeins fram á að líftæknifyrirtæki leggi fram 90 daga dýratilraunir þegar ljóst má vera að langtímarannsóknir gefi réttari mynd af heilsufarsáhrifum. Enn fremur sætir EFSA harðri gagnrýni fyrir að veita leyfi fyrir erfðabreyttum afurðum (plöntum/plöntuafurðum) á grundvelli rannsókna sem umsækjendur sjálfir gera, í stað rannsókna vísindamanna sem eru óháðir viðkomandi fyrirtækjum. Ekki veldur síðri áhyggjum að nefnd „sérfræðinga“ EFSA, sem ákveður hvaða erfðabreyttar afurðir skuli samþykktar, er að meirihluta skipuð mönnum sem ýmist störfuðu í líftæknifyrirtækjum eða vinna fyrir þrýstihópa í þeirra þágu. Vegna hagsmunaárekstra innan EFSA hafa stjórnvöld nokkurra Evrópulanda kvartað við Evrópuþingið sem frestaði fjárveitingum til EFSA uns stofnunin samþykkti að taka á vandanum.

### Æsileg viðbrögð

Þegar niðurstöður rannsóknar Séralini voru birtar ollu þær æsilegum viðbrögðum vísindamanna sem vinna í þágu líftæknifyrirtækja. EFSA fór í varnarstöðu og afneitaði rannsókninni. Hún hefði með réttu átt að auka áhuga innan vísindasamfélagsins á langtímarannsóknum heilsufarsáhrifa erfðabreyttra afurða. Gagnrýnendur sem hagsmuna eiga að gæta skipulögðu hins vegar harkalega árás á rannsóknina og aðalhöfund hennar. Mótbárur þeirra afhjúpa tvöfalt siðgæði, með fullyrðingum um galla á rannsókn Séralini, sem ýmist var horft framhjá eða réttlættir voru í umfjöllun um rannsóknir líftæknifyrirtækja. Séralini var krafinn um birtingu grunngagna rannsóknar sinnar, þótt EFSA láti fyrirtæki sem sækja um leyfi komast upp með að halda sínum gögnum leyndum.

Þess var jafnvel krafist að tímaritið sem birti ritrýnda rannsókn Séralini (Food & Chemical Toxicology) drægi greinina til baka. Áköfustu gagnrýnendur voru þó ekki með sérþekkingu á eiturefnafræði eða dýratilraunum, heldur á plöntuerfðafræði og erfðatækni, vísindamenn sem eiga stofnana- og persónulegra hagsmuna að gæta. Meðal þeirra eru jafnvel „vísindamenn“ tengdir öfgafullum þrýstihópum sem afneita t.d. loftslagsbreytingum.

### Tímabær endurskoðun

Rannsókn Séralini hratt af stað deilum sem leitt hafa til tímabærrar endurskoðunar á þeim grunni sem lagareglur ESB um erfðabreyttar afurðir byggja á. Framvegis má gera ráð fyrir að fyrirtæki sem sækja um leyfi til ræktunar á erfðabreyttum plöntum í Evrópu verði krafin um betri vísindarannsóknir til að færa sönnur á öryggi þeirra. EFSA og framkvæmdastjórn ESB hafa nú samþykkt að hanna og fjármagna nýja langtíma (2ja ára) rannsókn á heilsufarsáhrifum erfðabreyttra afurða. Hér er komið til móts við góð vísindi. Þegar vísindamaður á borð við Séralini (sem er tvímælalaust í hópi fremstu sameindalíffræðinga okkar daga) leggur fram rannsóknir, sem setja spurningamerki við ríkjandi starfshætti, er fráleitt að skella skollaeyrum við þeim, heldur ber að fylgja þeim fast eftir. Nú hvílir sú skylda á yfirvöldum ESB að hanna nýjar tilraunir með aðkomu sjálfstæðra vísindamanna eins og Séralini, en ekki aðeins þeirra sem starfa í líftæknifyrirtækjum.

Við væntum þess að íslensk yfirvöld fari að fordæmi EFSA. Umhverfisstofnun hefur allt frá árinu 2003 leyft útiræktun á erfðabreyttum plöntum sem áhættusamastar eru – erfðabreyttu lyfjabyggi – á allt að tugum hektara lands í Gunnarsholti. Þeir sem þróa þetta erfðabreytta bygg, svo og yfirvöld, hafa fullyrt að sýnt hafi verið vísindalega fram á öryggi þess þrátt fyrir að engar dýratilraunir hafi verið gerðar og áhættumat hafi ekki falið í sér greiningar á grunnvatni og jarðvegi. Svo virðist sem veiting þessara leyfa hafi verið af pólitískum toga – en ekki vísindalegum. Slæmar pólitískar ákvarðanir er stundum hægt að draga til baka og vonandi verður það gert í þessu tilviki. En tjón á trúverðugleika vísindasamfélagsins er ekki jafn auðvelt að bæta. Íslenska vísindasamfélagið þarf að viðurkenna, líkt og EFSA neyddist til, að ekki er nóg að lýsa eitthvað öruggt, heldur þarf að sýna fram á að svo sé.

**➜ EFSA og framkvæmdastjórn ESB hafa nú samþykkt að hanna og fjármagna nýja langtíma (2ja ára) rannsókn á heilsufarsáhrifum erfðabreyttra afurða. Hér er komið til móts við góð vísindi.**






# TÍMAMÓT



✝

Ástkær maðurinn minn, faðir okkar, fósturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**BJÖRN GUNNARSSON**
**nuddari,**
**Byggðavegi 151, Akureyri,**

lést á Landspítalanum laugardaginn 19. janúar. Hann verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju föstudaginn 25. janúar kl. 13.30.

**Sigríður Olgeirsdóttir**
**Birna Kristbjörg Björnsdóttir** **Jóhann Þröstur Þórisson**
**Ragna Árný Björnsdóttir** **Birgir Þór Ingólfsson**
**Áshildur Eygló Björnsdóttir** **Ásþór Guðmundsson**
**Björn Halldór Björnsson** **Aðalheiður S. Jóhannesdóttir**
**Aðalheiður Hanna Björnsdóttir** **Hallur Kristmundsson**
**Gestur Gunnar Björnsson** **Helga Guðrún Pálsdóttir**
**Unnur Lovísa Steinþórsdóttir** **Gissur Árdal Hauksson**
**Olgeir Steinþórsson**
**Steinþór Andri Steinþórsson** **Emma Havin Sardarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐRÚN HARALDSDÓTTIR**
**Sóltúni 10, Reykjavík,**

lést á Landakotsspítala þann 20. janúar.

**Gunnlaugur Pálmi Steindórsson**
**Steindór Gunnlaugsson** **Halldóra Lydía Þórðardóttir**
**Haraldur Páll Gunnlaugsson** **Bolette Møller Christensen**
**Bryndís Dögg Steindórsdóttir** **Haukur Eggertsson**
**Gunnlaugur Egill Steindórsson**
**Emilía Björk Hauksdóttir**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ELÍN ÞÓRDÍS ÞÓRHALLSDÓTTIR**
**Sólheimum 23, Reykjavík,**
**áður húsfreyja á Melum í Hrútafirði,**

verður jarðsungin frá Langholtskirkju fimmtudaginn 24. janúar kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarstofnanir.

**Elsa Jónasdóttir** **Gunnar Guðjónsson**
**Ína Halldóra Jónasdóttir** **Eggert Sveinn Jónsson**
**Þóra Jónasdóttir**
**Birna Jónasdóttir** **Gunnar Friðgeir Vignisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Okkar ástkæri sambýlismaður, faðir, tengdafaðir og afi,

**GUÐJÓN GUÐJÓNSSON,**
**flugstjóri,**
**Lækjarhvammi 9, Hafnarfirði,**

varð bráðkvaddur miðvikudaginn 16. janúar sl. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Ulla Magnússon**
**Erla Ósk Guðjónsdóttir** **Sigurður Kristinsson**
**Linda María Guðjónsdóttir**
**Rósa Björk Guðjónsdóttir** **Trent Antony Adams**
**Guðjón Ágúst Guðjónsson** **Alda Steinþórsdóttir**
**Lilja Barbara Guðjónsdóttir**
**og barnabörn.**



✝

Fjölskylda

**GUÐRÚNAR G. JOHNSON**

þakkar auðsýnda samúð og vinarhug vegna andláts hennar. Öllum þeim sem önnuðust mömmu okkar, hjúkrunarfólki jafnt sem ættingjum, færum við einlægar þakkir. Hún þáði góða aðstoð og naut nærveru ykkar en gaf í staðinn kærleika og hlýju með sínu ljúfa viðmóti. Vinum hennar og samferðafólki þökkum við ævilanga tryggð, vináttu og fallegar minningar.

**Friðþjófur Ó. Johnson** **Sigurlaug Sigurðardóttir**
**Gunnlaugur Ó. Johnson** **Hjördís Bjartmars Arnardóttir**
**Ólafur Ó. Johnson** **Bjarndís Pálsdóttir**
**Helga Guðrún Johnson** **Kristinn Gylfi Jónsson**
**og barnabarnafjöldinn.**



**ÆTLAR AÐ ROKKA Á SPOT** Í tilefni þess að 40 ár eru liðin frá því að gaus í Heimaey ætlar skemmtistaðurinn Spot að halda allsherjar Eyjakvöld næstkomandi laugardag. Bjartmar verður meðal þeirra Eyjamanna sem þar stíga á svið og ætla að rokka að hætti Eyjamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Mestu rólegheit í Eyjum þegar Helgafellið gaus

Á laugardaginn eru fjörutíu ár frá eldgosinu í Heimaey. Söngvarinn Bjartmar Guðlaugsson var viðstaddur gosið og ætlar að halda upp á daginn með því að spila á Eyjahátíð á Spot.

„Það er nú svo furðulegt að þrátt fyrir að hafa í tvígang upplifað eldgos í Vestmannaeyjaklasanum þá finnst mér eyjarnar samt öruggasti staður í heimi,“ segir söngvarinn Bjartmar Guðlaugsson.

Bjartmar fluttist til Vestmannaeyja þegar hann var sjö ára gamall og bjó þar vel fram yfir tvítugsaldurinn. Hann var viðstaddur bæði Surtseyjargosið árið 1963 og gosið í Heimaey árið 1973, en á laugardaginn eru liðin fjörutíu ár frá því að það síðara átti sér stað. „Ég man að ég var vakinn upp og mér sagt að það væri eldur úti í bæ. Ég var nú ekki alveg að átta mig á hvað það kæmi mér við þar sem ég var ekki í slökkviliðinu,“ rifjar Bjartmar upp og hlær. „Svo var mér sagt að þetta væru jarðeldar og þegar ég hljóp út var ég bara í um kílómetra fjarlægð frá sprungunni sem var því sem næst á túninu hjá Tobba í Kirkjubæ, þangað sem ég hafði sótt mjólkina þegar ég var yngri. Þetta var allt svo ótrúlegt, eiginlega bara eins og draumur,“ heldur hann áfram.

Þrátt fyrir að aldrei hafi verið gerð nein viðbragðsáætlun segist Bjartmar ekki hafa verið í neinum vafa um hvað þyrfti að gera, frekar en aðrir Eyjamenn. Hann kom fjölskyldunni sinni fyrir í bát og sigldi með hana yfir til Þorlákshafnar. „Surtseyjargosið hafði auðvitað verið nettur undirbúningur og svo heppilega vildi til að það hafði verið snarvitlaust veður dagana á undan, svo allur floti var í landi,“ segir hann. „Það er ótrúlegt hvað allir voru sallarólegir en engin hræðsla eða panikk var í mönnum. Þetta voru stærstu fólksflutningar Íslandssögunnar og þeir áttu sér stað í mestu rólegheitum, engin öskur, læti eða neitt. Enda Eyjamenn ýmsu vanir,“ bætir hann við og hlær.

> **Ég hljóp út og var þá bara í um kílómeters fjarlægð frá sprungunni. Þetta var allt svo ótrúlegt, eiginlega bara eins og draumur.**
> *Bjartmar Guðlaugsson, söngvari og Eyjamaður*

Víða verður haldið upp á það á laugardaginn að fjörutíu ár eru liðin frá gosinu í Heimaey. Bjartmar ætlar ekki að láta sig vanta í gleðina og stígur á svið á Spot í Kópavogi með stórt rokkband og tekur mörg af sínum bestu lögum. Auk Bjartmars koma fram á Spot Eyjaböndin Logar, 7und, Obbossí og Blítt og létt sönghópurinn. „Eyjamenn, rétt eins og Danir, eru alltaf til í söng og skemmtanahald. Við ætlum að rokka að hætti Eyjamanna í Kópavoginum þar sem hægt verður að koma saman og knúsa gamla vini,“ segir Bjartmar og bíður greinilega spenntur eftir kvöldinu.

tinnaros@frettabladid.is



✝

**RAGNHEIÐUR S. ÞORSTEINSDÓTTIR**
**frá Tindum,**

sem lést 14. janúar sl. verður jarðsungin frá Skarðskirkju á Skarðsströnd laugardaginn 26. janúar kl. 14.00. Rúta fer frá Umferðarmiðstöðinni kl. 10.00 um morguninn. Sætapantanir í síma 892-2795.

**Börn hinnar látnu og fjölskyldur.**



✝

**INGIBJÖRG JÓHANNSDÓTTIR**
**frá Ökrum,**
**Ánahlíð 16, Borgarnesi,**

verður jarðsungin frá Borgarneskirkju miðvikudaginn 23. janúar kl. 13.00.

**Gunnar Þór Ólafsson**
**Dagný Þorsteinsdóttir**
**Þórir Jökull Þorsteinsson**
**Böðvar Bjarki Þorsteinsson**
**Kolbeinn Þorsteinsson**
**Guðný Ása Þorsteinsdóttir**



✝

Bróðir okkar og stjúpfaðir,

**ÁSGRÍMUR HÖGNASON**
**frá Syðrafjalli,**
**Gyðufelli 16, Reykjavík,**

lést miðvikudaginn 9. janúar síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Svava Högnadóttir**
**Ólöf Högnadóttir**
**Bjarney Inga Bjarnadóttir**
**Sigrún Margrét Sigurðardóttir**
**Svanhvít Sigurðardóttir**



✝

Elskulegur faðir okkar,

**BALDUR SVEINSSON**
**húsasmiður frá Sveinsstöðum,**

lést 13. janúar á gjörgæsludeild Landspítalans. Útför verður frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 23. janúar kl 13.00.

**Fyrir hönd allra aðstandenda,**
**Aðalbjörg og Þóra Björk Baldursdætur**


Ég nota SagaPro
Kristján Óskarsson, verkefnastjóri
Vandamál: Bólgur í blöðruhálskirtli
SagaPro
SAGAMEDICA
www.sagamedica.is

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** hreinsiefni, **6.** í röð, **8.** mælieining, **9.** vætla, **11.** tveir eins, **12.** méla, **14.** kompa, **16.** karlkyn, **17.** slæða, **18.** lífshlaup, **20.** ónefndur, **21.** flokka.

**LÓÐRÉTT**
**1.** héla, **3.** í röð, **4.** olíuvaxefni, **5.** dýrahljóð, **7.** eyða, **10.** einkar, **13.** vandlega, **15.** framkvæma, **16.** náinn, **19.** hreyfing.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** sápu, **6.** rs, **8.** bar, **9.** íla, **11.** rr, **12.** mölva, **14.** klefi, **16.** kk, **17.** lín, **18.** ævi, **20.** nn, **21.** raða.
**LÓÐRÉTT: 1.** hrím, **3.** áb, **4.** parafín, **5.** urr, **7.** slökva, **10.** all, **13.** vel, **15.** inna, **16.** kær, **19.** ið.






# Hrært í pottum sögunnar

**BAKPANKAR**
Kolbeins Óttarssonar Proppé



Krafa um stjórnarslit og kosningar í vor. Svo hljóðaði fyrirsögnin á forsíðu Fréttablaðsins fyrir sléttum fjórum árum síðan. Verið var að lýsa kröfum sem Samfylkingarfélagið í Reykjavík hafði samþykkt á fjölmennum fundi í Þjóðleikhúskjallaranum. Þær samþykktir voru endurómur mannfjöldans sem stóð fyrir utan, barði potta og pönnur, kveikti bál, söng, hrópaði, öskraði, stappaði og klappaði. Fólkið vildi breytingar, enda hafði orðið hér eitt stykki efnahagshrun. Og fólkið fékk sitt fram.

**ÞAÐ** er nefnilega alveg sama hve menn rembast við að endurskrifa söguna, hér varð hrun og kreppa í kjölfarið og gæsalappir utan um hugtök breyta engu um það. Fyrirsagnir í blöðunum mánuðina fyrir þennan örlagaríka janúar 2009 bera það með sér: „Fiskútflutningur í hættu vegna gjaldeyriskreppu“. „Ráðstöfunartekjur rýrna um 20 prósent“. Að ekki sé minnst á fregnir af yfirvofandi vöruskorti í búðum sem varð til þess að fólk hamstraði nauðþurftir.

**HÖRMUNGARNAR** í efnahagslífinu vöktu reiði fólks sem fór þúsundum saman út á götur og mótmælti. Aðalkrafa þess var að ríkisstjórnin færi frá og boðað yrði til kosninga. Mótmælaaldan óx dag frá degi, bál voru kveikt, pústrar féllu, lögreglan stóð í ströngu og undir niðri dunaði beljandinn í pönnuslættinum fram á nótt. Svefnhljóð fjölmargra Reykvíkinga þessa mánuði: niðandi taktur og hrópin: „Vanhæf ríkisstjórn.“

**NOKKUÐ** hefur borið á því að menn vilji endurskrifa þessa sögu líka. Helst er að skilja að einstaka alþingismenn hafi haft vald á því að stýra reiði fólksins í þann farveg sem þeim hentaði. Mikill var máttur þeirra. En auðvitað var það ekki þannig. Fólk var reitt og sárt og vildi breytingar, þeir sem sjá það ekki hafa pottlok fyrir himinn.

**ÞAÐ** ber að gjalda varhug við því að segja að þjóðin vilji þetta og hitt. En, Fréttablaðið spurði í janúar 2009: Hvaða afstöðu hefur þú til mótmælanna að undanförnu. Svörin voru nokkuð skýr, tæp 46 prósent voru hlynnt þeim og tæpt 21 prósent mjög hlynnt. Stjórnmálamenn hafa flíkað þjóðarvilja með minna fylgi í könnunum á bak við sig.

**OG** nú erum við hér fjórum árum síðar. Ástandið er slæmt hjá mörgum og gæti verið mun betra hjá flestum. Í umkvörtunum okkar mættum við hins vegar muna að það eru ekki nema fjögur ár síðan við hömstruðum mjólk af því við héldum að hamfaraástand væri í nánd.

**EFTIR** stendur hins vegar að þegar fólk stendur saman, þá getur það breytt hlutum. Um það vitna ótal dældaðir pottar og pönnur.

## MYNDASÖGUR

### PONDUS
Eftir Frode Øverli




### GELGJAN
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### HANDAN VIÐ HORNIÐ
Eftir Tony Lopes




### BARNALÁN
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Frábært úrval notaðra bíla

# Komdu. Gerðu betri bílakaup.

**Settu gamla bílinn uppí notaðan bíl frá Brimborg.**

notadir.brimborg.is

**Tökum allar tegundir bíla uppí.**

FINNDU BÍLINN ÞINN Á NOTAÐIR.BRIMBORG.IS



Tilboðsverð: 2.490.000 kr.

**Mazda3 Advance (AGB18)**
1,6i 105 hö bensín beinskiptur
Skrd. 6/2012. Ek. 29.000 km.
Verð: 2.660.000 kr.
Afsláttur: 170.000 kr.



Tilboðsverð: 2.090.000 kr.

**Ford Focus Trend (DLP31)**
1,6i 89 hö dísil beinskiptur
Skrd. 5/2011. Ek. 58.000 km.
Verð: 2.350.000 kr.
Afsláttur: 260.000 kr.



Tilboðsverð: 4.290.000 kr.

**Ford Kuga Trend AWD (TIB72)**
2,0TDCi 140 hö dísil sjálfskiptur
Skrd. 5/2011. Ek. 60.000 km.
Verð: 4.780.000 kr.
Afsláttur: 490.000 kr.



Tilboðsverð: 2.990.000 kr.

**Ford Explorer Limited 4x4 (GZE90)**
4,6i V8 291 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 12/2007. Ek. 112.000 km.
Verð: 3.590.000 kr.
Afsláttur: 600.000 kr.



Tilboðsverð: 4.290.000 kr.

**Ford Escape Limited AWD (UZT34)**
2,5i 171 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 7/2011. Ek. 58.000 km.
Verð: 4.790.000 kr.
Afsláttur: 500.000 kr.



Tilboðsverð: 3.490.000 kr.

**Ford Explorer Limited 4x4 (TDR40)**
4,6i V8 290 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 03/2008. Ek. 85.000 km.
Verð: 3.890.000 kr.
Afsláttur: 400.000 kr.



Verð: 990.000 kr.

**Citroën C3 (DH331)**
1,6i 108 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 4/2006. Ek. 82.000 km.
Verð: 990.000 kr.



Verð: 3.350.000 kr.

**Ford Focus Trend (NMS57)**
1,6TDCi 95 hö dísil beinskiptur
Skrd. 3/2012. Ek. 17.000 km.
Verð: 3.350.000 kr.



Tilboðsverð: 3.480.000 kr.

**Porsche Cayenne AWD (OE753)**
3,2i V6 250 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 12/2005. Ek. 112.000 km.
Verð: 3.900.000 kr.
Afsláttur: 420.000 kr.



Tilboðsverð: 1.890.000 kr.

**Subaru Legacy Lux AWD (OT724)**
2,0i 164 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 7/2006. Ekinn. 121.000 km.
Verð: 2.090.000 kr.
Afsláttur: 200.000 kr.



Tilboðsverð: 1.860.000 kr.

**Ford Mondeo Titanium (MZL00)**
2,3i 160 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 8/2008. Ek. 100.000 km.
Verð: 2.270.000 kr.
Afsláttur: 410.000 kr.



Tilboðsverð: 1.290.000 kr.

**Citroën C5 SX (LL625)**
2,0i 143 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 9/2006. Ek. 65.000 km.
Verð: 1.580.000 kr.
Afsláttur: 290.000 kr.

LYKILL
Býður allt að 75% fjármögnun
www.lykill.is

## Komdu í dag

*Virka daga er opið milli kl. 9-17 og milli kl. 12-16 á laugardögum í Brimborg, Bíldshöfða 6 og 8 í Reykjavík og Tryggvabraut 5 á Akureyri.*

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6 og 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050.


SALLY MATTHEWS

## Stórkostleg rödd

TÓNLEIKAR ★★★★☆

**Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands**
Verk eftir Grieg, Mozart, Strauss og Haydn. Einsöngvari: Sally Matthews, stjórnandi: Eivind Aadland.
**HARPA, FÖSTUDAGINN 18. JANÚAR**

Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands á föstudagskvöldið byrjuðu ekkert sérstaklega vel. Á efnisskránni var fyrst Holberg-svítan eftir Grieg sem strengjasveit Sinfóníunnar lék undir stjórn Eivind Aadland. Spilamennskan var stundum ónákvæm. Sumar einleikshendingar voru ómarkvissar og margt í samspilinu fremur loðið og klaufalegt.

Verkið eftir Grieg er í „gömlum stíl“. Það var samið í tilefni 200 ára afmælis norska leikritaskáldsins Ludvigs Holberg. Grieg fannst við hæfi að semja verk í anda tónlistarinnar sem var í tísku þegar Holberg var uppi. Slík tónlist einkennist af formfestu, tærleika og yfirvegun. Það verður að skila sér í flutningnum. Því miður gerði það ekki hér.

Mun meira var varið í næsta atriði. Þá steig fram á sviðið sópransöngkonan Sally Matthews og söng fjórar aríur eftir Mozart. Röddin var stórkostleg. Raddsviðið var óvanalega breitt. Svo breitt að það var erfitt að staðsetja röddina, setja hana í tiltekinn bás. Dýptin var meiri en maður á að venjast hjá sópransöngkonu. Samt var hæðin ótrúlega skær og glæsileg. Svo var túlkunin líka sannfærandi. Söngurinn var tilfinningaþrunginn, en samt léttur, í anda Mozarts.

Hljómsveitin lék mun betur, sérstaklega verður að nefna hornablástur Joseph Ognibene, sem var yfirleitt fallegur. Hornið var í veigamiklu hlutverki í einni aríunni.

Aukalagið var magnað, Morgen eftir Richard Strauss. Matthews söng það af sjaldheyrðri innlifun, draumkenndri fegurð og mýkt sem unaðslegt var að upplifa. Konsertmeistarinn Sif Tulinius, sem átti mikilvægt sóló, stóð sig einnig vel.

Síðast á dagskránni var sinfónía nr. 104 eftir Haydn. Það er mergjað verk, fullt af skemmtilegum hugmyndum sem eru meistaralega vel útfærðar. Þær þróast í alls konar áttir, en samt er rökfestan fullkomin – það gengur allt upp í tónmálinu. Hljómsveitin spilaði ágætlega. Flest var prýðilega samtaka, ólíkir hljóðfærahópar léku af öryggi og fagmennsku. Túlkunin var líka kraftmikil og grípandi, lifandi og fjörleg. Svona á Haydn að hljóma.

Jónas Sen

**NIÐURSTAÐA:** Grieg hefði getað verið betur spilaður, en annað var verulega áhrifamikið. Frábær söngkona.

Reykjalundarkórinn vantar söngfólk.

Reykjalundarkórinn er blandaður kór sem æfir á miðvikudagskvöldum kl. 20 í hátíðarsal Reykjalundar.
Aldrei of seint að byrja, allir velkomnir.
Stjórn Reykjalundarkórsins.
Upplýsingar: Anna Rósa 856 6011 og Kristín 844 3603.

# Allt birt eins og það kom af munni fólks

**Bókin Sögur úr Vesturheimi geymir efni sem hjónin Hallfreður Örn Eiríksson og Olga María Franzdóttir hljóðrituðu meðal Vestur-Íslendinga fyrir fjörutíu árum. Olga María segir bókina geyma magnaðar sögur og miklar heimildir.**

„Við Hallfreður vorum um hálft ár í Íslendingabyggðunum vestan hafs og var alls staðar vel tekið þó ekki vildu alveg allir tala inn á segulband, eins og gengur,“ segir Olga María Franzdóttir. Hún var manni sínum, Hallfreði Erni Eiríkssyni, til aðstoðar við að safna þjóðfræðiefni meðal Vestur-Íslendinga um hálfs árs skeið 1972-1973. Nú er úrval þess komið út á bók, Sögur úr Vesturheimi. Í henni eru frásagnir úr daglegu lífi og af dulrænum fyrirbærum, einnig smáskrýtlur, lausavísur og þættir af einkennilegum mönnum. Stíllinn er þannig að allt er birt eins og það kom af munni fólks. „Það eru magnaðar sögur í þessari bók og miklar heimildir,“ segir Olga. „Flestir viðmælendur okkar voru af annarri kynslóð Vestur-Íslendinga. Þeir lærðu íslensku á æskuheimilinu en sumir voru farnir að blanda ensku saman við, enda flestir komnir á efri ár þegar viðtölin voru tekin og eru allir dánir núna nema ein kona.“

Þau Hallfreður Örn og Olga voru um jól og áramót vestra. „Við vorum á móteli í Vancouver á jólunum en hittum Íslendinga og um áramótin dvöldum við hjá prófessor Ríkharði Bech og konu hans á Viktoruíueyju,“ segir Olga. „Við komum til þeirra á afmæli Hallfreðar 28. desember og Ríkharður spurði þegar hann hitti okkur: Hvað ert þú gamall Hallfreður og hann svaraði: „Ég er nú fjörutíu ára í dag.“ Bech-hjónin efndu til afmælisveislu og Ríkharður gaf Hallfreði bindi sem hann sjálfur hefur ábyggilega fengið í jólagjöf.“

Það var nákvæmlega fjörutíu árum síðar sem bókin Sögur úr Vesturheimi kom út í minningu Hallfreðar Arnar sem lést 17. júlí 2005. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum gaf bókina út en Gísli Sigurðsson sá um útgáfuna. „Gísli er búinn að vinna mikið og gott starf og ég er þakklát honum og öllum sem eiga þátt í þessu verki, bæði lifandi og látnum,“ segir Olga sem tók flestar myndirnar í bókinni. „Ég var bara með kassamyndavél og við vorum með lampa sem við settum í samband til að reyna að lýsa á fólkið. En myndirnar urðu betri en ég þorði að vona.“

Olga er tékknesk og kom hingað til lands sem eiginkona Hallfreðar Arnar 1963, hann hafði farið í þjóðfræðinám til Prag. Hún starfaði í aldarfjórðung á Hagstofu Íslands og hefur líka unnið að þýðingum. „Haraldur Bessason sem var prófessor við Manitóbaháskóla þegar við vorum vestra var okkur mikil hjálparhella. Hann sagði að það hefði aðeins komið fyrir að Vestur-Íslendingar töpuðu enskukunnáttunni þegar þeir fóru að gleyma sér,“ segir Olga og bætir við: „Ég hugsa stundum um það hvenær ég fari að tapa íslenskunni og byrji að tala eintóma tékknesku. Það gæti gerst, en ég hugga mig við að nú starfar svo margt fólk frá slavneskum málsvæðum hér á elliheimilunum að það bjargar mér.“

Þess má geta að hægt er að hlusta á hljóðritanirnar á vef Árnastofnunar: www.arnastofnun.is/sogururvesturheimi.

gun@frettabladid.is


**OLGA MARÍA** „Flestir viðmælendur okkar voru komnir á efri ár þegar viðtölin voru tekin og eru allir dánir núna nema ein kona,“ segir hún.

### Í lífsháska norður á Vatni

„… norður á Vatni, og hann (eiginmaður Ólínu) var þá norður í Morris Landing. Og, og þar kom allt í einu svo mikill stormur og allir bátarnir hleyptu undan. En hann fór ein, hugsaði ekki um annað en að komast heim, heim að, að, að lendingunni, heim að kampnum (verstöð fiskimanna). Hann hafði brída (kynblending) til að vinna fyrir sig og sextán ára dreng. Og brídinn var lagstur niður í vatnið og hættur að ausa. Svo sagðist, sagðist hann hafa barið hann til að gera hann reiðan og reis hann upp til að ausa. Svo sagðist hann hafa sagt við drenginn, sem var íslenskur og var sextán ára, – hann seg-, sagðist hafa sagt við hann: „Varst þú ekki hræddur Frank?“ „Nei, ég sá að þú varst ekki hræddur.““

*Sögn Ólínu Benson Gimli, EF 72/15*

STYRKIR ÚR HÚSVERNDARSJÓÐI REYKJAVIKURBORGAR

Húsverndarsjóður Reykjavíkur auglýsir eftir umsóknum um styrki til viðgerðar og endurgerðar á byggingum í Reykjavík sem hafa sérstakt varðveislugildi af listrænum eða menningarsögulegum ástæðum.

Eftirtaldar upplýsingar skulu koma fram í umsókn:

1. Lýsing á fyrirhuguðum framkvæmdum.
2. Tímaáætlun.
3. Kostnaðaráætlun.
4. Ljósmyndir af húsinu eins og það er nú og eldri ljósmyndir ef þær eru til.

Frekari upplýsingar eru veittar í Húsverndarstofu í Árbæjarsafni sem opin er á miðvikudögum frá kl. 16-18 og í síma 411 6333 á sama tíma.

Umsóknum skal skila á þar til gerðu eyðublaði sem er að finna á vef Umhverfis- og skipulagssviðs, www.skipbygg.is og vef Minjasafns Reykjavíkur www.minjasafnreykjavikur.is. Umsóknareyðublöð liggja einnig frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar í Borgartúni 12-14.

Umsóknir skulu berast Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, eða rafrænt á netfangið: skipulag@reykjavik.is, í síðasta lagi 15. febrúar 2013.

Vakin er athygli á því að styrkir sem úthlutað var 2012 og ekki hafa verið nýttir eru fallnir niður.


*Hús sem fékk viðurkenningu 2012 fyrir vel heppnaðar endurbætur.*

Reykjavíkurborg


KFC
VEISLU-
VIKA
22.-29.
janúar
10 kjúklinga-
bitar,
stór
skammtur
af frönskum
& 2 lítra
gos
3.290
kr.
Kentucky
Fried
Chicken
PIPAR \ TBWA • SÍA • 130223
svooogott™
FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI
WWW.KFC.IS

DRAUMARÚM

30-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM RÚMUM

# TRYGGIR ÞÉR GÓÐAN SVEFN

**Rafmagnsrúm á verði frá 190.049**



12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing **16.732**

**Tvíbreið heilsurúm á verði frá 129.360**



12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing **11.497**

**JANÚARTILBOÐ: Tökum gamla rúmið uppí nýtt!**



## FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Mesta úrval landsins af heilsudýnum.

Heilsudýnur í öllum stærðum - úr öllum efnum.

Eini aðilinn á íslandi sem býður uppá legugreiningu

## Janúartilboð á arineldstæðum 20-65% afsláttur







– Mikið úrval af eldstæðum –

## ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

HANDBALL 2013

## 16 LIÐA ÚRSLIT

**ÚRSLIT**

| | |
|---|---|
| Slóvenía - Egyptaland | 31-26 (19-11) |
| Serbía - Spánn | 20-31 (12-20) |
| Króatía - Hv. Rússland | 33-24 (21-9) |
| Ungverjaland - Pólland | 27-19 (10-9) |

**FJÓRÐUNGSÚRSLITIN**

Danmörk - Ungverjaland
Frakkland - Króatía
Þýskaland - Spánn
Rússland - Slóvenía
Leikirnir fara fram á morgun.

**ENSKA ÚRVALSDEILDIN**

**SOUTHAMPTON - EVERTON 0-0**
Everton er í fimmta sæti deildarinnar með 38 stig en Southampton í fimmtánda sæti með 23 stig. Þetta var lokaleikur 23. umferðar.



**MARKAHRÓKUR** Aron Jóhannsson í leik með AGF. MYND/BADENFOTO.DK

# Lech Poznan vill fá Aron

**FÓTBOLTI** Pólska blaðið Glos Wielkopolski hefur heimildir fyrir því að pólska félagið Lech Poznan ætli að kaupa íslenska framherjann Aron Jóhannsson frá danska félaginu AGF. Aron hefur spilað vel með danska félaginu og er annar af markahæstu leikmönnum deildarinnar.

Aron Jóhannsson hefur skorað 14 mörk í 18 deildarleikjum með AGF á þessu tímabili en danska deildin er nú í vetrarfríi. Glos Wielkopolski segir að Aron sé metinn á 450 þúsund evrur en það gera rúmlega 77 milljónir íslenskra króna. Blaðið segir að það séu talsverðar líkur á því að Aron verði tilkynntur sem nýr leikmaður Lech Poznan í þessari viku. - óój



**HJARTA ÍSLENSKU VARNARINNAR** Vignir Svavarsson og Sverre Jakobsson voru flottir á HM á Spáni. Vignir var besti maðurinn að mati Fréttablaðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Vignir besti maður liðsins

Fréttablaðið fer í dag yfir frammistöðu leikmanna íslenska landsliðsins í handbolta á HM í handbolta á Spáni. Heims- og Ólympíumeistarar Frakka slógu íslenska liðið út úr 16-liða úrslitunum í fyrrakvöld.

**HANDBOLTI** Fyrsta stórmóti íslenska landsliðsins í handbolta undir stjórn Arons Kristjánssonar lauk fyrr en flestir höfðu vonað. Liðið getur vissulega kennt einhverjum um að hafa verið fórnarlamb aðstæðna í A-riðlinum sem þýddi að Frakkar urðu mótherjar liðsins í sextán liða úrslitunum í stað Þýskalands, Brasilíu eða Túnis.

Frakkarnir voru einfaldlega númeri of stórir fyrir íslensku strákana sem stóðu sig samt mjög vel og stríddu frönsku vélinni sem landaði að lokum naumum sigri eftir spennuleik.

Það reyndi svo sannarlega mikið á Aron þjálfara á fyrsta móti. Það er ekki auðvelt að taka við af Guðmundi Guðmundssyni, sigursælasta þjálfara Íslands frá upphafi, en að auki missti liðið lykilmenn eins og Alexander Petersson og Arnór Atlason auk þess sem Ólafur Stefánsson gaf ekki kost á sér.

Miklar breytingar urðu á vörninni og hægri skyttustaðan var nánast skilin eftir bitlaus. Endurskipulagning varnarinnar tókst vel og sóknarleikurinn batnaði með hverjum leik þrátt fyrir afar lítið framlag úr hægri skyttustöðunni, einni af bestu stöðum landsliðsins í mörg ár.

Ásgeir Örn Hallgrímsson fékk það stóra próf að taka við af Ólafi og Alexander. Hann stóð sig vel varnarlega og á mikið í velgengni liðsins þar en kolféll hins vegar sóknarlega og fyrir vikið var ójafnvægið mikið í uppstilltum sóknarleik íslenska liðsins.

Blaðamenn Fréttablaðsins hafa valið Vigni Svavarsson besta leikmann íslenska liðsins á mótinu en hann kom mjög sterkur inn í íslensku vörnina í forföllum Ingimundar Ingimundarson og Alexanders Peterssonar.

Það var einkum innkoma Vignis sem gerði það að verkum að glæný vörn íslenska liðsins varð svona árangursrík. Vignir tókst að margra mati alltof fá tækifæri í liðinu undir stjórn Guðmundar Guðmundssonar en sýndi mátt sinn og megin í þessum sex leikjum á Spáni.

Þá má ekki gleyma framlagi Vignis í hraðaupphlaupunum en hann var með 11 mörk og 7 stoðsendingar án þess að spila sóknarleikinn.

Fleiri leikmenn stóðu sig mjög vel, aðrir skiluðu sínu en nokkrir þurfa að spila betur ætli landsliðið sér að komast lengra. Hér á síðunni má sjá dóma Fréttablaðsins yfir frammistöðu strákanna okkar á Spáni.

ooj@frettabladid.is

## Frammistaðan á HM 2013

**FRÁBÆRIR**

Vignir Svavarsson 11 mörk (73 prós. skotnýting)

Fékk miklu meiri ábyrgð í vörninni og blómstraði við hlið Sverre. Kappsamur, baráttuglaður og einnig fremstur í flokki í hraðaupphlaupum liðsins.

**MJÖG GÓÐIR**

| | |
|---|---|
| Aron Pálmarsson | 24 mörk (46 prósent) |
| Sverre Jakobsson | 0 skot, 9 stolnir, 3 varin skot |

Sverre stjórnaði íslensku vörninni af myndarskap og Aron var aðalógnun liðsins í sóknarleiknum. Aron var of æstur í byrjun en fann svo taktinn og átti margar gullfallegar stoðsendingar í viðbót við frábær heimsklassamörk.

**TRAUSTIR**

| | |
|---|---|
| Guðjón Valur Sigurðsson | 41 mark (59 prósent) |
| Snorri Steinn Guðjónsson | 17 mörk (50 prósent) |
| Kári Kristjánsson | 15 mörk (71 prósent) |

Snorri Steinn og Guðjón Valur fengu enn meiri ábyrgð og stóðust hana með glæsibrag. Guðjón hefur oft nýtt dauðafærin betur en skilaði sínu og Snorri spilaði betur með hverjum leik. Kári átti flotta innkomu á línuna í fjarveru Róberts.

**STÓÐU SIG VEL**

| | |
|---|---|
| Arnór Þór Gunnarsson | 13 mörk (77 prósent) |
| Þórir Ólafsson | 27 mörk (73 prósent) |
| Björgvin Páll Gústavsson | 62/3 varin (35 prósent) |

Þórir og Arnór skiluðu sínu vel í hægra horninu og Arnór stimplaði sig virkilega inn. Björgvin Páll átti nokkra mjög góða leiki í markinu en datt niður inn á milli.

**KOMNIR Á LANDSLIÐSKORTIÐ**

| | |
|---|---|
| Ólafur Gústafsson | 12 mörk (50 prósent) |
| Aron Rafn Eðvarðsson | 31/2 varin (37 prósent) |

Ólafur og Aron Rafn sýndu að þeir eru komnir til að vera í íslenska landsliðshópnum á næstu árum. Ólafur gerði sig reyndar sekan um nokkur dýrkeypt mistök en sýndi flott tilþrif inn á milli.

**FENGU OF LÍTIL HLUTVERK Á MÓTINU**

| | |
|---|---|
| Ernir Hrafn Arnarson | 2 mörk (50 prósent) |
| Fannar Þór Friðgeirsson | 3 mörk (100 prósent) |
| Stefán Rafn Sigurmannsson | 5 mörk (72 prósent) |
| Róbert Gunnarsson (meiddur) | 1 mark (33 pró.) |



ARON PÁLMARS



SNORRI STEINN



GUÐJÓN VALUR



KÁRI KRISTJÁNS

**NÁÐU EKKI PRÓFINU**

| | |
|---|---|
| Ásgeir Örn Hallgrímsson | 10 mörk (40 prósent) |
| Ólafur Guðmundsson | 0 mörk (0 prósent) |

Ásgeir Örn var skilinn eftir í djúpu lauginni og átti að fylla í skarð tveggja heimsklassa manna (Ólafur Stefánsson og Alexander Petersson). Ásgeir skilaði sínu varnarlega en var skelfilegur sóknarlega. Hann nýtti meðal annars aðeins 2 af 13 langskotum sínum í alvöru leikjunum (Rússland, Makedónía, Danmörk og Frakkland) og var þá með fleiri tapaða bolta (12) en mörk (5) + stoðsendingar (5).

Ólafur Guðmundsson var tekinn út úr hópnum eftir tvo leiki.



ÓLAFUR GÚSTAFS



ÁSGEIR ÖRN



ARNÓR ÞÓR

# EM haldið á Íslandi

Ísland ver titla sína í hópfimleikum hér á landi.

**FIMLEIKAR** Fimleikasamband Íslands tilkynnti í gær að Evrópumeistaramótið í hópfimleikum verður haldið hér á landi í október á næsta ári. Fimleikasambandið sendi inn boð um að fá mótið og staðfesti Fimleikasamband Evrópu í gær að það hafi verið samþykkt.

Ísland hefur fagnað sigri í kvennaflokki á síðustu tveimur Evrópumeistaramótum og þá vann unglingasveit kvenna einnig sigur í sínum flokki þegar mótið fór fram í Árósum í Danmörku í haust.

Samkvæmt tilkynningu Fimleikasambands Íslands er von á 700-1000 keppendum frá 15-20 löndum og að tekjur af mótinu, beinar og óbeinar, verði mögulega um hálfur milljarður króna.

Hópfimleikar nefnast á ensku TeamGym og eru ein af sjö greinum Fimleikasambands Evrópu. Íþróttin á þó ekki aðild að Alþjóðafimleikasambandinu en vonast er til að það breytist með ört vaxandi uppgangi hópfimleika víða um heim. Fyrsta Evrópumeistaramótið var haldið árið 1996. - esá


## Aðalfundur

Aðalfundur Skotveiðifélags Íslands - SKOTVÍS - árið 2013, verður haldinn mánudaginn 4. febrúar n.k. 20:00 í húsnæði Verkís Ármúla 4 í Reykjavík.

Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf.

Fyrir fund, kl 19:30 verður dr. Arnór Þórir Sigfússon með stutt erindi um stöðu gæsastofna á Íslandi.

Félagsmenn SKOTVÍS hvattir til að mæta.

*Stjórn Skotvís*

SKOTVEIÐIFÉLAG ÍSLANDS
LANDSSAMTÖK UM SKYNSAMLEGA SKOTVEIÐI



LYFJA
– Lífið heil




+20% afsláttur af Nicorette QuickMist munnholsúða
+15% afsláttur af öllu Nicorette fruitmint

www.lyfja.is

Lægra verð í Lyfju

Gildir út janúar.




ALLIR LA-Z-BOY STÓLAR ERU NÚ Á 20% AFSLÁTTARTILBOÐI

## VERÐ FRÁ 71.992 KR.

★ LA-Z-BOY®

**Hinn eini sanni!**

LA-Z-BOY er hágæða vörumerki, þar sem þægindi, notagildi og ending fara saman. Upplifðu hvíld á nýjan hátt og færðu þægindi inn á þitt heimili með LA-Z-BOY. LA-Z-BOY er eini stóllinn í heiminum sem hefur 18 mismunandi hægindastillingar. LA-Z-BOY er skrásett vörumerki og fæst eingöngu í Húsgagnahöllinni.




LA-Z-BOY®

**ASPEN** La-z-boy stóll. Svart, vínrautt, brúnt eða ljóst leður.
B:80 D:85 H:102 cm.




LA-Z-BOY®

**NORMAN** La-z-boy stóll. Brúnt áklæði.
B:74 D:70 H:103 cm.




LA-Z-BOY®

**PINNACLE** La-z-boy stóll. Svart, ljóst eða brúnt leður.
B:80 D:85 H:104 cm.

**HÚSGAGNAHÖLLIN**

HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 558 1100 **OPIÐ** Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-16

# DAGSKRÁ

## Stöð 2 kl. 20.05
### Modern Family

Það verður mikið fjör í gamanþáttaröðinni Modern Family á Stöð 2 í kvöld. Haley er handtekin fyrir að vera undir áhrifum áfengis og foreldrarnir fara í hendingskasti á lögreglustöðina með lögfræðingi fjölskyldunnar, Mitchell. Á meðan þarf Cameron að passa Alex og Luke.



## Í KVÖLD



### The Good Wife

**SKJÁR 1 KL. 21.00** Það er alltaf nóg um að vera hjá eiginkonunni góðu, Aliciu Florrick, og félögum hennar á lögfræðistofunni. Í þætti kvöldsins þarf að grípa til varna fyrir forstjóra fyrirtækis sem virðist hafa óhreint mjöl í pokahorninu.

76/100 IMDb 8,0



### Lilyhammer

**RÚV KL. 21.10** Frank Tagliano er glæpamaður frá New York sem fer í felur til Lillehammer í Noregi eftir að hafa borið vitni gegn fyrrum félögum sínum. Í þætti kvöldsins fer hann í samstarf með viðskiptamanninum Julius Backe og þeir ráðast í að byggja nýjar lúxusblokkir.

62/100 IMDb 8,2



### Burn Notice

**STÖÐ 2 KL. 21.35** Michael og Fi þykjast vera hjón fyrir verkefni á vegum CSI. Á sama tíma fá Sam og Jesse hjálp til að komast að Tavian, útsendaranum sem kom sök á Michael á sínum tíma. Skuldadagarnir virðast því nálgast óðum.

69/100 IMDb 7,7

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar **1 06.**40 Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Norðurslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Fyrr og nú **14.00** Fréttir **14.03** Tónleikur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Nafnlausir vegir **15.25** Tungubrjótur **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Tríó **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Okkar á milli **21.10** Hvað er málið? **21.40** Íslendingasögur **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Fimm fjórðu **23.15** Kvika **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.55 Íslenski boltinn** *(e)*
**16.30 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)* Þýsk þáttaröð um ástir og afbrýði eigenda og starfsfólks á Hótel Fürstenhof.
**17.20 Teitur**
**17.30 Sæfarar**
**17.40 Skúli skelfir**
**17.52 Hanna Montana** *(e)*
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Nigella í eldhúsinu** *(11:13) (e)*
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Landsmót hestamanna** Í þættinum er fylgst með mannlífi og keppni á landsmóti hestamanna sem fram fór í Víðidal í fyrrasumar. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
**20.35 Djöflaeyjan** Fjallað verður um leiklist, kvikmyndir og myndlist með upplýsandi og gagnrýnum hætti.
**21.10 Lilyhammer** *(3:8) (Lilyhammer)* Norskur myndaflokkur. Meðal leikenda eru Steve Van Zandt úr Soprano-fjölskyldunni, Marian Saastad Ottesen og Trond Fausa.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Leynimakk** *(3:4) (Hidden)* Breskur sakamálaflokkur. Lögmaður sogast inn í samsærismál sem tengist dauða bróður hans 20 árum áður og teygir anga sína inn í breska stjórnmálakerfið. Meðal leikenda eru Philip Glenister, Thekla Reuten, Anna Chancellor og David Suchet. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.20 Neyðarvaktin** *(2:22) (e)*
**00.05 Kastljós** *(e)*
**00.30 Fréttir**
**00.40 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**09.45 Come See The Paradise**
**11.55 The Last Mimzy**
**13.30 Date Night**
**14.55 Come See The Paradise**
**17.05 The Last Mimzy**
**18.40 Date Night**
**20.10 Amelia**
**22.00 Seven**
**00.05 The Mist**
**02.10 Amelia**
**04.00 Seven**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm In the Middle** *(12:22)*
**08.30 Ellen** *(79:170)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(66:175)*
**10.15 The Wonder Years** *(10:22)*
**10.40 How I Met Your Mother** *(23:24)*
**11.05 Fairly Legal** *(6:13)*
**11.50 The Mentalist** *(17:24)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 The X-Factor** *(3:27) (4:27)*
**15.10 Sjáðu**
**15.40 iCarly** *(33:45)*
**16.05 Barnatími Stöðvar 2**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** *(80:170)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Big Bang Theory** *(5:23)*
**19.40 The Middle** *(19:24)*
**20.05 Modern Family** *(7:24)*
**20.25 How I Met Your Mother** *(6:24)*
**20.50 Chuck** *(13:13)* Chuck var óskópvenjulegur nörd sem lifði afar óspennandi lífi allt þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA.
**21.35 Burn Notice** *(11:18)* Fimmta þáttaröð um njósnarann Michael Westen, sem var settur á brunalistann hjá CIA en er smám saman að vinna sig aftur upp.
**22.20 The League** *(3:6)* Bandarísk gamanþáttaröð um nokkra vini sem hafa ódrepandi áhuga á amerískum fótbolta.
**22.45 The Daily Show: Global Editon** *(2:41)* Spjallþáttur með Jon Stewart þar sem engum er hlíft.
**23.10 New Girl** *(12:22)*
**23.35 Up All Night** *(24:24)*
**00.00 Grey's Anatomy** *(9:24)*
**00.45 Touch** *(12:12)*
**01.30 American Horror Story** *(10:12)*
**02.15 Rizzoli & Isles** *(3:15)*
**03.00 Introducing the Dwights**
**04.45 Modern Family** *(7:24)*
**05.10 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Þorsteinn J. og gestir** Þorsteinn J. og gestir hita upp fyrir leikina á HM í handbolta.
**16.25 HM 2013: 16 liða úrslit**
**17.45 HM 2013: 16 liða úrslit**
**19.05 Þorsteinn J. og gestir**
**19.35 Enski deildabikarinn: Aston Villa - Bradford** BEINT frá undanúrslitum enska deildabikarins. Þetta er síðari viðureign liðanna en Bradford sigraði, 3-1, í fyrri leiknum.
**21.40 Spænsku mörkin**
**22.10 Icelandic Fitness and Health Expó**
**22.40 Enski deildabikarinn. Aston Villa - Bradford**

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Southampton - Everton**
**14.45 West Ham - QPR**
**16.25 Man. City - Fulham**
**18.05 Premier League Review Show 2012/13** Sýndar eru svipmyndir frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**19.00 Chelsea - Arsenal**
**20.40 Tottenham - Man. Utd.**
**22.20 Football League Show 2012/13** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í næstefstu deild enska boltans.
**22.50 Sunnudagsmessan**
**00.05 Liverpool - Norwich**

## STÖÐ 2 krakkar

**07.00 Kalli litli kanína og vinir**
**07.20 Áfram Diego, áfram!**
**07.45 Waybuloo**
**08.30 Svampur Sveinsson**
**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 UKI**
**09.10 Elías**
**09.20 Strumparnir**
**09.45 Lukku láki**
**10.10 Ofurhundurinn Krypto**
**10.35 Histeria!**
**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**
**17.00 Villingarnir**
**17.20 Ofurhetjusérsveitin**
**17.45 M.I. High**

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan** *(6:22)* Fjölskyldan fær boð um að eyða helgi á heilsuhæli og þar reynir eitthver að myrða Hómer. Löggan fær Sideshow Bob til aðstoðar við að elta uppi tilræðismanninn.
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Gossip Girl** *(5:22)*
**18.35 Game Tíví**
**19.00 Friends** Það er komið að fyrsta afmælisdeginum hennar Emmu og Rachel leggur mikið í veisluna.
**19.20 How I Met Your Mother** *(19:24)*
**19.45 Simpson-fjölskyldan**
**20.10 The Glee Project** *(1:12)* Önnur þáttaröðin af þessum frábæru þáttum sem ganga út á það að finna og þjálfa upp ótrúlega hæfileikaríkt ungt fólk sem keppir svo um gestahlutverk í einni vinsælustu þáttaröð síðari tíma, Glee.
**20.55 FM 95BLÖ** Skemmtiþáttur þar sem við fáum að sjá allt það helsta sem gerðist í dag í útvarpsþættinum FM95BLÖ.
**21.15 Hellcats** *(1:22)* Dramatískir gamanþættir þar sem við fáum að skyggnast inn í keppnisfullan heim klappstýra og vinskap þeirra á milli.
**21.55 Smallville** *(5:22)* Áttunda þáttaröðin um ofurmennið Superman á unglingsárum. Clark Kent heldur áfram að berjast við ill öfl sem ógna honum og framtíð heimsins.
**22.40 Game Tíví**
**23.05 The Glee Project** *(1:12)*
**23.50 FM 95BLÖ**
**00.10 Hellcats** *(1:22)*
**00.55 Smallville** *(5:22)*
**01.40 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## STÖÐ 2 GULL

**18.15 Doctors** *(118:175)*
**19.00 Ellen** *(80:170)*
**19.40 Mr. Bean**
**20.05 The Office** *(6:6)*
**20.35 Gavin and Stacy** *(7:7)*
**21.10 Spaugstofan** *(1:22)*
**21.35 Mr. Bean**
**22.00 The Office** *(6:6)*
**22.30 Gavin and Stacy** *(7:7)*
**23.00 Spaugstofan** *(1:22)*
**23.25 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray**
**08.45 Dr. Phil**
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**15.35 Kitchen Nightmares** *(13:17)*
**16.25 Rachael Ray**
**17.10 Dr. Phil**
**17.50 Family Guy** *(3:16)*
**18.15 Parks & Recreation** *(11:22) (e)*
**18.40 30 Rock** *(22:22) (e)*
**19.05 Everybody Loves Raymond** *(e)*
**19.30 Hæ Gosi** *(3:8)* Endursýningar frá upphafi.
**19.55 Will & Grace** *(12:24) (e)*
**20.20 Necessary Roughness** *(7:16)* Bráðskemmtilegur þáttur um sálfræðinginn Danielle og frumleg meðferðarúrræði hennar. Dani aðstoðar keppanda sem stamar í stafsetningarkeppni á meðan TK horfist í augu við vandamál sem hann taldi að væri úr sögunni.
**21.10 The Good Wife** *(9:22)* Góða eiginkonan Alicia Florrick snýr aftur í fjórðu þáttaröðinni af The Good Wife.
**22.00 Elementary** *(3:24)* Vinsælir bandarískir þættir sem fjalla um besta einkaspæjara veraldar, sjálfan Sherlock Holmes. Honum til halds og trausts er Dr. Watson sem að þessu sinni er kona. Söguslóðið er New York borg nútímans.
**22.50 Málið** *(3:6) (e)*
**23.40 HA?** *(2:12) (e)*
**00.30 CSI** *(3:22) (e)*
**01.20 Excused**
**01.45 The Good Wife** *(9:22) (e)*
**02.35 Elementary** *(3:24) (e)*
**03.25 Everybody Loves Raymond** *(e)*
**03.50 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.10** Humana Challenge **2013** *(1:4)* **10.10** Golfing World **11.00** Humana Challenge **2013** *(2:4)* **14.00** Abu Dhabi Golf Championship *(3:4)* **18.00** Golfing World **18.50** PGA Tour - Highlights *(3:45)* **19.45** Abu Dhabi Golf Championship *(4:4)* **22.00** Golfing World **22.50** PGA TOUR Year-in-Review **2012** *(1:1)* **23.45** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Svartar tungur **21.30** Græðlingur

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun





Egill Árnason™
STÓRÚTSALA
Við erum flutt
að Suðurlandsbraut 20
Egill Árnason Suðurlandsbraut 20 108 Reykjavík Sími: 595 0500 www.egillarnason.is
Opnunartímar: Mánudaga - föstudaga kl. 9 - 18 og laugardaga kl. 11 - 15

## SJÓNVARPSÞÁTTURINN



**„Girls. Því það er þáttur sem fjallar um alvöru stelpur.“**

Björg Magnúsdóttir, dagskrárstjóri Stúdentakjallarans.

# Mjög góðar viðtökur á Sundance

### Endurgerð Á annan veg fær góða dóma í Variety og Hollywood Reporter.

Kvikmyndin Prince Avalanche, sem er endurgerð myndarinnar Á annan veg, fékk mjög góðar viðtökur þegar hún var frumsýnd á Sundance-hátíðinni í Utah á sunnudaginn.

Mikill áhugi er meðal dreifingaraðila á að sýna myndina víða um heim og uppselt er á allar sýningar hennar á Sundance.

Viðstaddir frumsýninguna voru Hafsteinn Gunnar Sigurðsson, leikstjóri Á annan veg, og fjórir íslenskir framleiðendur myndarinnar. Einnig voru þar staddir David Gordon Green, leikstjóri endurgerðarinnar, og Hollywood-stjörnurnar Paul Rudd og Emile Hirsch sem leika aðalhlutverkin. Framleiðendur Prince Avalanche voru einnig viðstaddir sýninguna, þar á meðal Danny McBride, aðalleikari sjónvarpsþáttanna vinsælu Eastbound And Down.

Prince Avalanche hefur fengið góða dóma í hinum virtu kvikmyndatímaritum Variety og Hollywood Reporter. Í dómi Variety segir að hin yndislega lágstemmda Á annan veg hafi verið víkkuð út og sé jafnvel enn skemmtilegri í þessari endurgerð. Samleikur Rudd og Hirsch sé góður og myndin sé ánægjuleg karakterstúdía. Blandan af gríni og alvöru ætti að tryggja myndinni góða dóma og þá aðsókn sem hún á skilið.

Í Hollywood Reporter segir að leikstjórinn David Gordon Green hafi tekið sér hlé frá stærri verkefnum og snúið aftur í ræturnar með þessari afar vel gerðu mynd um skrítið tvíeyki sem veltir fyrir sér ýmsum tilvistarlegum spurningum. - fb



**Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP** Hafsteinn Gunnar Sigurðsson ásamt Paul Rudd (annar frá vinstri), leikstjóranum David Gordon Green (lengst til hægri) og eins af aðstandendum myndarinnar.




# Heillaði Breta með íslensku uppistandi

### Snjólaug sigraði í undankeppni einnar stærstu uppistandskeppni Bretlands.

„Ég gerði aðallega grín að sjálfri mér, en svo tók ég kreppuna á Íslandi líka fyrir og skaut á Icesave. Bretarnir tóku því alls ekki illa og hlógu að bröndurunum um að við hefðum stolið peningunum þeirra,“ segir Snjólaug Lúðvíksdóttir uppistandari.

Snjólaug tók á dögunum þátt í uppistandskeppninni Laughing Horse í London þar sem leitað er að besta nýliða ársins. Hún sigraði í sínum riðli í undankeppninni og er því komin áfram í aðra umferð ásamt rúmlega 350 öðrum, en um 1.500 manns skráðu sig til leiks í upphafi. Snjólaug hefur aldrei áður tekið þátt í uppistandskeppni og reyndar hafði hún aldrei verið með uppistand áður en hún tók þátt í keppninni. „Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á uppistandi og horfi mikið á það, en hef aldrei þorað að prófa sjálf. Svo sá ég þessa keppni auglýsta og ákvað að slá til. Mér fannst svo táknrænt að byrja nýja árið á því að hlaupa svona út úr þægindahringnum,“ segir hún og hlær. „Þetta gekk í það minnsta vel í fyrstu tilraun, en maður veit ekki hvað gerist hér eftir. Mér fannst þetta rosalega skemmtilegt og gæti alveg hugsað mér að leggja þetta fyrir mig í meiri mæli í framtíðinni,“ bætir hún við.

Þegar Snjólaug skráði sig til keppni var hún ekki með neitt efni tilbúið til að nota í uppistandið, svo hún þurfti að setjast niður og byrja að skrifa. „Ég fékk fjórar mínútur á sviðinu en þegar ég byrjaði að skrifa komst ég á algjört flug og endaði með efni fyrir þrjátíu mínútna uppistand, svo ég þurfti að velja úr,“ segir hún.

Þær eru fáar íslensku konurnar sem hafa lagt fyrir sig uppistand og raunar eru töluvert fleiri karlmenn í bransanum á heimsvísu. Aðspurð segist Snjólaug hafa lesið að karlmenn væru almennt viljugri til að gera sig að fífli en konur. „Við stelpurnar getum samt verið algjör fífl líka, það er alveg á tæru.“

Snjólaug flutti til London fyrir þremur árum til að leggja stund á nám í skapandi skrifum. Síðan hún kláraði námið hefur hún verið að vinna þar ytra og er nú að undirbúa tökur á stuttmynd sem hún skrifaði og hlaut styrk fyrir frá Evrópusambandinu. Á meðan kvikmyndagerðin er í undirbúningi vinnur hún svo fyrir sér sem þýðandi. „Svona til að eiga fyrir leigunni,“ segir hún hlæjandi.

tinnaros@frettabladid.is



**FYNDIN STELPA** Snjólaug hefur alltaf haft gaman af uppistandi.

## Virt keppni og til mikils að vinna

Keppnin sem Snjólaug tók þátt í er hluti af Laughing Horse-batteríinu sem var fyrst stofnað árið 1998 og er risastórt í grínheiminum í Bretlandi. Þetta er hálfgert grínfélag sem heldur uppistandskvöld á klúbbum um alla London, í Brighton og víðar á Bretlandseyjum. Félagið býður einnig upp á námskeið í uppistandi og hefur uppistandara á sínum snærum sem hægt er að bóka í alls kyns viðburði og veislur.

Keppnin sem Snjólaug er þátttakandi í, Laughing Horse New Act of the Year Competition, hefur verið haldin árlega frá árinu 2001 og er mjög virt í heimi uppistandara. Mörg þekkt nöfn hafa stigið sín fyrstu skref í keppninni og má þar meðal annars nefna uppistandarana Greg Davies og Russell Kane sem eru báðir vel þekktir innan bransans.

Til mikils er að vinna. Auk þess sem sigur í keppninni leiðir af sér mikla eftirspurn og launaða vinnu þá hlýtur sigurvegarinn verðlaun að verðmæti hátt í eina milljón króna. Þar á meðal er ávísun upp á 2.000 pund, sem samsvarar rúmum 400.000 íslenskra króna.




# Saffran opnar í Hafnarfirðinum

### Tveir nýir Saffran-veitingastaðir opna í Bæjarhrauni og á Bíldshöfða á næstunni.

„Við höfum fengið fjölda áskorana frá íbúum á þessu svæði um að opna Saffran og stækka þannig þjónustusvæði Saffran-veitingastaðanna,“ segir Jóhann Þórarinsson hjá FoodCo.

Nýr Saffran-veitingastaður verður opnaður í Bæjarhrauni í Hafnarfirði í mars eða apríl þar sem Landsbankinn var áður til húsa. Einnig er fyrirhugað að opna síðar um vorið annan stað á Bíldshöfða í Reykjavík, rétt fyrir neðan Húsgagnahöllina, þar sem Stilling var áður til húsa.

FoodCo keypti rekstur Saffranstaðanna á Íslandi fyrir um ári. Þrír staðir eru starfræktir á höfuðborgarsvæðinu: Einn í Glæsibæ, annar á Dalvegi í Kópavogi og sá þriðji á N1 á Ártúnshöfða.

Saffran hefur getið sér gott orð fyrir heilsusamlega rétti úr íslensku hráefni, með austurlensku ívafi.

Jóhann segir bjarta tíma fram undan hjá fyrirtækinu. „Við höfum fundið fyrir miklum meðbyr á þeim Saffran-stöðum sem við erum með í rekstri í dag. Gengið á síðasta ári var gríðarlega gott og það eru mjög spennandi tímar fram undan og mikið af tækifærum.“ - fb



**SAFFRAN** Veitingastaðurinn Saffran verður opnaður í Hafnarfirði og á Bíldshöfða á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

30.000 HAFA NÚ NÁÐ SÉR Í DOMINO'S APPIÐ

# APPDRÆTTI DOMINO'S!




Við fögnum þessum frábæra áfanga og bjóðum þér að taka þátt í **Appdrætti Domino's** út vikuna. Það eina sem þú þarft að gera er að panta með appinu eða á dominos.is, þú gætir unnið glæsilegan vinning. **Pantaðu núna!**

## VINNINGAR

**1** Samsung Galaxy SIII
**15** pizzuveislur
**25** Domino's körfuboltar

**Dregið verður mánudaginn 28. janúar og haft samband við vinningshafa**

**VERTU MEÐ!**
**22.–27. janúar**

**ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ**
**DOMINO'S**
**1.000 KR.**
ÞEGAR ÞÚ SÆKIR MIÐSTÆRÐ AF PIZZU MEÐ ÞREMUR ÁLEGGSTEGUNDUM

FÍTON / SÍA

Available on the App Store
Google play

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
Póstdreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060
FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Liggja ekki á liði sínu



Edduverðlaunin, uppskeruhátíð sjónvarps- og kvikmyndafólks, verða afhent 16. febrúar. Alls voru eitt hundrað kvikmynda- og sjónvarpsverk send inn til Eddunnar í ár en innsendingarfrestur rann út fyrir hálfum mánuði. Eins og fyrri ár er hefur framleiðslufyrirtækið Saga Film veg og vanda af skipulagningu hátíðarinnar. Þar er í ýmis horn að líta, til dæmis þarf að finna fólk til að afhenda sigurvegurum kvöldsins verðlaunagripina. Það verður þó líklega létt verk og löðurmannlegt; fregnir herma að framleiðslufyrirtækinu hafi borist fjöldi tölvuskeyta frá fólki úr bransanum sem vill gjarnan leggja hátíðinni lið og afhenda styttur og láta sumir jafnvel fylgja með ítarlegan rökstuðning um hvers vegna þeir væru heppilegir í það hlutverk.

### Fögnuðu frumsýningu á Kalda bar

Kvikmyndin XL var frumsýnd í Kringlubíói á föstudagskvöld. Myndin er fyrsta íslenska kvikmyndin sem frumsýnd er á árinu og fjallar um örlagatíma í ævi þingmanns sem er skikkaður í meðferð. **Ólafur Darri Ólafsson** fer með hlutverk þingmannsins en **María Birta Bjarnadóttir** leikur ástkonu hans. Aðstandendur myndarinnar færðu sig svo úr Kringlubíói á Kalda bar á Klapparstíg eftir frumsýninguna, þar sem María, Ólafur og félagar fögnuðu fram eftir nóttu.

- kg, þeb



## Mest lesið vísir

1 Riddari götunnar lést eftir árás
2 Langaði að geta kysst börnin sín góða nótt
3 Snæfríður Baldvinsdóttir bráðkvödd
4 Hengdir í almenningsgarði öðrum til varnar
5 Rændi bíl af öldruðum manni með ofbeldi – lést örfáum dögum síðar
6 Tilræðið sagt sviðsett







